BOOT CAMP
*Líkamsþjálfun í formi herþjálfunar*
heilsa
allt Í MIÐJU BLAÐSINS



SIGURÐUR PÁLMASON
*Fetar í fótspor föður síns*
Hefur samið lög frá 13 ára aldri
FÓLK 34



BIRNA ÞÓRARINSDÓTTIR
*Horfir á útrásina gegnum kynjagleraugu*
Jeppar og jakkaföt eru birtingarmynd
MENNING 25



FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT

21. febrúar 2006 — 51. tölublað — 6. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000

### Kynntist konunni í Kópunum



Skátafélagið Kópar er 60 ára. Þorvaldur J. Sigmarsson hefur verið félagi í 47 ár.

TÍMAMÓT 32

### Allt í plati?

Ingu Rósu Þórðardóttur finnst illa komið fyrir þeim karlmönnum sem finnst fígúra í leikriti eftirsóknarverðari en raunveruleg kona.

Í DAG 18

### Ljósmyndin Ásta vekur lukku



Esther Ýr Steinarsdóttir vöruhönnuður fangar augnablikið þegar hún sýnir vini sína vera að framkvæma sína uppáhaldsiðju á sýningu í Aurum.

FÓLK 34

### Dagný stendur fyrir sínu

Skíðakonan Dagný Linda Kristjánsdóttir stóð sig vel í risasvigskeppni Ólympíuleikanna í gær og náði 23. sæti rétt eins og í brunkeppninni. Björgvin Björgvinsson og Kristján Uni Óskarsson féllu báðir úr leik í stórsvigskeppninni.



ÍÞRÓTTIR 31

### VEÐRIÐ Í DAG




**HLÝTT** - Í dag verður sunnan strekkingur á landinu en lægir vestan til þegar líður á daginn. Rigning á landinu sunnan- og vestanverðu en þurrt og skýjað með köflum norðaustan til. Hiti 5-12 stig, hlýjast norðaustan til.

VEÐUR 4

MEÐAL LESTUR 12-49 ÁRA
Fólk undir fimmtugu velur Fréttablaðið!




*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í október 2005.

# Systir Benedikts og faðir næst í röðinni

**Borgarstjóri segir að Benedikt Jósepsson fái ekki allar einbýlishúsalóðirnar utan einnar sem í boði voru í Úlfarsfelli. Systir hans og faðir áttu í flestum tilvikum næstu tilboð. Eiginkona Benedikts segir þau ekki hafa gert neitt rangt.**

**LÓÐAÚTBOÐ** Byggingameistarinn Benedikt Jósepsson fær ekki 39 lóðir af 40 í Úlfarsfelli þrátt fyrir að hafa átt hæsta tilboð í þær. Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri segir kauptilboðin aðeins gögn í fórum borgarinnar sem búið sé að skrá en ekki samþykkja.

„Markmiðið var að gefa fjölskyldum tækifæri á að reisa hús fyrir sig," segir Steinunn Valdís. „Síðan er fyrirvari í útboðsskilmálunum um að borgaryfirvöld samþykki tilboðin."

Hekla Jósepsdóttir, systir Benedikts, átti næsthæstu tilboð í nær allar lóðirnar en Jósep Benediktsson, faðir hans, það þriðja hæsta. Hekla vildi ekki tjá sig um fyrirætlanir fjölskyldunnar. Ekki náðist í föður hennar. Sá fjórði í röðinni, Guðmundur Gíslason að nafni, bauð eins og Benedikt í allar einbýlishúsalóðirnar, um sautján milljónir króna.

Steinunn Valdís segir ljóst að menn hafi ætlað að sanka að sér lóðum í öðrum tilgangi en að byggja yfir fjölskyldu sína. „Við það verður ekki unað."

Hekla Guðmundsdóttir, eiginkona Benedikts Jósepssonar, undraðist að forsvarsmenn borgarinnar hefðu ekki haft samband við þau hjón og heyrt af fyrirætlunum þeirra: „Við höldum að við höfum ekki gert neitt rangt. Okkur finnst skrítið að borgaryfirvöld geti rifið lóðirnar af okkur." Hekla vildi ekki tjá sig um kauptilboð fjölskyldu Benedikts. Þau skoði stöðu sína gagnvart borgaryfirvöldum.

Steinunn Valdís segir að kæri Benedikt og aðrir sem buðu í lóðirnar ákvörðun borgaryfirvalda sé það þeirra mál. „Þeir sækja þá bara sinn rétt." Hún leggi fram viðbragðstillögur á fundi borgarráðs á fimmtudaginn: „Ég hugsa að við skoðum listann kerfisbundið frekar en að bjóða lóðirnar aftur út."

Flestir sem áttu kauptilboð á eftir fjórmenningunum buðu nokkrum milljónum lægra í hverja lóð. Steinunn segir ekki skipta máli þótt borgin fái lægra verð fyrir lóðirnar: „Verðið verður það sama og var í Norðlingaholtinu, í kringum fjórtán til fimmtán milljónir." - gag



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**MÁLSSKJÖL SKOÐUÐ Í HÉRAÐSDÓMI** Gestur Jónsson verjandi skoðar gögn frá Sigurði Tómasi Magnússyni saksóknara við upphaf aðalmeðferðar Baugsmálsins í gær. Málinu verður fram haldið í dag og meðal vitna er Jón Gerald Sullenberger sem upphaflega kærði. - sjá síðu 16

Skoðanakönnun Fréttablaðsins um aðild að Evrópusambandinu:

# Flestir mótfallnir umsókn

**SKOÐANAKÖNNUN** 42,3 prósent eru því mótfallin að Ísland sæki um aðild að Evrópusambandinu. Þetta kemur fram í nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. 34,3 prósent sögðust vilja að Ísland sækti um aðild, en 23,4 prósent voru óákveðin.

Ef einungis er litið til þeirra sem tóku afstöðu til aðildar segjast 55,2 prósent vera því andvíg að Ísland sæki um aðild en sambandinu en 44,8 prósent eru því fylgjandi. Karlar eru frekar á móti því að Ísland sæki um aðild en konur. Eins er fólk sem býr utan höfuðborgarsvæðisins því frekar fylgjandi að sótt verði um aðild. Ef svörin eru greind eftir því hvaða flokk fólk segist myndu kjósa í alþingiskosningum má sjá að flestir virðast sáttir við stefnu flokksins sem þeir myndu kjósa.

Baldur Þórhallsson, dósent í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, segir niðurstöður kannana hafa verið sveiflukenndar síðan byrjað var að spyrja um Evrópusambandsaðild fyrir fimmtán árum. Orð forsætisráðherra á Viðskiptaþingi telur hann ekki hafa haft veruleg áhrif en aftur á móti verði fróðlegt að sjá hvort ákalli hans um aukna umræðu verði svarað. - ss / sjá síðu 14



**JÁTAR SEKT** Irving hélt á bók sinni „Stríð Hitlers" í dómsal í Vín í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

David Irving dæmdur:

## Fékk þriggja ára dóm

**VÍN, AP** Breski sagnfræðingurinn David Irving játaði í gærmorgun fyrir austurrískum dómstól að hafa afneitað helför nasista gegn gyðingum í seinni heimsstyrjöldinni. Hann sagðist hafa haft rangt fyrir sér þegar hann hélt því fram að engir gasklefar hefðu verið í Auschwitz.

Kviðdómur sakfelldi hann í gærkvöld og var hann þá dæmdur í þriggja ára fangelsi. Samkvæmt austurrískum lögum átti hann allt að tíu ára fangelsi yfir höfði sér.

Irving hefur setið í austurrísku fangelsi síðan í nóvember en ákærurnar má rekja til orða sem hann lét falla í tveimur ræðum árið 1989. - aa

Morðin í El Salvador:

## Ættingjarnir sækja lík Jóns

**SAKAMÁL** Ættingjar Jóns Þórs Ólafssonar, sem var myrtur í El Salvador fyrir rúmri viku, eru nú farnir þangað til lands í þeim tilgangi að fá jarðneskar leifar hans hingað heim. Ekkert er þó vitað um hvenær það gæti orðið að sögn eins ættingja.

Utanríkisráðuneytið vinnur einnig að þessu ásamt ættingjum, eftir því sem Pétur Ásgeirsson skrifstofustjóri tjáði Fréttablaðinu.

Brenda Salinas Jovel, sem var myrt ásamt Jóni Þór, hefur þegar verið jarðsett en hefð er fyrir því í El Salvador að það sé gert tveimur dögum eftir andlát. - jse





## SPURNING DAGSINS

*Hanna, var meirihlutinn á lóðarii?*

„Hvort sem um er að ræða lóðarí, lotterí eða aðrar vandræðalausnir meirihlutans í skipulagsmálum er löngu ljóst að honum er ekki treystandi til að bjóða fólki tækifæri til að byggja og búa í Reykjavík.“

Útboð lóða við Úlfarsfell þykir hafa farið út um þúfur. Hanna Birna Kristjánsdóttir og félagar í Sjálfstæðisflokknum hafa gagnrýnt hvernig staðið var að útboðinu.

Danir hafa ekki bitið úr nálinni vegna Múhameðsteikninganna:

# Møller varar við árás al-Kaída

**KAUPMANNAHÖFN, AP** Per Stig Møller, utanríkisráðherra Danmerkur, sakaði í gær öfgaöfl um að bera ábyrgð á ofbeldisfullum mótmælum í múslimalöndum vegna Múhameðsteikninganna. Varaði ráðherrann við því að al-Kaída-hryðjuverkanetið væri víst með að nýta sér æsinginn til að virkja menn til að fremja hryðjuverk í Danmörku.

Møller benti á að mótmælin væru að fjara út í mörgum arabalöndum en virtust enn vera að færast í aukana í Pakistan og Tyrklandi. „Öfgaöfl vilja halda þessu gangandi,“ tjáði ráðherrann fréttamönnum í Kaupmannahöfn. „Enginn vafi leikur á því að ýmsir öfgamenn vilja notfæra sér ástandið. Al-Kaída gerir það líka og kyndir undir bálinu.“ Hann fordæmdi sem „brjálæði“ að múslimaklerkur í Pakistan skyldi hafa sett stórfé til höfuðs teiknurum Múhameðsteikninganna umdeildu, sem birtust upphaflega í Jótlandspóstinum.

Danir fengu óvæntan liðsauka í baráttunni fyrir því að múgæsingunni linnti frá Manouchehr Mottaki, utanríkisráðherra Írans, sem sagði á fundi í Brussel að bera yrði klæði á vopnin. „Við styðjum ekki neitt frekara ofbeldi,“ sagði hann. - aa



**AND-DÖNSK MÚGÆSING** Í rénun víða en öfgaöfl kynda undir henni annars staðar, að sögn danska utanríkisráðherrans. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lögregla rannsakar rúðubrot:

## Sprengja ekki útilokuð

**LÖGREGLUMÁL** Rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík rannsakar hvað átti sér stað þegar stór rúða í einstaklingsíbúð í Fossvogi splundraðist eldsnemma í gærmorgun.

Var ekki loku fyrir það skotið á tímabili að skotið hefði verið á rúðuna úr riffli en ekkert benti til þess eftir fyrstu vettvangsrannsókn. Splundraðist rúðan bæði inn og út, sem þykir fremur benda til þess að hún hafi verið sprengd á einhvern hátt, en ekki var heldur útilokað að eðlilegri orsakir væru fyrir brotinu. Rannsókn verður haldið áfram. - aöe

Fuglaflensa í Evrópu:

## Fuglar fá flensusprautu

**BELGÍA, AP** Landbúnaðarráðherrar Evrópusambandsins héldu fund í gær um leiðir til að berjast gegn útbreiðslu fuglaflensu, en þó ekkert bóluefni sé til við fuglaflensu er hægt að gefa fuglunum almenna flensusprautu og ætla frönsk yfirvöld að bólusetja tæpa milljón alifugla.

Sýktir fuglar hafa fundist í Frakklandi, Þýskalandi, Austurríki, Grikklandi, Ítalíu og Slóveníu og verið er að rannsaka hvort veiran sé komin til Ungverjalands. Jafnframt hefur hún fundist í átta öðrum Evrópulöndum sem ekki eru í ESB. - smk

**DANMÖRK**

**Skotbardagi í Kaupmannahöfn**
Tveir menn voru skotnir og sá þriðji var skorinn í andliti þegar til átaka kom fyrir utan skemmtistað í Kaupmannahöfn á sunnudagsmorgun. Lögreglan í Kaupmannahöfn var kölluð til og handtók tvo menn. Talið er að félagar í tveim klíkum hafi ætlað að útkljá deilu með fyrrgreindum afleiðingum.

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla. -ritstj.

# Erlendi fjárfestirinn var lítill einkabanki

**Ráðgjafar framkvæmdanefndarinnar töluðu um stóran alþjóðlegan fjárfestingabanka þegar áreiðanleiki erlenda fjárfestisins var kannaður fyrir sölu Búnaðarbankans. Þýski bankinn Hauck & Aufhauser er lítill einkabanki.**

**BANKASALA** Vilhjálmur Bjarnason, aðjúnkt við Háskóla Íslands, telur að ríkið, Ríkisendurskoðun og einkavæðingarnefnd hafi verið beitt blekkingum þegar Búnaðarbankinn var seldur.

Í greinaflokki Sigríðar Daggar Auðunsdóttur blaðamanns um bankasöluna í Fréttablaðinu síðasta vor kom fram að þýski bankinn Hauck & Aufhauser var aldrei nefndur til sögunnar sem fjárfestir með S-hópnum.

Þegar samkomulag um viðræður við S-hópinn var undirritað var ekki vitað hver erlendi fjárfestirinn var en talað um að í hópnum væru ein eða fleiri erlendar fjármálastofnanir.

S-hópurinn átti þá í viðræðum við útibú franska bankans Société Générale í Frankfurt.

Í greinaflokknum kom fram að S-hópurinn hefði gefið þær skýringar að erlendi fjárfestirinn vildi ekki koma fram undir nafni fyrr en samningar hefðu verið undirritaðir.

Samið var um að S-hópurinn myndi gefa ráðgjöfum framkvæmdanefndarinnar, HSBC, upp nafnið til að skera úr um áreiðanleika bankans og komst HSBC að jákvæðri niðurstöðu og talaði um stóran alþjóðlegan fjárfestingabanka. Ekkert nafn var nefnt.

Þegar skrifað var undir samninginn við S-hópinn var tilkynnt að þýski einkabankinn Hauck & Aufhauser væri hinn erlendi fjárfestir og þótti lýsing HSBC á stórum alþjóðlegum fjárfestingabanka ekki passa því þýski bankinn er lítill einkabanki.



**BÚNAÐARBANKINN SELDUR** Valgerður Sverrisdóttir viðskiptaráðherra tekur í hönd Peter Gatti, bankastjóra Hauck & Aufhauser, við undirritun samninga um sölu Búnaðarbankans í febrúar 2003. Á myndinni eru einni Geir H. Haarde, þáverandi fjármálaráðherra og Ólafur Ólafsson, forsprakki S-hópsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Umsögnin hefði því frekar átt við um Société Générale sem var sjötti stærsti banki í Evrópu en hópurinn átti, eins og áður segir, í viðræðum við bankann um að taka þátt í kaupunum til að byrja með. S-hópurinn hefur neitað því að hafa gefið upp annað nafn en Hauck & Aufhauser.

Vilhjálmur hefur einnig haldið því fram að þýski bankinn hafi ekki átt neinn hlut í Eglu en talið var að S-hópurinn samanstæði af Vátryggingarfélagi Íslands, Samvinnulífeyrissjóðnum, Eignarhaldsfélaginu Samvinnutryggingum og Eglu hf. sem þýski bankinn Hauck & Aufhauser ætti helmingshlut í.

Í greinum Sigríðar Daggar kemur einnig fram að Landsbankinn hafi veitt félögum innan S-hópsins lán upp á 6-8 milljarða króna til að greiða fyrri greiðslu S-hópsins til ríkisins fyrir Búnaðarbankann. ghs@frettabladid.is




**OSAMA BIN LADEN** Mynd af Osama bin Laden sem birt var á al-Jazeera sjónvarpsstöðinni í janúar. NORDICPHOTOS/AFP

Osama bin Laden:

## Mun ekki láta ná sér á lífi

**EGYPTALAND, AP** Osama bin Laden heitir því að láta aldrei ná sér á lífi og segir bandaríska herinn vera orðinn jafn „ósiðmenntaðan“ og Saddam Hussein, að því er kemur fram á hljóðupptöku sem birt var á vefsíðu herskárra múslima nýverið.

Hljóðupptakan er sú sama og spiluð var á arabísku sjónvarpsstöðinni al-Jazeera í janúar, þegar bin Laden hótaði frekari árásum á Bandaríkin og bauð Bandaríkjastjórn jafnframt upp á vopnahlé, fjarlægði hún alla hermenn sína í Mið-Austurlöndum. - smk

Forstjóri Kers um bankasölu:

## Þetta er rangt

**BANKASALA** Guðmundur Hjaltason, forstjóri Kers, segir að Vilhjálmur Bjarnason aðjúnkt höggvi í sama knérunn og síðasta sumar þegar hann haldi því fram að S-hópurinn hafi beitt blekkingum við kaupin á Búnaðarbankanum. Hann hafi ekki komið fram með nýjar upplýsingar eða sýnt fram á að þessar ásakanir séu réttar.

„Þetta er rangt. Við buðum Hauck & Aufhäuser að koma inn í Eglu og þeir komu inn sem fjárfestar og lögðu fram sitt hlutafé eins og allir aðrir. Ég er með samninginn sem sýnir það. Ásakanir um annað eru úr lausu lofti gripnar,“ segir hann. - ghs


VERK AÐ VINNA



NÁMSKYNNING Í HÁSKÓLA ÍSLANDS

26. FEBRÚAR

www.hi.is


Þingmenn deildu hart á forsætis- og iðnaðar- og viðskiptaráðherra á Alþingi:

# Vilja rannsókn á bankasölu

**BANKASALA** Tveir þingmenn stjórnarandstöðunnar, Sigurjón Þórðarson, Frjálslynda flokki, og Lúðvík Bergvinsson, Samfylkingunni, kröfðust þess á Alþingi í gær að óháð rannsókn færi fram á sölu ríkisins á Búnaðarbankanum.

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra fundaði í gær með ríkisendurskoðanda um hvort eitthvað nýtt væri komið fram í málinu. Vilhjálmur Bjarnason, aðjúnkt í hagfræði við Háskóla Íslands, telur íslenska ríkið hafa verið blekkt í söluferlinu á Búnaðarbankanum.

Halldór sagði ekki standa til að rannsaka þetta mál sérstaklega þar sem ríkisendurskoðandi teldi ekki ástæðu til þess. „Það er ekkert nýtt í þessu máli. Það hefur verið margfarið yfir þetta mál. Fjármálaeftirlitið, ríkisendurskoðandi og ráðgjafar einkvæðingarnefndar fóru nákvæmlega yfir þessi máli. Ég ber fullt traust til ríkisendurskoðanda. Ef háttvirtur þingmaður Sigurjón Þórðarson ber ekki fullt traust ríkisendurskoðanda, þá vænti ég þess að hann sé einn um þá skoðun, eins og svo margt annað sem hann segir hér á Alþingi.“



**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON** Halldór ræddi sölu bankanna í gær við ríkisendurskoðanda, sem sagði ekkert nýtt hafa komið fram um málið. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Vilhjálmur Bjarnason mun í vikunni ganga á fund ríkisendurskoðanda og afhenda honum gögn sem hann hefur undir höndum um aðkomu þýska bankans Hauck & Aufhäuser í söluferlinu á Búnaðarbankanum. - mh

www.toyota.is

# Keyrðu Formúluna í botn!



## Við stofnum Formúluklúbb Toyota

Það er okkur sönn ánægja að kynna stofnun Formúluklúbbs Toyota fimmtudagskvöldið 23. febrúar. Klúbburinn verður einstakur vettvangur fyrir þig og alla aðra áhugamenn um Formúluna að fylgjast með og taka virkan þátt í keppninni.

Skráning í klúbbinn kostar ekkert og þeir sem skrá sig fá skemmtilegan formúluglaðning. Keppt verður í sérstökum formúluhermi sem settur hefur verið upp í sýningarsalnum og boðið verður upp á léttar veitingar.

Komdu og kynntu þér spennandi dagskrá og skemmtilegar uppákomur Formúluklúbbsins í góðum félagsskap fimmtudagskvöldið 23. febrúar kl. 18.30 hjá Toyota Nýbýlavegi.

TOYOTA

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 20.2.2006**

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 63,15 | 63,45 |
| Sterlingspund | 110,1 | 110,64 |
| Evra | 75,39 | 75,81 |
| Dönsk króna | 10,1 | 10,16 |
| Norsk króna | 9,353 | 9,409 |
| Sænsk króna | 8,041 | 8,089 |
| Japanskt jen | 0,534 | 0,5372 |

SDR 90,75 91,29 91,02

*Gengisvísitala krónunnar*
105,8585

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Landbúnaðarstofnun fylgist með þróun mála í nágrannalöndum:

# Fólk búið undir fuglaflensu

**FUGLAFLENSA** Tilgangur tilkynningar sem starfshópur Landbúnaðarstofnunar um viðbrögð við fuglaflensu sendi út í gær er að búa fólk undir að fuglaflensan sé að öllum líkindum að skella á, segir Jarle Reiersen, dýralæknir alifuglasjúkdóma.

Hann ítrekar að um leið og fuglaflensa greinist í Bretlandi gangi í gildi viðbrögð við fuglaflensu á áhættustigi II. Landbúnaðarstofnun sá í gær ekki ástæðu til að breyta áhættumatinu. Hún beinir hins vegar þeim tilmælum til þeirra sem eiga alifugla og sem reka alifuglabú að þeir athugi nú þegar þau viðbrögð sem nauðsynleg séu ef ákvörðun verði tekin um að færa aðgerðir á áhættustig II. Þetta á ekki síst við um kröfur um að hýsa alla alifugla og að huga að smitleiðum til að fyrirbyggja að fuglaflensa geti borist í alifugla.

Margar af þessum ráðstöfunum eru eðlilegur og mikilvægur þáttur í daglegum rekstri alifuglabúa og hefur því víða verið komið á. Þessum aðgerðum þarf hins vegar að viðhalda og ganga úr skugga um að varnir gegn smitleiðum séu tryggðar, að því er segir í tilkynningu frá stofnuninni, sem hefur skilgreint þrjú áhættustig vegna fuglaflensu. **- jss**



**ÁLFTIR** Álftir hafa drepist í vaxandi mæli í Vestur-Evrópu af völdum fuglaflensu.

Viðræður um framtíð Kosovo:

# Óvinir sestir að samningaborði

**VÍN, AP** Fulltrúar Serbíustjórnar og Kosovo-Albana settust að samningaborði í Vínarborg í gær, en þar með hófust loks formlegar miðlunarviðræður Sameinuðu þjóðanna um framtíð Kosovohéraðs.

Markmið viðræðnanna er að komast nær niðurstöðu um það hvort héraðið eigi að verða sjálfstætt ríki eða vera áfram meira eða minna sjálfráða hérað í Serbíu. Hua Jiang, talsmaður Martti Ahtisaari, sáttasemjara SÞ, sagði fyrsta viðræðufundinn hafa verið mjög uppbyggilegan. Þessi fyrsta lota viðræðnanna stendur aðeins í tvo daga. ■

Bæjarstjórinn í Fjarðabyggð:

# Fer í leyfi vegna veikinda

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Guðmundur Bjarnason, bæjarstjóri í Fjarðabyggð, verður frá störfum í óákveðinn tíma vegna veikinda. Guðmundur fer í skurðaðgerð á Landspítalanum í byrjun næsta mánaðar vegna æxlis í ristli. „Geislameðferð hefst í lok þessa mánaðar og síðan er gert ráð fyrir skurðaðgerð hinn 6. mars. Ég geri ráð fyrir að sinna störfum fram að uppskurðinum en síðan tekur við veikindaleyfi um óákveðinn tíma," segir Guðmundur.



**GUÐMUNDUR BJARNASON**

Gunnar Jónsson, forstöðumaður fjármála- og stjórnsýslusviðs Fjarðabyggðar, mun gegna störfum bæjarstjóra í fjarveru Guðmundar. **- kk**

Síldarbræðslan á Akranesi:

# Rýr loðnuveiði hjá HB Granda

**SJÁVARÚTVEGUR** Búið er að landa um 3.500 tonnum af loðnu til Síldarbræðslunnar á Akranesi.

Það telst rýrt miðað við árstíma og skýrist af litlum loðnukvóta. Skip fyrirtækisins HB Granda, Sunnuberg NS 70, landaði um 1.100 tonnum af loðnu í gær. Megnið af þeim aflanum fór í frystingu. **- shá**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Fékk hjólið „lánað"** Lögregla í Kópavogi hafði afskipti af þekktum brotamanni á nýju reiðhjóli um helgina. Sagðist hann hafa fengið það lánað í Hafnarfirði en gat ekki gefið frekari skýringar og var það tekið af honum. Hjólið er geymt á lögreglustöðinni í Kópavogi.



**LÆTUR EKKI HAGGAST** Manouchehr Mottaki, utanríkisráðherra Írans, á blaðamannafundi í Brussel eftir árangurslitlar viðræður um kjarnorkudeiluna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Veik von um samningalausn

**Viðræður sem fulltrúar Íransstjórnar áttu í Moskvu í gær gefa að sögn rússneska utanríkisráðherrans ástæðu til að halda í vonina um samningalausn í alþjóðadeilunni um kjarnorkuáætlun Írana.**

**MOSKVA, BRUSSEL, AP** Samningamenn Rússa og Írana luku í gær fyrsta degi samningaviðræðna í Moskvu um möguleikann á því að Íranar stundi tilraunir sínar með auðgun úrans í Rússlandi með því að ákveða að halda viðræðunum áfram. Aftur á móti skiluðu viðræður forsvarsmanna Evrópusambandsins í Brussel við íranska utanríkisráðherrann Manouchehr Mottaki um kjarnorkuáætlun Írana engum áþreifanlegum árangri.

Javier Solana, utanríkismálastjóri ESB, sagði afstöðu Íransstjórnar „ekki hafa haggast". Sagði hann viðræðurnar verða að vera „mun uppbyggilegri" ef árangur ætti að nást.

Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, vildi ekki gefa neitt nánar upp um viðræðurnar í Moskvu en sagði að þær gæfu ástæðu til að halda í von um að unnt væri að halda málinu innan Alþjóða kjarnorkumálastofnunarinnar, IAEA. Skrifstofa þjóðaröryggisráðs rússneska forsetaembættisins, sem var gestgjafi viðræðnanna, gaf út stuttorða yfirlýsingu þar sem segir að fulltrúar beggja aðila hafi komist að samkomulagi um að halda viðræðum áfram. Tillaga Rússa um að Íranar fái að stunda kjarnorkutilraunir sínar í Rússlandi nýtur stuðnings Bandaríkjastjórnar og ESB-þríveldanna Bretlands, Frakklands og Þýskalands, en með því móti er talið að auðveldara verði að hafa eftirlit með því að tilraunirnar gangi ekki út á að framleiða efni í kjarnorkuvopn, heldur einvörðungu til friðsamlegrar raforkuframleiðslu.

Talsmaður Ívanovs, Kseniya Roshchina, neitaði að segja hvenær framhald yrði á viðræðunum en staðfesti að íranska sendinefndin héldi væntanlega heim á leið í dag, þriðjudag. Síðar tilkynnti rússneska utanríkisráðuneytið að viðræðunum yrði fram haldið strax í dag á sérfræðingastigi.

Lavrov sagði að Íranar ættu að hverfa frá kjarnorkutilraunum þeim sem þeir hófu á ný í síðasta mánuði, í trássi við ákvæði alþjóðasamninga þar um, og vinna að því að draga úr áhyggjum alþjóðasamfélagsins af því hvað þeim gengi til með kjarnorkutilraununum. Hann sagðist vonast til að viðræðurnar sem hófust í gær gæfu tilefni til að hægt væri að halda málinu innan IAEA frekar en vísa því til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, sem gæti ákveðið þvingunaraðgerðir gegn Íransstjórn.

Solana tjáði fréttamönnum í Brussel að hann hefði tjáð Mottaki að Evrópusambandið myndi bíða og sjá hvað kæmi út úr viðræðunum í Moskvu áður en úrslitafundur um málið fer fram í Alþjóða kjarnorkumálastofnuninni í Vínarborg hinn 6. mars.

**audunn@frettabladid.is**


MARKAÐURINN

**Mest lesna viðskiptablaðið**

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI
**550 5000**

Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.




Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

## VEÐURSPÁ

**HLÝIR STRAUMAR**
Það er afskaplega hlýtt í kortunum í dag. Suðlægar áttir sem eiga uppruna sinn langt suður í höfum leika um landið og vindur nokkuð ákveðinn um allt land. Það lægir þó á Vestfjörðum og vestan til eftir hádegi.

**HELGIN**
Hægar austlægar áttir með úrkomulitlu veðri og sæmilega mildu eru í kortunum.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**
Sunnan 8-13 m/s en lægir nokkuð síðdegis. Rigning. Hiti 7-9 stig.

*um hádegi »*



*» á morgun*

13-18 m/s vestast á landinu, annars heldur hægari.

*» fimmtudagur*

10-15 m/s vestast á landinu, annars hægari. Yfirleitt úrkomulítið.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 1°C skýjað | París | 3°C slydda | Alicante | 15°C skúrir |
| Osló | -2°C léttskýjað | Berlín | 2°C slydda | Mílanó | 9°C rigning |
| Stokkhólmur | 0°C skýjað | Frankfurt | 3°C slydduél | New York | 9°C léttskýjað |
| Helsinki | -2°C snjóél | Madríd | 6°C skýjað | San Francisco | 14°C léttskýjað |
| London | 4°C skúrir | Barcelona | 14°C skúrir | Orlando/Flórída | 27°C léttskýjað |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.




# Ertu ekki örugglega með VISA?

**Fyrir réttu ári hóf VISA Ísland útgáfu kreditkorta með örgjörva og í síðustu viku voru komnir örgjörvar í 83.918 íslensk VISA kreditkort.**

Kort með örgjörva eru öruggari en kort með segulrönd eingöngu.

**Öll ný kreditkort VISA eru nú með örgjörva.**
Þú þarft ekki að bíða lengur eftir nýrri tækni og auknu öryggi.

**www.visa.is**

VISA

**Ávallt fyrstir með tæknilegar nýjungar**



## KJÖRKASSINN

*Á að leyfa áfengisauglýsingar?*



| | |
|---|---|
| Já | 61% |
| Nei | 39% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Á að endurtaka útboð lóða í Úlfarsárdal?*

Segðu þína skoðun á Vísir.is

Fyrirtækið bregst við þætti Kompás á NFS um barnaníðinga:

# Starfsmaður Nýsis rekinn

**FJÖLMIÐLAR** Starfsmaður fyrirtækisins Nýsis var einn þeirra manna sem voru afhjúpaðir í fréttaskýringaþættinum Kompás á NFS um barnaníðinga. Nýsir sendi í gær frá sér yfirlýsingu vegna málsins þar sem fram kemur að gengið hafi verið frá starfslokum mannsins í kjölfar þáttarins.

Í þættinum, sem var á sunnudagskvöldið, var tálbeita notuð til að leggja gildru fyrir barnaníðinga í þeim tilgangi að sýna hve langt fullorðnir karlmenn væru tilbúnir að ganga til að sænga hjá barni. Tálbeitan var auglýsing þrettán ára stúlku á einkamálavefsíðu sem sagðist vilja kynnast eldri strákum og voru svarendur á aldursbilinu sextán ára upp í sjötugt. Samskiptin fóru fram á netinu, í gegnum síma og svo voru stefnumót samþykkt.

Í þættinum eru fjórir fullorðnir menn sýndir sem koma til að hitta tálbeituna með skýran tilgang í huga að sögn þáttastjórnenda. Andlit þeirra eru gerð óskýr en hægt er að greina föt þeirra og í tilviki tveggja þeirra má greina bílategund.

Kolbrún Sævarsdóttir saksóknari segir í þættinum að lögreglu sé óheimilt að nota tálbeitu í sínum störfum nema sterkur grunur leiki á að ákveðinn aðili sé að fara að fremja alvarlegt brot. **- sdg**



**JÓHANNES KR. KRISTJÁNSSON** Ritstjóri Kompáss tók í þættinum tvo menn tali sem hugðust hitta tálbeituna. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Rýmkaðar heimildir lögreglu:

## Leyfi til að nota tálbeitu

**ALÞINGI** Björgvin G. Sigurðsson, þingmaður Samfylkingarinnar, óskar eftir utandagskrárumræðum um heimildir lögreglu til að nota tálbeitur. Lögregla á að fá slíkar heimildir þar sem það fælir níðinga frá því að leita uppi börn að mati Björgvins sem býst við að umræðurnar muni fara fram á næstu dögum.

Sigurður Kári Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, er ánægður með tillögu Björgvins að umræðum en segir þetta jafnframt viðkvæmt mál vegna þess slíkar heimildir, að ginna menn, geta rekist á við hagsmuni einstaklinga, **- sdg**

# Máli Pólverjans vísað til lögreglunnar

**Forsvarsmenn Jarðvéla töldu að kennitala væri jafngildi atvinnuleyfis en viðurkenna að það hafi verið mistök. Útlendingastofnun segir að þeir hafi átt að vita betur. Vinnumálastofnun vísar málinu til lögreglu.**

**KJARAMÁL** Forsvarsmenn Jarðvéla ehf. stóðu í þeirri trú að kennitalan sem Irenusz Gluchowski hafði aflað sér frá Hagstofu Íslands væri nóg til að gera hann fullgildan á íslenskum vinnumarkaði.

Pólverjinn Irenusz Gluchowski hefur verið í fréttum að undanförnu vegna afleiðinga sýkingar sem hann hlaut um mitt síðasta ár. Hann missti báða fætur fyrir neðan hné vegna sýkingarinnar auk þess sem annað nýra hans var fjarlægt. Þá hefur Irenusz misst heyrn á öðru eyra.

Forsvarsmenn Jarðvéla viðurkenna að mistök voru gerð við ráðningu hans og að ganga hefði átt eftir staðfestingu á atvinnuleyfi frá Vinnumálastofnun. Þetta kemur fram í greinargerð sem fyrirtækið sendi Fréttablaðinu.

Irenusz hefur nú verið til meðferðar á Landspítalanum vel á áttunda mánuð og þarf enn að fara í blóðskipti þrisvar sinnum á dag. Vegna þess að atvinnuleyfi var ekki til staðar er hann réttlaus og getur ekki vænst neinna bóta hérlendis. Stéttarfélagið Efling styður Irenusz í baráttu sinni, meðal annars með lögfræðilegri aðstoð.

Þær upplýsingar fengust hjá Útlendingastofnun, um ráðningu erlendra manna sem óska þess að vinna hér á landi, að það væri alfarið á ábyrgð atvinnurekandans að sækja um tilskilin leyfi. „Kennitala hefur ekkert með atvinnuleyfi að gera og atvinnurekanda ber að sjálfsögðu skylda til að kynna sér þær reglur sem gilda um atvinnu útlendinga," segir Ragnheiður Böðvarsdóttir, forstöðumaður stofnunarinnar. Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunnar, segir að málinu verði vísað til lögreglu til rannsóknar. Lögreglan ákveði hvort ákært verði.

Efnt var til söfnunar fyrir Irenusz af starfsfólki Landspítalans til að eiginkona hans gæti komið til landsins. Þetta var gert á meðan Irenusz var sem veikastur og honum ekki hugað líf. Framkvæmdastjóri Jarðvéla lagði söfnunni lið með 100 þúsund króna framlagi. Rauði kross Íslands styrkti Irenusz einnig með því að greiða ferðakostnað og uppihald sonar hans.

Forsvarsmenn Jarðvéla telja mikilvægt að kannað verði til hlítar hvort ástand hans megi á einhvern hátt rekja til starfa hans hjá fyrirtækinu og leggja áherslu á við Vinnueftirlit ríkisins að málið verði rannsakað. **svavar@frettabladid.is**



**MANNLEGUR HARMLEIKUR** Irenusz Gluchowski glímir við mikla erfiðleika. Össur hf. færði honum gervifætur nýlega. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**SAMIÐ UM LÖGSÖGU** Inuuteq Holm Olsen, Per Stig Møller og Jonas Gahr Støre eftir undirritunina í Kaupmannahöfn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lögsögumörk Svalbarða:

## Miðlína gildir við Grænland

**SVALBARÐI** Utanríkisráðherra Noregs, Jonas Gahr Støre, hinn danski starfsbróðir hans Per Stig Møller og Inuuteq Holm Olsen, fulltrúi grænlensku heimastjórnarinnar, undirrituðu í Kaupmannahöfn í gær sáttmála um lögsögumörk á hafsvæðinu á milli Svalbarða og Grænlands.

Samkvæmt samkomulaginu liggja lögsögumörkin eftir miðlínu milli Svalbarða og Grænlands. Að miðlínureglan skuli vera látin gilda í þessu tilviki styrkir málstað Norðmanna í lögsögumarkadeilu sinni við Rússa í Barentshafi, að því er segir í Óslóarblaðinu Aftenposten. **- aa**



**HANI SKOÐAÐUR** Indverskur dýralæknir skoðar hana. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þúsundum fugla slátrað:

## Fuglaflensa á Indlandi

**INDLAND, AP** Indverskir heilbrigðisstarfsmenn gengu hús úr húsi í gær í leit að fólki sem gæti hafa smitast af H5N1-veirustofni fuglaflensunnar, en staðfest var á laugardag að stofnin mannskæði hefði fundist í landinu.

Jafnframt er verið að rannsaka hvort ungur fuglabóndi sem lést nýverið hafi verið með fuglaflensu og grunur leikur á að átta manns sem nú liggja á sjúkrahúsi séu sýktir.

Í gær var búið að slátra um 200.000 fuglum í kringum Navapur og sögðust yfirvöld ætla að slátra um 700.000 fuglum til viðbótar. Tæplega fimmtíu fuglabúgarðar verða tæmdir og haldið lokuðum í þrjá mánuði. **- smk**

## LÖGREGLUFRÉTT

**Innbrot í Þingholtum** Brotist var inn í verslun í Þingholtunum í gærmorgun. Þjófavarnakerfi fór af stað og virðist þjófunum hafa brugðið við það og haft sig á brott án þess að ræna neinu.

## LEIÐRÉTTING

Sunneva Hafsteinsdóttir var ranglega nefnd myndlistarmaður á bls. 20 í Fasteignablaði Fréttablaðsins í gær. Hún er menntaður textílkennari en starfar sem framkvæmdastjóri Handverks og hönnunar auk þess sem hún er bæjarfulltrúi á Seltjarnarnesi.

Nýjar upplýsingar í Palme-málinu tuttugu árum eftir morðið:

# Gögnum eytt af misgáningi

**SVÍÞJÓÐ** Sænska lögreglan eyðilagði skothylki sem hefðu getað reynst mikilvæg sönnunargögn í rannsókninni á morðinu á Olaf Palme. Þetta kemur fram í nýrri heimildarmynd sem sýnd verður á sænsku sjónvarpsstöðinni SVT2 síðar í mánuðinum, en hinn 28. febrúar verða tuttugu ár liðin frá því að sænski forsætisráðherrann þáverandi var skotinn til bana fyrir utan kvikmyndahús í miðborg Stokkhólms.

Skothylkin fann lögregla fjórum mánuðum fyrir morðið heima hjá kunningja Christer Pettersson, sem var sterklega grunaður um að hafa framið morðið en fékkst ekki sakfelldur vegna skorts á sönnunargögnum. Íbúðin er skammt frá morðstaðnum og skothylkin voru af sömu sjaldgæfu gerð og Palme var skotinn með, Winchester .357 magnum. Lögreglan fargaði skothylkjunum þremur mánuðum eftir morðið.

Ingemar Krusell, sem stýrði lögreglurannsókninni á morðinu á sínum tíma, tjáði Expressen að hann hefði fyrst núna frétt af þessum skothylkjum, sem að hans mati hefðu getað reynst mikilvæg sönnunargögn í Palmemálinu. **- aa**



**MORÐSTAÐURINN** Blóm á stéttinni þar sem skotið var á Palme-hjónin seint að kvöldi hins 28. febrúar 1986. NORDICPHOTOS/AFP



**FRÁ NORÐFJARÐARHÖFN** Norðmenn náðu aðeins að veiða tíu prósent af kvóta sínum. Íslendingar veiða það sem út af stendur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Loðnuveiðin árið 2006:

## Lítil veiði hjá Norðmönnum

**SJÁVARÚTVEGUR** Norðmenn veiddu aðeins lítið brot af þeim loðnukvóta sem þeim var úthlutað samkvæmt Smugusamningunum. Þeir eru hættir veiðum og farnir af miðunum.

Samkvæmt samningum máttu Norðmenn veiða 17.000 tonn af íslenska loðnukvótanum auk 16.800 tonna sem þeir máttu veiða vegna hlutdeildar í loðnustofninum. Af þessum heildarkvóta máttu þeir veiða 23.000 tonn í íslenskri lögsögu en náðu aðeins að veiða 2.200 tonn. 21.000 tonnum af kvóta þeirra hefur verið skipt á milli íslenskra skipa. **- shá**

Nýr framboðslisti á Akureyri:

## Vilja láta verkin tala

**STJÓRNMÁL** Ragnar Sverrisson, kaupmaður í JMJ á Akureyri, hefur sent formanni kjörstjórnar á Akureyri formlegt erindi þar sem hann óskar eftir listabókstafnum A vegna sveitarstjórnarkosninganna í vor. „Ég og margir aðrir hafa miklar áhyggjur af því að uppbygging bæjarins, og þá ekki síst atvinnuuppbyggingin, gangi allt of hægt. Bæjaryfirvöld þurfa að hafa skýra framtíðarsýn í þeim efnum og beita sér markvisst til að gera hana að veruleika en á það hefur skort," segir Ragnar.



**RAGNAR SVERRISSON**

Í erindinu sem Ragnar sendi kjörstjórn kemur fram að hann vinni að hugsanlegu framboði í vor en endanleg ákvörðun þess efnis hafi þó ekki verið tekin. **- kk**

Fíkniefnamál á Ísafirði:

## Tveir í haldi

**LÖGREGLUMÁL** Tveir ungir menn, sextán og nítján ára gamlir, sem grunaðir eru um að standa að fíkniefnadreifingu eru í haldi lögreglunnar á Ísafirði.

Voru þeir úrskurðaðir í gæsluvarðhald til klukkan fjögur í dag en grunsemdir eru um að fíkniefnunum er fundust á þeim hafi átt að dreifa um alla Vestfirði. Í þágu rannsóknar málsins er ekki gefið upp hvert magnið er en nokkrir aðrir hafa verið yfirheyrðir vegna málsins. **- aöe**

# Hive Lite

NÚNA FÆRÐU 8Mb TENGINGU, 4GB NIÐURHAL, OG ÞRÁÐLAUST INTERNET Á AÐEINS

3.990
Á MÁNUÐI?*
*M.v. 12 mánaða samning.

Hive

Það er ekkert mál að skipta.

Hive.is Grensásvegi 16, Reykjavík. Þjónustusími 414 1616 hive@hive.is



## VEISTU SVARIÐ

1 Hver bar sigur úr býtum í prófkjöri sjálfstæðismanna í Árborg?

2 Hvað heitir konungur Nepals?

3 Lisa Marie Presley gekk í sitt fjórða hjónaband á dögunum. Hver er sá lukkulegi?

SVÖR Á BLS. 34

Björgunaraðgerðir á hamfarasvæðinu á Filippseyjum:

# Hljóð sögð berast frá barnaskóla

**FILIPPSEYJAR, AP** Unnið er að því að grafa upp barnaskóla í þorpinu Guinsaugon á Filippseyjum, en aurskriður féllu á þorpið á föstudag og þurrkuðu það út. Í þorpinu bjuggu um 1.800 manns.

Yfir 250 börn grófust undir 35 metra þykku aurflóði í skólanum og töldu björgunarmenn ólíklegt að nokkurt þeirra fyndist á lífi. Þó vaknaði von í brjóstum þeirra þegar hljóð heyrðust berast frá skólanum í gær, en óljóst var hvort hljóðin bárust frá eftirlifandi börnum eða hvort mjúkur aurinn væri einfaldlega að þéttast.

Jafnframt voru óstaðfestar fréttir um að kennarar og börn hefðu sent SMS-skeyti með símum sínum skömmu eftir að skriðurnar féllu.

Bandarískar, taívanskar og filippeyskar björgunarsveitir unnu því hörðum höndum að því að moka ofan af skólanum í gær.

Í gær hafði allt að 57 manns verið bjargað, en allir fundust skömmu eftir að aurskriðurnar féllu. Filippseysk yfirvöld staðfestu í gær lát 82 manna og sögðu að 928 væri saknað. Þar sem enginn var eftir á svæðinu til að bera kennsl á þau lík sem fundist hafa voru mörg grafin saman í fjöldagröf.

- jóa / smk



**BJÖRGUNARAÐGERÐIR** Bandarískir hermenn aðstoða taívanskar björgunarsveitir við leit að fólki sem gæti hafa lifað aurskriðu af á Filippseyjum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sektir og sakarkostnaður:

# Innheimtan til Blönduóss

**BLÖNDUÓS** Ný innheimtumiðstöð vegna sekta og sakarkostnaðar á landsvísu tekur til starfa á Blönduósi í apríl en öll innheimta í dag er í höndum 26 sýslumanna og lögreglustjóra víðs vegar um landið.

Markmið breytinganna er að samræma, einfalda og efla innheimtu sekta og sakarkostnaðar. Undirbúningsnefnd á vegum dómsmálaráðherra hefur unnið að verkinu um tíma. Verkefni verða flutt til miðstöðvarinnar í áföngum. Mun miðstöðin taka til starfa í byrjun apríl en eigi síðar en í nóvember á hún að vera búin að taka alla starfsemina yfir. - aöe



**BJÖRGUNARAÐGERÐIR** 65 kolanámuverkamenn lokuðust inni í námu í Mexíkó.

Námusprenging í Mexíkó:

# 65 taldir af

**MEXÍKÓ, AP** Björgunarmenn unnu að því hörðum höndum að losa 65 kolanámuverkamenn sem höfðu lokast inni þegar sprenging varð í námu aðfaranótt sunnudags.

Mennirnir voru eingöngu með um sex klukkustunda forða af súrefni með sér og óvíst hvort þeir hefðu aðgang að fersku lofti og var því óttast mjög um afdrif þeirra. Þeir voru taldir hafa verið í um tveggja til fimm kílómetra fjarlægð frá námuopinu. Nokkrir aðrir verkamenn slösuðust í sprengingunni en komust þó lífs af. - smk

Fuglaflensa og óeirðir vegna teikninga af Múhameð:

# Letja ekki Íslendinga til ferðalaga

**FERÐALÖG** „Við höfum ekki orðið vör við ótta eða afbókanir hjá okkar viðskiptavinum þrátt fyrir fuglaflensuna eða óeirðir vegna dönsku Múhameðsmyndanna,“ segir Helgi Eysteinsson, sölu- og markaðsstjóri hjá Úrval-Útsýn.

Hjá ferðaskrifstofunni fengust þær upplýsingar að ekkert hefði verið um slíkt. Fyrirtækið býður meðal annars upp á ferðir til Tyrklands og Egyptalands en í báðum ríkjum hefur fuglaflensu orðið vart og talsvert verið um mótmæli vegna birtinga Jótlandspóstsins á teikningum af spámanninum Múhameð.

Helgi segir fyrirtækið fylgjast með og munu grípa til aðgerða gerist þess þörf en svo hafi ekki verið hingað til. „Ef staðan versnar á þeim áfangastöðum sem um ræðir förum við að sjálfsögðu yfir það.“

- aöe



**FRÁ TYRKLANDI** Íslendingar ferðast áfram óhræddir þrátt fyrir fregnir af fuglaflensu.



**MAGNÚS LEIDDUR TIL HÉRAÐSDÓMS** Ákæruvaldið krefst þess að dómurinn yfir Magnúsi verði þyngdur en hann var dæmdur í níu ára fangelsi í héraðsdómi. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Krefst þyngri refsingar

**Ákæruvaldið krefst þess að Magnús Einarsson, sem játað hefur að hafa banað konu sinni Sæunni Pálsdóttur, verði dæmdur til þyngri refsingar. Magnús var dæmdur í níu ára fangelsi í héraði.**

**DÓMSMÁL** Þess er krafist af hálfu ákæruvaldsins að Magnús Einarsson, sem dæmdur var í níu ára fangelsi fyrir að hafa banað konu sinni Sæunni Pálsdóttur, á heimili þeirra í Hamraborg í Kópavogi hinn 31. október 2004, verði dæmdur til þyngri refsingar í Hæstarétti.

Magnús játaði við yfirheyrslur hjá lögreglu að hafa kyrkt konu sína. Samkvæmt dómi héraðsdóms á Magnús að hafa banað Sæunni í stundarbrjálæði, þar sem afbrýðisemi, ofsareiði og andlegt ójafnvægi hafi knúið hann til verknaðarins.

Lögmaður Magnúsar krefst þess að Hæstiréttur minnki refsinguna sem ákveðin var í héraðsdómi, eða til vara staðfesti dóminn.

Magnús sagði við aðalmeðferð málsins í Héraðsdómi Reykjaness að hann hefði verið að hjálpa konu sinni að deyja þar sem hún hefði verið illa haldin af þunglyndi og samviskubiti yfir því að hafa haldið framhjá manni sínum. Sæunn átti í ástarsambandi við tvo menn nokkrum vikum áður en Magnús banaði henni og var Magnúsi fullkunnugt um það. Hann fylgdist grannt með samskiptum Sæunnar við ástmenn sína og fór meðal annars að heimili þeirra með myndbandsupptökuvél og tók það upp þegar Sæunn kom út af heimili annars mannsins.

Hjónaband Magnúsar og Sæunnar hafði um nokkurt skeið verið stormasamt og áttu þau pantaðan tíma hjá sýslumanni vegna fyrirhugaðs skilnaðar hinn 4. nóvember, nokkrum dögum eftir að Magnús banaði Sæunni.

Nágranni Magnúsar og Sæunnar í fjölbýlishúsi í Hamraborg sagðist hafa heyrt hrópað með kvalafullu öskri, „láttu mig vera, láttu mig vera,“ aðfaranótt 1. nóvember úr íbúð þeirra, en það hætti snögglega eftir mikinn dynk. Magnús hélt því fram í héraðsdómi að Sæunn hefði ekki gefið frá sér þetta öskur og neitaði því við yfirheyrslu hjá lögreglu að hún hefði streist á móti.

Réttarmeinafræðingur sagðist hins vegar geta staðhæft, eftir að hafa rannsakað lík Sæunnar ítarlega, að greinilega hefði komið til harkalegra átaka sem á endanum hefðu leitt til dauða Sæunnar.

Börn Magnúsar og Sæunnar sváfu í herbergi sínu þegar til átaka kom en við aðalmeðferð í héraðsdómi ýjaði ákæruvaldið að því að þau hefðu sofið vært vegna lyfja sem Magnús hefði gefið þeim. Það var þó aldrei sannað.

magnush@frettabladid.is


Vilt þú ná hámarks árangri?



Námskeið í sölutækni

HH Ráðgjöf býður nú uppá námskeið í sölutækni sem hentar afar vel fyrir alla sölumenn, nýliða og þá sem reyndari eru.

Um er að ræða heildstætt námskeið sem nýtist öllum sem selja vöru eða þjónustu til verslana, fyrirtækja eða stofnana.

Á námskeiðinu er farið yfir meginlögmál árangursríkrar sölumennsku s.s.

- Markvissa útrás
- Hvernig halda á áhrifaríkar kynningar
- Viðbrögð við mótbárum
- Hvernig halda skal núverandi viðskiptavinum
- Öflun nýrra viðskiptavina
- Samningatækni
- Leiðir til að hámarka framlegð



Leiðbeinandi:
Hulda Helgadóttir
Framkvæmdastjóri

**Aðgengilegt, hagnýtt námskeið sem tekur mið af íslenskum aðstæðum.**

„Mjög gott námskeið sem nýttist mér vel, var skemmtilegt og opnaði augu mín fyrir mörgum hlutum.“
Guðni Vilberg Baldursson, sölumaður, Vatnsvirkinn hf

„Mjög gott upprifjunarnámskeið fyrir reyndari sölumenn, vel skipulagt þar sem farið er vel yfir aðalatriðin“
Þorsteinn Halldórsson, viðskiptastjóri, Tæknival

„Gott almennt námskeið sem fær mann til að hugsa.“
Vilhjálmur S. Eiríksson, söluráðgjafi, OgVodafone

Námskeiðið tekur 4 klst.

Nánari upplýsingar og skráning:
- Sími 561 6365
- tölvupóstur hhr@hhr.is
- www.hhr.is

HH RÁÐGJÖF

WWW.SVAR.IS

# FARTÖLVUR Á TILBOÐI

*í tilefni af 30 ára afmæli* acer

ATHUGIÐ! TAKMARKAÐ MAGN



acer

Ótrúlegt verð!

**ACER TRAVELMATE | 2403WXMi**

**Intel Celeron M 1.5Ghz - Centrino** / 256MB DDR2
14.1" WXGA TFT 1280x800dpi skjár / Intel GMA 900 - 128MB skjákort
40GB Ultra ATA 100 HD / CD skrifari / **DVD skrifari**
Windows XP Home á íslensku eða ensku

ALLAR ACER VÉLAR HAFA 3 ÁRA ÁBYRGÐ

STÆKKAÐU MINNIÐ UPP Í 512MB: **3.900-**

TILBOÐ: **69.900-**

ATHUGIÐ! TAKMARKAÐ MAGN



acer

ATHUGIÐ! TAKMARKAÐ MAGN



acer

Ótrúlegt verð!

**ACER TRAVELMATE | 4062LCi**

**Intel Pentium M 1.7Ghz - Centrino - Dothan** / 256MB DDR2
15" XGA TFT 1280x800dpi skjár / Intel GMA 915 - 128MB skjákort
40GB Ultra ATA 100 HD / CD skrifari / **DVD lesari**
Windows XP Home á íslensku eða ensku

ALLAR ACER VÉLAR HAFA 3 ÁRA ÁBYRGÐ

STÆKKAÐU MINNIÐ UPP Í 512MB: **3.900-**

TILBOÐ: **79.900-**

Ótrúlegt verð!

**ACER TRAVELMATE | 4062LMi**

**Intel Pentium M 1.7Ghz - Centrino - Dothan** / 256MB DDR2
15" XGA TFT 1280x800dpi skjár / Intel GMA 915 - 128MB skjákort
40GB Ultra ATA 100 HD / CD skrifari / **DVD skrifari**
Windows XP Home á íslensku eða ensku

ALLAR ACER VÉLAR HAFA 3 ÁRA ÁBYRGÐ

STÆKKAÐU MINNIÐ UPP Í 512MB: **3.900-**

TILBOÐ: **89.900-**

svar) tækni

SÍÐUMÚLA 37 - SÍMI 510 6000 - WWW.SVAR.IS




| Vinsælasta sólarströnd Ítalíu - Ath. tilboð á fyrstu 300 sætunum | Heitasti staðurinn í fyrra. Brottfarir í júní og ágúst að seljast upp |
|---|---|
| **Rimini** frá 43.895 kr. Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, vikuferð í maí eða 21. júní. Riviera íbúðahótelið. | **Króatía** frá 45.895 kr. Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. hjónmeð 2 börn, 2-11 ára, vikuferð í maí eða sept. Diamant íbúðahótelið. |
| Margar brottfarir í júní og ágúst að seljast upp | Frábærir gististaðir Margar brottfarir að seljast upp |
| **Costa del Sol** frá 39.696 kr. Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. hjón með 3 börn, 2-11 ára, vikuferð 25. maí eða 22. júní. Castle Beach íbúðahótelið. | **Mallorca** frá 35.495 kr. Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, vikuferð 25. maí eða 22. júní. Brasilia íbúðahótelið. |
| Glæsilegasta nýjungin sumarið 2006 | Sala hafin! - Ath. tilboð á fyrstu 300 sætunum |
| **Fuerteventura** frá 34.695 kr. Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, vikuferð í maí eða júní. Oasis Royal íbúðahótelið. | **Benidorm** frá 17.188 kr. Flugsæti til Alicante með sköttum. Gildir í valdar brottfarir. Netverð á mann. |
| Sala hafin! Barcelona – alltaf vinsæl | Sala hafin! Lloret de Mar – frábærir gistivalkostir |
| **Barcelona** frá 23.990 kr. Flugsæti með sköttum. Fargjald A. Netverð á mann. | **Lloret de Mar** frá 36.495 kr. Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, 5 nætur í maí eða júní (nema 29. júní). Bolero íbúðahótelið. |

Bókaðu beint á www.heimsferdir.is

Bókaðu núna og tryggðu þér 10.000 kr. afslátt á mann!

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001
Akureyri sími: 461 1099 • Hafnarfjörður sími: 510 9500


Samfylkingin vill færa fleiri verkefni frá ríki til sveitarfélaga:

# Sveitarfélög vantreysta ríkinu



**FLOKKSFORYSTAN FUNDAR** Ingibjörg Sólrún kynnti ásamt leiðtogum flokksins ætlanir Samfylkingar þá 98 daga sem eru fram að kosningum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Samfylkingin vill að sveitarfélögum fækki, þau taki við fleiri verkefnum af ríkinu og fái stærri hluta af tekjustofnum þess. Hún segir rótgróið vantraust ríkja á milli sveitarfélaganna og ríkisins. Af þeirri ástæðu hafi sameining sveitarfélaganna ekki gengið sem skyldi.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, kynnti ásamt helstu leiðtogum flokksins á höfuðborgarsvæðinu áætlanir Samfylkingar þá tæpu eitt hundrað daga sem eftir eru fram að kosningum.

„Samfylkingin er tilbúin í slaginn,“ sagði Ingibjörg. „Við ætlum að taka þetta með trukki.“

Tók Ingibjörg fram að flokkurinn vildi horfa heildstætt á málin en ekki skipta landinu upp í höfuðborgarsvæði gegn landsbyggðinni. Jafnræði ætti að ríkja með fólki sama í hvaða sveitarfélagi það byggi.

Sveitarstjórnarráðstefna flokksins fór fram á Akranesi um helgina. Samfylkingin kynnti nýtt vefsetur, xs.is, þar sem veitt verður innsýn í starf flokksins. - gag

# Segja ekkert ósiðlegt við stofnfjárkaupin

**Forstöðumaður markaðsviðskipta hjá MP fjárfestingarbanka segir viðskipti bankans með stofnfjárhluta í SPV ekki hafa verið ósiðleg. Prófessor í viðskiptafræði við HÍ segir erfitt að sjá fyrir örar hækkanir á óskráðum hlutabréfum.**

**VIÐSKIPTI** Forsvarsmenn MP fjárfestingarbanka segja ósiðleg vinnubrögð ekki hafa verið viðhöfð þegar bankinn hóf að kaupa stofnfjárhluta í Sparisjóði vélstjóra. Þeir stofnfjáreigendur í SPV sem seldu bréf sín í desember kvörtuðu margir hverjir undan ósiðlegum viðskiptaháttum af hálfu MP fjárfestingarbanka. Gengi bréfa í sjóðnum hefur hækkað um meira en hundrað prósent síðan viðskipti með bréfin hófust í desember.



**GYLFI MAGNÚSSON** Prófessor við Háskóla Íslands.

Guðmundur Karl Guðmundsson, forstöðumaður markaðsviðskipta hjá MP fjárfestingarbanka, segir fólki ekki hafa verið þröngvað til þess að selja hluti sína í sjóðnum, eins og sumir stofnfjáreigendur hafa haldið fram. Þvert á móti hafi bankinn aðstoðað seljendur eftir fremsta megni. „MP fjárfestingarbanki keypti tíu prósent af stofnfjárhlutum í bankanum og það var ekki annað að sjá en að það væri nægt framboð af seljendum. Við vorum ekki að knýja fólk til þess að selja. Það var alls ekki okkar hagur í þessu tilfelli að vera að þröngva fólki til þess að selja bréf sín.“



**KAUPSAMNINGUR VIÐ SELJENDUR** Kaupsamningur sem MP fjárfestingarbanki gerði við stofnfjáreigendur var með hefðbundnu sniði.

MP fjárfestingarbanki tók 1,5 prósenta þóknun fyrir að hafa milligöngu um viðskipti á stofnfjárhlutunum. Það er lágmarksþóknun fyrir viðskipti með hlutabréf sem ekki eru skráð á markað, en samkvæmt gjaldskrá bankanna getur þóknun fyrir viðskipti með óskráð bréf verið á bilinu 1,5 til fimm prósent.

Gylfi Magnússon, prófessor í viðskiptafræði við Háskóla Íslands, segir almennari reglur vera um hlutabréf sem skráð eru á markaði en þau sem eru óskráð. „Gagnsæi viðskipta með skráð hlutabréf er eðli málsins samkvæmt mun meira en með þau óskráðu. Í viðskiptum með skráðu bréfin er allt gert til þess að tryggja aðgang bæði kaupenda og seljenda að upplýsingum þannig að báðir aðilar hafi jafn góðar forsendur til þess að meta lögmæti bréfanna.“




**VIÐSKIPTI MEÐ STOFNFÉ** Hér sést hversu há upphæð fæst fyrir fjóra stofnfjárhluta í SPV á genginu 24. Gengið á bréfunum er nú komið yfir 65.

Í viðskiptum með óskráð hlutabréf, eins og stofnfjárhluta í SPV, eru margir óvissuþættir sem ekki er hægt að sjá fyrir áður en viðskipti með bréfin fara fram. Að sögn Gylfa eru því viðskipti með óskráðu bréfin erfiðari en viðskipti með bréf sem skráð eru á markaði. „Viðskipti með óskráð bréf eru ekki jafn augljós og þau skráðu, þar sem markaðsvirði bréfanna er ekki vel þekkt. Almennt er markaður með óskráð bréf ógagnsær og því erfiðara fyrir bæði seljendur og kaupendur að meta hvernig þróun mála verður eftir að viðskipti með bréfin hafa átt sér stað.“

magnush@frettabladid.is


AÐALFUNDUR MAREL HF. 2006

Marel

Aðalfundur Marel hf. fyrir starfsárið 2005 verður haldinn þriðjudaginn 28. febrúar, kl. 15:00 í húsnæði félagsins, Austurhrauni 9, Garðabæ.

Dagskrá :

1. Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt 4.04 grein samþykkta félagsins.
2. Tillaga um heimild stjórnar til kaupa á eigin hlutabréfum í félaginu.
3. Tillaga um að veita stjórn félagsins heimild til hækkunar hlutafjár vegna kaupréttarsamninga.
4. Önnur mál, löglega borin fram.

Dagskrá, endanlegar tillögur og reikningar félagsins liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis viku fyrir aðalfund.



Aðgöngumiðar og fundargögn verða afhent á fundarstað frá kl. 14:30.

Stjórn Marel hf.

Marel hf. | Austurhrauni 9 | 210 Garðabær | Sími: 563 8000 | info@marel.com

# NÚ er rétti tíminn fyrir TEMPUR

Betra BAK




# Febrúartilboð á Tempur heilsudýnum og stillanlegum rúmum



Að sofa er eitt, að hvílast er annað.

Í febrúar bjóðum við Tempur heilsudýnur, stillanleg rúm og kodda á frábæru tilboði. Yfir 30 þúsund læknar, sjúkraþjálfarar og kíropraktorar um heim allan mæla með Tempur. Með Tempur heilsudýnunni nærðu hámarksslökun, hvíld og svefni sem er lykillinn að góðri andlegri og líkamlegri heilsu.

CERTIFIED SPACE TECHNOLOGY™

EINA DÝNAN OG KODDINN SEM VIÐURKENND ERU AF NASA OG SKJALFEST AF GEIMFERÐASTOFNUN BANDARÍKJANNA ✦

AÐEINS FRÁ TEMPUR®

ÓSVIKIÐ TEMPUR® EFNI™

www.design.is @ 2005

Betra BAK

**Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477**
**betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is**
**Opið virka daga frá kl. 10-18**
**og laugardaga frá kl. 11-16**

## „ORÐRÉTT"

### Silvía Nótt vann

**„Ég horfði ekki á keppnina og veit ekki hvernig þetta fór."**

KRISTJÁN HREINSSON SKÁLD OG MÓTMÆLANDI. FRÉTTABLAÐIÐ.

### Þar höfum við það

**„Við ætlum ekki að vera á þessum skítalaunum lengur."**

VERNHARÐUR GUÐNASON SLÖKKVILIÐSMAÐUR. MORGUNBLAÐIÐ.

nær og fjær
**tilveran**

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? SIGURÐUR HELGI HLJÓMLISTARMAÐUR

# Diskar og hljómleikaferðir í farvatninu

„Núna er ég að taka upp disk með Afabandinu og hann kemur út með vorinu," segir Sigurður Helgi Jóhannsson, Siggi Helgi, hljómlistarmaður á Akureyri. Þetta verður þriðji diskur hjómsveitarinnar en hinir fyrri runnu út eins og heitar lummur að sögn Siggga Helga og því engin ástæða til að láta staðar numið. Afabandið leikur gömul dægurlög á borð við Kötukvæði og Komdu inn í kofann minn. „Við stílum upp á nikku og söng, ekki ósvipað og Örvar Kristjánsson gerði þegar hann var upp á sitt besta."

En þessi diskur er ekki sá eini sem Siggi Helgi vinnur að þessa dagana, hann var einn af frumkvöðlum kántrítónlistarinnar á Íslandi fyrir rúmum tuttugu árum ásamt Hallbirni Hjartar og Johnny King, og hefur ekki sagt skilið við þá tegund tónlistar. „Það er smá hlé í augnablikinu en við vorum byrjaðir á að taka upp plötu sem við ætluðum að senda á Ameríkumarkað. Þar úti er náungi að nafni Eric Johnson sem ég kynntist í gegnum dóttur mína. Hann vill fá prufueintök til að setja á útvarpsstöðvarnar og athuga viðtökurnar. Frændi Erics er í kántrítónlist svo hann hefur einhver sambönd þarna úti."

Siggi Helgi horfir ekki bara vestur um haf með kántrítónlistina, hugsanlegt er að hann fari í tónleikaferð til Noregs í sumar. „Það er meiningin. Ég var þar í fyrra og þar er mikið kántrí í gangi. Alls staðar sem maður kemur, í búðir og annars staðar, er spiluð kántrítónlist."

Og eins og þetta sé ekki nóg er Siggi Helgi líka að spá í að gera barnaplötu. „Ég ætla að gera hana með gömlum félögum mínum frá Keflavík," segir Siggi Helgi, sem er líka byrjaður að vinna að sólóplötu sem kemur út eftir þrjú ár en þá verður hann fimmtugur. „Ég ætla að fá hundrað prósent menn í hana með mér; Gunna Þórðar, Jóa Helga, Magga Sigmunds og þessa kalla," segir Siggi Helgi og horfir björtum augum til framtíðar.



SIGURÐUR HELGI JÓHANNSSON

## HVAÐ SEGIR ANNA Á HESTEYRI?

FUGLAFLENSAN



ANNA MARTA GUÐMUNDSDÓTTIR BÓNDI Á HESTEYRI Í MJÓAFIRÐI

# Ég óttast fuglaflensuna

„Ég vara fólk við að komast í snertingu við fuglaskít. Menn verða að gæta sín," segir Anna Marta Guðmundsdóttir, bóndi á Hesteyri við Mjóafjörð. Hún fylgist vel með fréttum af flensunni og útbreiðslu H5N1-stofns veirunnar sem nú hefur fundist víða um Evrópu. Og Anna hefur ekki einasta áhyggjur af mannfólkinu heldur líka blessuðum fuglunum. Sjálf heldur hún 42 endur og 26 gæsir á bæ sínum.

„Fólk verður að forðast fuglaskít sem mest það getur, sérstaklega gæsa- og andaskít, og ég hef einmitt mest af þeim fuglum," segir hún og horfir til sumarsins þegar fólk er mikið úti í náttúrunni. „Þegar börnin velta sér um í móunum geta þau fengið á sig skít."

Hún veit að hennar eigin öryggi er borgið á meðan veiran leggst ekki á fólk. „Þá er mér óhætt en skepnunum mínum getur stafað hætta af þessu. Ég gæti þurft að setja fuglana mína inn og jafnvel að fækka þeim eitthvað." Allir eru fuglarnir hennar Önnu hressir ennþá, enda hefur veiran ekki borist til Íslands, eins og kunnugt er.

Anna byggir þekkingu sína á fuglaflensunni á samtölum við Sigurð Sigurðarson dýralækni á Keldum. Hann hefur ráðlagt henni að halda fuglunum innan girðingar en Önnu er í nöp við girðingar. „Fuglarnir geta slasað sig á þeim," segir hún en veit sem er að ef veiran berst til Íslands þarf hún að fara að ráðum dýralækna.








**RUNÓLFUR DAGBJARTSSON** Runólfur er jafnan kallaður Dúddi múrari í heimabæ sínum. Hann segist ekkert sérlega líkur Lunda verkstjóra sem hann lék í myndinni Nýju lífi.

# Dúddi múrari var Lundi verkstjóri í Nýju lífi

**Það hefur mismikil áhrif á líf fólks þegar það verður kvikmyndastjörnur. Fyrir suma tekur lífið stökkbreytingu en aðrir halda sínu striki. Einn þeirra síðarnefndu er Runólfur Dagbjartsson, sem jafnan er kallaður Dúddi múrari í heimabæ sínum, Vestmannaeyjum. Flestir landsmenn minnast hans þó sem Víglundar eða Lunda verkstjóra í kvikmyndinni Nýju lífi.**

„Ég hafði verið að leika fyrir leikfélagið hér í Eyjum og einhvern veginn atvikaðist það þannig að ég var fenginn í þetta hlutverk," segir Runólfur eða Dúddi múrari þegar blaðamaður rakst á hann á förnum vegi í Vestmannaeyjabæ. „Ég var reyndar múrari en þegar vertíðir stóðu sem hæst var ég oft fenginn til að vinna fyrir Vinnslustöðina og þá var ég verkstjóri þar svo ég var vissulega á kunnuglegum slóðum í þessari mynd," segir hann og hlær við. „Ég veit þó ekki hversu líkur ég er þessum Víglundi nema þá í sjón. En hann átti það til að verða grimmur þegar hann greip þessa peyja, sem þóttust vera alvanir menn, hálfa ofan í teljaranum þegar þeir áttu að vera að gera að.

En þetta var allt afskaplega skemmtilegt og gaman að vinna með þessu fólki. Svo var ég reyndar beðinn um að vinna í annarri mynd sem Þráinn gerði en ég neitaði því. Ég hef miklu meira gaman af því að leika í leikritum, þetta er óttalegt fals í þessum bíómyndum og ef maður er klaufi þarf að taka sama atriðið aftur og aftur. Leikritin eru meira ekta."

Runólfur er 83 ára og er við hestaheilsu enda gengur hann mikið um eyjuna fögru sem er honum afar kær. „Ég á 32 afkomendur og enginn þeirra er hér í Vestmannaeyjum. Svo reyna þeir mikið til þess að fá mig upp á land en það er tómt mál að tala um. Ég fer ekki héðan meðan hlandið í mér er volgt," segir hann og hlær.

Hann segir það fáu hafa breytt fyrir sig að hafa orðið landsþekktur leikari. „Hér í Vestmannaeyjum þekktu mig svo sem allir en ég fann fyrir því þegar ég skrapp til Reykjavíkur að fólk sagði sín á milli þegar það labbaði framhjá mér: „Sástu hver þetta var?" En ég neita því ekki að þetta kitlaði hégómagirndina, svona fyrst," segir Dúddi múrari og heldur svo gönguferðinni áfram.

jse@frettabladid.is

# Framsókn á Fréttablaðinu

Þingflokkur Framsóknarflokksins heimsótti ritstjórnarskrifstofur Fréttablaðsins í gærmorgun. Var þingmönnunum veitt innsýn í vinnsluferli blaðsins og fylgdust þeir með störfum blaða- og umbrotsmanna drykklanga stund.

Í hópi þingmanna Framsóknarflokksins eru nokkrir vanir fjölmiðlamenn, til dæmis Jón Kristjánsson sem ritstýrði Austra og Tímanum og Árni Magnússon sem lengi starfaði í útvarpi og sjónvarpi.

Fylgi Framsóknarflokksins mældist afar lítið í skoðanakönnun Fréttablaðsins á sunnudag. Virtust þingmennirnir hafa jafnað sig á þeim ótíðindum, í það minnsta voru þeir léttir í lundu og höfðu gaman af heimsókninni.

- bþs



**FYLGST MEÐ ÚTLITSHÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS** Sigurjón M. Egilsson fréttaritstjóri og Kristín Anna Björnsdóttir umbrotsmaður sýna Hjálmari Árnasyni, Árna Magnússyni og Dagnýju Jónsdóttur hvernig Fréttablaðið er unnið. Á bak við má sjá Jón Kristjánsson tala í símann.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




HÉR & NÚ / SÍA / LJÓSMYND KRISTJÁN LOGA

# 4x4xInnkaupakerra




Fullbúinn **CR-V LS** með lipurð og rými
fyrir bestu kaupin verð frá aðeins:

**2.690.000** kr.

**28.181** kr.
á mánuði*

honda.is

Fjölbreytilegt innanrýmið, sem þú getur stillt á fjölda vegu og fótviss fjórhjóladrifsbúnaðurinn gera Honda CR-V að borgarjeppanum fyrir innkaupaferðirnar þínar - hvort sem þær eru í þröngum strætum miðbæjarins eða víðum vegum landsins. ABS hemlar ásamt vali um spólvörn, skrikvörn og loftpúðagardínur eru meðal þess sem tryggir öryggi og aksturseiginleika eins og best verður á kosið. **Tryggðu þér bestu kaupin í Honda CR-V borgarjeppa.**

BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100
**www.bernhard.is**

*Bílasamningur Lýsingar – 30% innborgun og eftirstöðvar á 84 mánuðum, 50% í myntkörfu 50% í Íkr. * * Bíll á mynd er CR-V Executive

Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bílavík, sími 421 7800 - Akranes, Bílver, sími 431 1985 - Akureyri, Höldur, sími 461 6020 - Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535

## Svona erum við

> Afli í janúar. Bráðabirgðatölur úr Lóðs í tonnum




Heimild: Hagstofa Íslands

# baksvið
*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING: ÞJÓNUSTUTILSKIPUN ESB**

## *Samkeppni í þjónustuviðskiptum*

Svonefnd þjónustutilskipun Evrópusambandsins var samþykkt á Evrópuþinginu fyrir helgi, eftir að málamiðlun hafði verið náð um umdeildustu atriði hennar. Þessi væntanlega Evrópulöggjöf mun einnig taka gildi á Íslandi í gegnum EES-samninginn.




**Um hvað snýst þjónustutilskipun ESB?**
Evrópulög sem miða að því að opna innri markað Evrópu fyrir samkeppni yfir landamæri á sviði þjónustuviðskipta. Margvísleg höft hamla að óbreyttu gegn því að fyrirtæki í einu landi bjóði upp á þjónustu í öðru landi sem þó á aðild að innri markaðnum. Dæmi um slík höft er að fyrirtæki með höfuðstöðvar í öðru landi sé gert að setja upp dótturfyrirtæki sem þurfi að sækja um leyfi til yfirvalda í því landi, greiða hærri skatta eða sæta íþyngjandi tungumálaákvæðum.

**Til hvaða þjónustu nær tilskipunin?**
Í frumvarpinu sem samþykkt var á Evrópuþinginu eru ýmis svið þjónustu undanskilin gildissviði tilskipunarinnar. Þar á meðal er póstþjónusta, útvarps- og sjónvarpsrekstur, skammtíma vinnumiðlun, heilbrigðisþjónusta, lögfræðiþjónusta og félagsþjónusta, svo sem barnaumönnun. Tilskipunin nær engu að síður til margra starfssviða, svo sem fyrirtækjaráðgjafar, arkitektaþjónustu, byggingastarfsemi og ótal annarra.

**Hvenær tekur tilskipunin gildi?**
Tilskipunin verður rædd á leiðtogafundi ESB nú í mars. Austurríska ríkisstjórnin, sem fer með formennskuna í ESB þetta misserið, vill að pólitískri sátt verði náð um endanlega mynd tilskipunarinnar fyrir mitt árið. Þá fer frumvarpið aftur til Evrópuþingsins áður en það getur öðlast lagagildi, sem væntanlega verður ekki fyrr en í ársbyrjun 2009. Vænta má að EES-löndin Ísland, Noregur og Liechtenstein innleiði tilskipunina í sína löggjöf um svipað leyti og ESB-ríkin 25.

**SPURT OG SVARAÐ**

**LÓÐAÚTHLUTUN**

## *Borgin græðir milljarða*



**VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON**
Oddviti Sjálfstæðisflokks í Reykjavík.

Mikil umræða hefur átt sér stað um lóðaúthlutanir Reykjavíkurborgar í Úlfarsfelli eftir að einn maður átti hæsta tilboð í 39 einbýlishúsalóðir. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson er oddviti sjálfstæðismanna í borgarstjórn.

**Er hægt að draga útboðið til baka þó einn hafi keypt svo margar lóðir?**
Ég skal ekkert um það segja. Það verður rætt í borgarráði á fimmtudag og því er of snemmt fyrir mig að segja hvort og þá með hvaða hætti er hægt að komast úr þessu klúðri.

**Hvernig vilt þú að staðið verði að úthlutunum?**
Ég tel að borgin eigi að ráðstafa lóðum á sanngjörnu verði. Við eigum ekki að vera að setja mikla álagningu á það verð og þá munu þeir sem eru í alvöru að hugsa um að kaupa lóðir gefa sig fram en síður þeir sem vilja hagnast á lóðabraski. En borgin er að ráðgera samkvæmt eigin fjárhagsgerðum að græða um fimm milljarða á þessu lóðabraski á árunum frá 2006 til 2009. Og það eru bara húsbyggjendur sem greiða þann kostnað. Málið er að það þarf að tryggja nægt framboð lóða.

**Ekkert blað í morgun?**

**Hringdu í 550 5000 og láttu okkur vita.**

FRÉTTABLAÐIÐ
- stærsti fjölmiðillinn

# Fleiri andvígir aðild en fylgjandi

**42,3 prósent þjóðarinnar eru nú andvíg því að Ísland sæki um aðild að Evrópusambandinu. Þetta kemur fram í nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. 34,3 prósent eru því fylgjandi að Ísland sæki um aðild en rúm 23 prósent hafa ekki gert upp hug sinn.**

Í fyrstu viku febrúar spáði Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra því að árið 2015 yrði Ísland gengið í Evrópusambandið. Vilji þjóðarinnar virðist ekki fylgja mati Halldórs að þessu leyti, að minnsta kosti telja rúm 55 prósent af þeim sem tóku afstöðu í nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins að Ísland eigi ekki að sækja um aðild. 44,8 prósent telja að sækja eigi um. Ef tekið er tillit til þeirra sem ekki hafa gert upp hug sinn segjast 34,3 prósent vera því fylgjandi að Íslandi sæki um aðild að sambandinu, 42,3 prósent eru því mótfallin og 23,4 prósent eru óákveðin.

**Jákvæðara utan höfuðborgar**
Karlar virðast frekar en konur hafa gert upp hug sinn hvað varðar aðild að Evrópusambandinu og eru frekar mótfallnir aðild en konur. 34,6 prósent karla eru fylgjandi aðild, 46,6 prósent eru því mótfallin en 18,8 prósent hafa ekki gert upp hug sinn. Af konum eru 33,9 prósent fylgjandi umsókn um aðild, 38,0 prósent eru því mótfallin og 28,1 prósent er óákveðið.

Fólk sem býr utan höfuðborgarsvæðisins virðist bæði jákvæðara gagnvart því að sækja um aðild, sem og frekar búið að gera upp hug sinn. 37,5 prósent þeirra vilja að Ísland sæki um aðild að Evrópusambandinu, 41,6 prósent eru því mótfallin og 20,8 prósent eru óákveðin. Af þeim sem búa á höfuðborgarsvæðinu segir 32,1 prósent að Ísland eigi að sækja um aðild, 42,7 prósent eru á móti því og 25,2 prósent eru óákveðin.

**Mestur stuðningur meðal kjósenda Samfylkingar**
Hægt er að greina stuðning við aðild að Evrópusambandinu eftir því hvaða flokk svarendur segjast myndu kjósa ef boðað yrði til kosninga nú. Þó verður að hafa í huga að þetta er fremur vísbending um hug stuðningsfólks stjórnmálaflokkanna, því þegar búið er að greina svörin svo eru þau orðin nokkuð fá og vikmörkin því mun hærri.

Mestur er stuðningur við aðild að Evrópusambandinu meðal þeirra sem segjast myndu kjósa Samfylkinguna og segjast 42,4 prósent þeirra vilja að Ísland sæki um aðild. 35,4 prósent stuðningsfólks Samfylkingar eru því mótfallinn og 22,2 prósent segjast enn óákveðin. Það þarf ekki að koma á óvart að stuðningur við aðild sé mestur innan þess flokks, þar sem það er á stefnuskrá flokksins að láta reyna á aðildarviðræður við Evrópusambandið.

**Minnstur stuðningur meðal kjósenda Frjálslynda flokksins**
Þeir sem helst eru andvígir því að Ísland sæki um aðild að Evrópusambandinu eru stuðningsmenn Frjálslynda flokksins, en flokkurinn segir í stefnuskrá sinni að aðild komi ekki til greina á meðan reglur sambandsins séu óbreyttar í fiskveiðimálum.

64,7 prósent stuðningsmanna Frjálslynda flokksins vilja ekki að Ísland sæki um aðild, 29,4 prósent eru því fylgjandi en einungis 5,9 prósent eru óákveðin.

**Deildar meiningar meðal kjósenda Vinstri grænna**
Vinstrihreyfingin - grænt framboð er einnig mótfallin aðild að Evrópusambandinu í stefnuskrá sinni, þar sem segir: „hugsanlegur ávinningur af aðild Íslands réttlætir ekki frekara framsal á ákvörðunarrétti um málefni íslensku þjóðarinnar og er aðild að Evrópusambandinu því hafnað.“

Kjósendur Vinstri grænna eru ekki jafn eindregið mótfallnir aðild að sambandinu ef marka má þessa skoðanakönnun. 39,1 prósent þeirra sem segjast myndu kjósa flokkinn styður umsókn að Evrópusambandinu. Jafnstór hluti, 39,1 prósent, er andvígur en 21,7 prósent segjast óákveðin.

**Stuðningsmenn Sjálfstæðisflokks sammála flokknum**
Á síðustu landsfundarályktun Sjálfstæðisflokksins segir að flokkurinn telji aðild að sambandinu ekki þjóna hagsmunum þjóðarinnar eins og málum sé nú háttað. Meirihluti stuðningsfólks Sjálfstæðisflokksins er sammála flokknum og segjast 50,5 prósent vera mótfallin því að sækja um aðild að Evrópusambandinu. 32,5 prósent eru því fylgjandi og 17,0 prósent eru óákveðin.

**Tæplega helmingur kjósenda Framsóknarflokks andvígur aðild**
Formaður Framsóknarflokks og forsætisráðherra hefur spáð því að Ísland verði gengið í sambandið fyrir 2015. Á síðasta flokksþingi var samþykkt að halda áfram vinnu við mótun samningsmarkmiða og hugsanlegs undirbúnings aðilarviðræðna við sambandið. Niðurstöður þeirrar vinnu skal leggja fyrir næsta flokksþing til kynningar.

Deildar meiningar virðast meðal stuðningsmanna flokksins, en tæplega helmingur, 48,5 prósent, er því andvígur að sækja um aðild. 36,4 prósent segjast hugmyndinni fylgjandi og 15,2 prósent hafa ekki gert upp hug sinn.

Af þeim sem ekki gáfu upp hvaða flokk þeir myndu kjósa, yrði boðað til alþingiskosninga nú, segjast 30,5 prósent vilja að Ísland sæki um aðild að sambandinu. 39,4 prósent segjast ekki vilja að sótt verði um og 30,2 prósent eru óákveðin.

Hringt var í 800 manns laugardaginn 18. febrúar og skiptust svarendur jafnt á milli kynjanna og hlutfallslega eftir kjördæmum. Spurt var: „Á Ísland að sækja um aðild að Evrópusambandinu?“ 75,1 prósent svarenda svaraði spurningunni játandi eða neitandi. 15 neituðu að svara. 98,1 prósent tók því afstöðu til spurningarinnar eða var óákveðið.



**VIÐ FÁNA EVRÓPUSAMBANDSINS** Íslendingar virðast ekki sammála um hvort sækja eigi um aðild að Evrópusambandinu eða ekki.

**Á ÍSLAND AÐ SÆKJA UM AÐILD AÐ EVRÓPUSAMBANDINU?**
Eftir flokksstuðningi




**Á ÍSLAND AÐ SÆKJA UM AÐILD AÐ EVRÓPUSAMBANDINU?**
Kannanir Fréttablaðsins og Gallup






FRÉTTASKÝRING
SVANBORG SIGMARSDÓTTIR
svanborg@frettabladid.is






# ALVÖRU BÓNUS -3 KR.

## Það er ekkert mál að lækka bensínverðið

*Bensínfrelsi Orkunnar er fyrirframgreitt eldsneytiskort sem þú sækir um á heimasíðu Orkunnar og færð svo sent án endurgjalds. Þegar greitt er með frelsiskorti lækkar eldsneytisverðið um 3 krónur í hvelli. Einfaldast er að millifæra inn á kortið í heimabanka en aðrar leiðir eru að sjálfsögðu færar. Nánari upplýsingar um kortið er að finna á www.orkan.is.*

ORKAN BENSÍN

ÞAÐ MUNAR UM MINNA



BENSÍNFRELSI

SPARAÐU 3 KR. Í VIÐBÓT

Ingvar Víkingsson / FÍT



**BAUGSMÁLIÐ Í HÉRAÐSDÓMI REYKJAVÍKUR Í GÆR** Ný gögn voru lögð fram af hálfu setts saksóknara. Verjendur bókuðu mótmæli.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Enginn samningur við Sullenberger

**Allir sakborningarnir í Baugsmálinu komu fyrir rétt í gær þegar aðalmeðferð málsins hófst. Saksóknari hjá Ríkislögreglustjóra neitar því að samið hafi verið um að Jón Gerald Sullenberger yrði ekki saksóttur. Hann kemur fyrir rétt í dag.**

**BAUGSMÁLIÐ** Jón H. B. Snorrason, saksóknari hjá embætti Ríkislögreglustjóra, sagði í vitnastúku við aðalmeðferð Baugsmálsins í dag að enginn samningur hefði verið gerður um að Jón Gerald Sullenberger yrði ekki ákærður í Baugsmálinu fyrir hliðstæð brot og Jóhannes Jónsson og börn hans Jón Ásgeir og Kristín. Þau eru öll ákærð fyrir tollsvik og skjalafölsun við bílainnflutning frá Bandaríkjunum.

Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs, þaulspurði Jón Snorrason um brot sem Jón Gerald hefði í raun viðurkennt að hafa framið með því að gefa út ranga og tilhæfulausa reikninga í nafni Nordica Inc, fyrirtækis síns. Taldi Gestur undarlegt að þeir sem neitað hefðu sök í málinu væru ákærðir en einstaklingur sem játað hefði á sig refsiverð brot í sama máli væri ekki ákærður.

Jón Snorrason endurtók að við heildarmat á málinu hefði ekkert tilefni fundist til að ákæra Jón Gerald. Fram kom einnig í máli Jóns að meint brot sakborninga á tollalögum við bílainnflutninginn snertu ekki Jón Gerald.

Jón Snorrason var einnig spurður hvort einhver kynni að hafa talað máli Jóns Geralds til að tryggja að hann fengi ekki stöðu sakbornings. Jón Snorrason sagði að við upphaf málsins hefði Jón Gerald einungis verið í samband við Jón Steinar Gunnlaugsson, lögmann sinn.

Jóhannes Jónsson í Bónus sagði í vitnastúku að hann hefði aldrei beðið Jón Gerald að falsa reikninga og aldrei hefði hvarflað að sér að leggja nafn sitt undir með þeim hætti í íslensku viðskiptalífi.

Jóhannes og börn hans Kristín og Jón Ásgeir kváðust almennt lítið hafa haft af bílainnflutningunum að segja annað en að velja bifreiðar, en einhverjar þeirra voru fluttar inn á vegum Bónus.

Í upphafi aðalmeðferðar Baugsmálsins lagði Sigurður Tómas Magnússon, settur saksóknari, fram ný gögn frá bílasalanum Ivan Motta hjá bílasölunni Zona Franca í Florida, en hann ber vitni í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag ásamt Jóni Gerald Sullenberger.

Verjendur mótmæltu framlagningu gagnanna og var þeim gefið stutt hlé til meta gögnin. Mótmælin standa en sæst var á að halda áfram meðferð málsins.



FRÉTTASKÝRING
JOHANN HAUKSSON
johannh@frettabladid.is


Tilboð febrúar 2006
Dax handspritt, krem og sápur

Hreinar hendur
örugg samskipti



Jóhanna Runólfsdóttir
Sjúkraliði, ráðgjafi hjá RV

TUNGLIÐ RV6203A

DAX skammtari
snertifrír
5.973 kr.

DAX handáburður
250ml
238 kr.

DAX handsápa
mild 600ml m.dælu
197 kr.

DAX handspritt
í snertifr.
650 kr.



Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is


Verjendur takast á um nákvæmni og misræmi:

# Veikleikar í málsgögnum

**BAUGSMÁL** Verjendur sakborninga í Baugsmálinu sóttu að Arnari Jenssyni aðstoðaryfirlögregluþjóni við vitnaleiðslur í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Taldi Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, að Arnar hefði spurt tvo fjármálastjóra Baugs villandi spurninga við rannsókn málsins með því að gefa til kynna að lán til stjórnenda eða starfsmanna hlutafélaga væru ólögleg og án undantekninga. Gestur spurði hvort embættið hefði mögulega misskilið þýðingu umræddrar greinar.

Arnar kvaðst hafa gert einhverjum vitna grein fyrir inntaki umræddrar lagagreinar og af samhengi yfirheyrslunnar mætti ráða annað en það sem Gestur héldi fram.

Verjendur bentu einnig á misræmi í lögregluskýrslum þar sem Anna Þórðardóttir, endurskoðandi hjá KPMG hefði verið borin fyrir því af rannsóknara að Jón Ásgeir Jóhannesson hefði ekki viljað sérgreina lánveitingar milli stjórnenda og Baugs í ársskýrslu. Hvergi væri neitt að finna í málsgögnum um að Anna hefði nefnt Jón Ásgeir.

Arnar fékk næði til að kynna sér viðkomandi málsgögn en viðurkenndi síðar ónákvæmni af sinni hálfu. **- jh**



**MÖPPUR MEÐ MÁLSGÖGNUM Í BAUGSMÁLINU SKIPTA TUGUM** Aðalmeðferð Baugsmálsins verður fram haldið í dag og ef til vill á miðvikudag.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Endurskoðandi lagði að stjórnendum að sýna gætni:

# *Ásakanir Davíðs höfðu áhrif*

**BAUGSMÁL** Endurskoðendurnir Stefán Hilmar Hilmarsson og Anna Þórðardóttir báru vitni í Baugsmálinu í gær. Þau eru í hópi sakborninga fyrir brot á lögum um ársskýrslur og hlutafélög. Bæði hafa þau áritað ársskýrslur Baugs á undanförnum árum.

Fram kom í máli Stefáns að hann hefði sent harðort bréf árið 2001 þar sem hann hefði meðal annars beðið um nákvæmari meðferð á fylgiskjölum í bókhaldi. Hvorki væri óeðlilegt né óalgengt af hálfu endurskoðenda að senda slík bréf.

Stefán sagði efnislega að eftir fund Hreins Loftssonar, stjórnarformanns Baugs, og Davíðs Oddssonar, þáverandi forsætisráðherra, og harðar ásakanir Davíðs á hendur félaginu í ársbyrjun 2002 hefði hann sent bréf og beðið stjórnendur Baugs um að taka af öll tvímæli um viðskiptakröfur milli þeirra og Baugs eða Gaums eða kröfur sem kynnu hugsanlega að orka tvímælis. Upphefja yrði allan vafa ef túlka ætti undanþágur í hlutafélagalögum til lánveitinga þeim í hag.

Í vitnaleiðslum í gær kom fram að stjórnendur Baugs hefðu í viðskiptareikningum sínum ekki viljað sérgreina neitt í ársskýrslum sem lán. Engu að síður hefðu endurskoðendurnir áritað árskýrslur Baugs án fyrirvara. **- jh**




**STEFÁN HILMAR HILMARSSON ENDURSKOÐANDI** Stefán hefur engar efasemdir um að fylgt hafi verið góðum reikningsskilavenjum í ársskýrslum Baugs sem hann áritaði.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




upplifðu ÍSLAND SÆKJUM ÞAÐ HEIM

HÖFUÐBORGARSTOFA

Reykjavíkurborg

Orkuveita Reykjavíkur

# skoðun

SJÓNARMIÐ
JÓN KALDAL

Upplýsingar um sölu Búnaðarbankans eru að stóru leyti endurflutt efni úr Fréttablaðinu.

## Einkavæðingarnefnd á leik

Ekkert nýtt hefur komið fram," hafði forsætisráðherra eftir ríkisendurskoðanda á Alþingi í gær, í kjölfar þess að tveir þingmenn kröfðust þess að sala Búnaðarbankans fyrir fjórum árum yrði rannsökuð.

Þetta er hárrétt hjá Halldóri Ásgrímssyni. Þær upplýsingar sem Vilhjálmur Bjarnason, aðjúnkt við Háskóla Íslands, kom fram með í ljósvakamiðlunum um helgina eru ekki nýjar af nálinni, heldur eru að stærstum hluta endurflutt efni úr viðamiklum greinaflokki sem Fréttablaðið birti síðasta vor um einkavæðingu ríkisbankanna.

Úttektina vann Sigríður Dögg Auðunsdóttir, blaðamaður Fréttablaðsins, sem um helgina hlaut einmitt verðlaun Blaðamannafélags Íslands fyrir rannsóknarblaðamennsku ársins, fyrir þennan sama greinaflokk auk skrifa um aðkomu áhrifamanna að aðdraganda málaferla gegn forsvarsmönnum Baugs.

Til upprifjunar er rétt að grípa niður í úttekt Sigríðar Daggar sem birtist í Fréttablaðinu 30. maí 2005, þar sem fjallað er um aðkomu þýska einkabankans Hauck & Aufhäuser að kauptilboði S-hópsins í Búnaðarbankann:

„Framkvæmdanefndin hafði á þessum tíma ekki enn fengið uppgefið frá S-hópnum hver eða hverjir hinir erlendu fjárfestar væru. Skýringar S-hópsins voru þær að erlendi fjárfestirinn vildi ekki koma fram fyrr en samningar hefðu verið undirritaðir. Til þess að skera úr um það hvort erlendi fjárfestirinn væri áreiðanlegur var samið um það við S-hópinn að hann myndi gefa ráðgjöfum framkvæmdanefndarinnar, HSBC, upp nafnið á fjárfestinum og HSBC myndi síðan upplýsa nefndina um hvort hann væri áreiðanlegur. Umsögn HSBC um erlenda fjárfestinn vakti ekki spurningar meðal framkvæmdanefndarinnar fyrr en daginn sem skrifað var undir samninginn við S-hópinn og tilkynnt var hver erlendi fjárfestirinn var. Nefndarmönnum fannst þá að umsögn HSBC hefði ekki getað átt við Hauck & Aufhauser því hún hefði dregið upp mynd af stórum alþjóðlegum fjárfestingabanka, sem Hauck & Aufhauser er ekki. Umsögn HSBC hefði mun frekar átt við Société Générale, sem var sjötti stærsti banki í Evrópu, en S-hópurinn átti á þessum tíma í viðræðum við bankann um að taka þátt í kaupunum."

Í úttekt Sigríðar Daggar kemur fram að S-hópurinn neitaði því að hafa gefið upp annað nafn en Hauck & Aufhauser í aðdraganda kaupanna en þegar Fréttablaðið óskaði eftir því síðasta vor við einkavæðingarnefnd að fá afhent afrit af umsögn HSBC um erlenda bankann var því synjað. Þeirri höfnun var skotið til úrskurðarnefndar um upplýsingamál en þar var Fréttablaðinu aftur synjað um upplýsingarnar, nú á þeim forsendum að einkavæðingarnefnd hefði ekki borist „formlegt erindi" HSBC „um niðurstöður áreiðanleikakönnunar á erlenda bankanum.

Í viðamikilli einkavæðingarskýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að einkavæðingarnefnd rökstuddi ákvörðunina um að ganga til samninga við S-hópinn ekki síst á þeim forsendum að innan hans væri „virt erlent fjármálafyrirtæki". Samkvæmt úrskurðarnefndinni virðast einkavæðingarnefnd hins vegar hafa dugað óformlegar upplýsingar til að komast að niðurstöðu.

Erfitt er að skilja af hverju einkavæðingarnefnd hefur ekki verið tilbúin að leggja þær upplýsingar á borðið og taka þar með af öll tvímæli um að hún hafi starfað í góðri trú, óháð þeim efasemdum sem skjótt brotthvarf þýska smábankans úr hluthafahópi Búnaðarbankans hefur síðar vakið.






## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ég sel kjötfars

Loksins er Baugsmálið komið til efnislegrar meðferðar í Héraðsdómi Reykjavíkur eftir mikið þjark og þref um formsatriði og kærur sem gengið hafa milli dómstiganna tveggja mánuðum saman. Það var mál manna þegar gert var hádegishlé að Jóhannes Jónsson í Bónus hefði sýnt tilþrif í dómssalnum og hvergi gefið eftir. Sigurður Tómas Magnússon settur saksóknari spurði Jóhannes líkt og aðra um þau mál sem eftir standa í Baugsmálinu, bílainnflutning frá Flórída, viðskiptareikninga, endurskoðun og ársskýrslur svo nokkuð sé nefnt. „Mín sérgrein er að selja kjötfars," sagði Jóhannes og sagðist ráða sérfræðinga til þess að fást við reikningsskil og endurskoðun. Hann yrði að geta treyst því að hlutirnir væru í lagi hjá þeim. Jóhannes var spurður hvað hann ætti við með því að Jón Gerald hefði „tálbeitt" sig. Jú, Jón Gerald hefði verið notaður af öðrum. Þess utan hefði þessi fyrrverandi vinur haft í hótunum um að stytta líf sonarins, Jóns Ásgeirs.



### Hæstaréttardómari

Sigurður Tómas Magnússon, settur saksóknari í Baugsmálinu, þykir hafa tekið á málum af fagmennsku og festu eftir að hann hóf störf sín. Fjölmiðlamenn höfðu á orði fyrir nokkrum vikum að hann væri búinn að skora nokkur mörk á báðum dómstigum og staðan væri þá tvö núll fyrir hann. Gárungarnir heyrðu í fréttum í gær að verið væri að auglýsa stöðu hæstaréttardómara þar sem Guðrún Erlendsdóttir væri að hætta. Þeir veltu því fyrir sér hvort ekki væri einboðið að Sigurður Tómas yrði ráðinn í stöðuna á næstu vikum. En ef til vill vildi Björn Bjarnason dómsmálaráðherra bíða og sjá hver niðurstaðan yrði í Baugsmálinu.

johannh@frettabladid.is

## Bara í plati eða alvöru?

Í DAG
GERVIÞARFIR



INGA RÓSA ÞÓRÐARDÓTTIR

*En heldur finnst mér illa komið fyrir þeim íslensku karlmönnum sem finnst sögupersóna í leikriti eftirsóknarverðari en raunveruleg kona.*

Hvað er raunveruleiki? Hvenær er bara „allt í plati" og hvenær „í alvörunni"? Stundum er eins og við fjarlægjumst hið raunverulega líf með hverjum deginum. Veraldlegir hlutir skipta æ meira máli, við þurfum að vera falleg samkvæmt stöðlum tískutímarita og tískusjónvarpsþátta, heimilin okkar eiga að líta út eins og myndirnar í húsum og híbýlum heimsins og lífið okkar almennt að vera fullkomið samkvæmt tilbúnum stöðlum sem eiga ekkert sameiginlegt með raunverulegu lífi venjulegs fólks. Það er ekki skrítið þótt þunglyndi, offita og ýmsir streitusjúkdómar sæki á okkur í æ meira mæli því enginn getur í raun lifað lífi sínu samkvæmt þessum gervistöðlum en of margir reyna enda stöðugur þrýstingur úr öllum áttum.

Nú er svo komið fyrir okkur í þessari tilbúnu veröld sem við keppumst við að lifa í að íslenskir karlmenn hafa týnt raunveruleikaskyninu og telja persónu í leikriti kynþokkafyllstu konu landsins. Þessi persóna er reyndar bráðskemmtileg og lætur okkur horfa í spegil, þar sem við horfum á ýkta mynd af okkur sjálfum. En heldur finnst mér illa komið fyrir þeim íslensku karlmönnum sem finnst sögupersóna í leikriti eftirsóknarverðari en raunveruleg kona.

Það kann hinsvegar að vera flott hugmynd að senda slíka sögupersónu sem fulltrúa okkar til útlanda. Silvía Nótt er persónugervingur tilgerðarinnar og ímyndar tískunnar, sem verður æ öfgafyllri. Sem slík er hún úthugsuð og vel samin. En hún er nákvæmlega það, úthugsuð og samin en ekki raunveruleg. Og höfundar Silvíu Nætur mega aldrei gleyma því að líklega er stærsti hluti áhorfendahópsins börn og unglingar sem hafa ekki þroska til að meta hvað er „allt í plati" og hvað „í alvörunni". Mörg atriði í leikritinu Silvía Nótt hafa verið bráðfyndin og skemmtileg en stundum fara höfundar yfir strik velsæmismarka flestra og þurfa þá að hafa í hug viðkvæman aðdáendahóp sinn. Vandi fylgir vegsemd hverri og það fylgir því ábyrgð að vera fræg fyrirmynd.

En sýndarveruleikinn speglast víðar. Grunnskólanemendur hópast á árshátíðir eftir fyrirmynd úr bandarískum kvikmyndum og limósínur, brúnkumeðferðir, hárgreiðsla, förðun og ný föt eru bara eðlilegur hluti undirbúnings og atburðar. Enda hefur unglingum alltaf legið á að fullorðnast og þessar fyrirmyndir líklega sýnilegastar í heimi þeirra.

Svo má velta því fyrir sér hvar mörk raunveruleikans og sýndarveruleikans liggi og hver eigi að ákveða það. Kannski hafa þau aldrei verið til og þótt svo hafi verið eru þau kannski horfin núna. Við sem eigum að teljast fullorðin megum þó aldrei gleyma ábyrgð okkar sem fyrirmyndir þeirra sem á eftir koma, fyrirmyndir barna og unglinga, og eitt mikilvægasta verkefni hvers uppalanda er að kenna börnunum að greina hismið frá kjarnanum, átta sig á því hvað skiptir máli í þessu lífi og hvort er mikilvægara, nýtt sófasett eða kærleikur, svo dæmi séu tekin.

Það er hinsvegar erfitt að meta samtímann enda erum við öll hluti af honum og lifum í þessu lífi frá degi til dags. Gaman væri að geta verið fluga á vegg þegar lærðir spekingar meta okkar nútíma eftir 30-40 ár. Alveg eins og það er ótrúlega skemmtilegt að fylgjast með og jafnvel taka þátt í miklum umræðum um hina margfrægu ´68 kynslóð og það sem hún stóð fyrir. Eini gallinn við þá umræðu er að stærsti hluti þátttakenda er einmitt af þeirri kynslóð og lítur nú um öxl og metur eigið líf, þrjátíu árum síðar. En hvað munu spakir menn og konur segja eftir 30-50 ár um þessa gerviveröld sem við lifum í nú? Verður þá e.t.v. búið að stíga skrefið til fulls og við horfin inn í sýndarveruleika?

Því hefur oft verið haldið fram að lífið fari í hringi og allt komi aftur. Mér finnst löngu kominn tími á ákveðið afturhvarf og ásókn í aðra hluti en bíla, hús og dót af ýmsum toga. Vissulega aðhyllist stór hópur fólks önnur og vonandi mikilvægari gildi og leitar innihalds í líf sitt með ýmsum hætti, öðrum en innkaupum af ýmsum toga. En einhvern veginn er áreiti sýndarveruleikans gríðarlega sterkt. Í viðtali í einu helgarblaðanna sögðu hjón, nýkomin til Íslands eftir margra ára dvöl erlendis, að kaupáreitið hér væri gríðarlegt. Um það verður varla deilt og flestir taka þátt í darraðardansinum með einhverjum hætti. Hagvöxtur er mikilvægari en góð heilsa, sem sést best í forgangsröðun ríkisstjórnarinnar, sem við auðvitað kusum til að stjórna þessu samfélagi. En hvað skiptir mestu máli þegar upp er staðið og litið um öxl í lok ævidagsins? Svari nú hver fyrir sig. ■


MARKAÐURINN
Mest lesna viðskiptablaðið
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.


FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871



## SVEFN
Dagur B. Eggertsson sefur vel til að mæta álagi.
HEILSA 4



## SÚKKULAÐI
Inniheldur efni sem lækkar blóðþrýsting.
HEILSA 5



## ALLT HITT

[ HEILSA ]

**Kaffi** getur dregið úr líkum á lifrarkrabbameini og einkennum Alzheimer og Parkinson, samkvæmt rannsókn sem unnin var nýlega í Bandaríkjunum og sagt er frá á heimasíðu Opruh. Kaffi hefur slæmt orð á sér vegna aukaverkana eins og höfuðverks, en ef fólk finnur ekki fyrir aukaverkunum er hóflegt magn af kaffi góður kostur. Þykja þetta góðar fréttir fyrir kaffifíkla.



**Makar** alvarlegra veikra sjúklinga eru sjálfir í hættu á að veikjast alvarlega og jafnvel deyja fyrr en ella, samkvæmt nýlegri bandarískri rannsókn sem sagt var frá á cnn.com. Álagið, fjárskortur og sá missir félagsskapar sem fylgir veikindunum hefur helst þessi áhrif. Segja læknarnir áhættuna vera töluverða.

**Góð** næring hjálpar líkamanum að ráða betur við stress. Þetta segir heilsusíða bbc.co.uk. B- og C-vítamín og steinefnin magnesíum og sink eru þar sérlega góð auk þess sem þau styrkja ónæmiskerfið. Sjáið til þess með vítamínríkri fæðu eða vítamíntöflum að líkaminn fái þessi efni þegar þið eruð undir álagi.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 21. febrúar, 52. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 9.03 | 13.41 | 18.21 |
| Akureyri | 8.54 | 13.26 | 17.59 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Arnaldur Birgir Konráðsson sér til þess að allir geri sitt besta í Boot Camp. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Heilsurækt í formi herþjálfunar

Á síðustu árum hefur fjölbreytni í líkamsrækt á Íslandi aukist verulega og nú er framboðið orðið það mikið að allir eiga að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Nýjasta æðið í líkamsrækt er Boot Camp, sem er líkamsrækt sem er uppbyggð eins og herþjálfun. Fyrsta Boot Camp-stöðin á Íslandi var opnuð fyrir um það bil tveimur árum síðan í Reykjavík en síðan þá hafa verið opnaðar stöðvar á Akureyri, Selfossi, Akranesi og í Keflavík.

Arnaldur Birgir Konráðsson, sem upphaflega átti hugmyndina að Boot Camp á Íslandi, segir að gengið hafi verið framar vonum og alltaf uppselt á námskeiðin, sem eru í sex vikur í senn. „Við byrjuðum með tuttugu manns en núna æfa um það bil 270 hér í Reykjavík og svona hundrað úti á landi,“ segir Arnaldur.

Æfingaprógrammið í Boot Camp er fjölbreytt og æfingarnar fara fram bæði innandyra og utandyra. Mikil áhersla er lögð á að allir geri sitt besta þó að þeir séu í misjöfnu formi og samvinna er mikilvæg.

Boot Camp býður upp á G.I. Jane námskeið sem eru sérstök námskeið fyrir konur og Junior sem eru sérstök námskeið fyrir unglinga en á öðrum námskeiðum eru hóparnir blandaðir.

Nánar er fjallað um Boot Camp á næstu síðu.



## Geðprúðir slasast síður

GEÐPRÝÐISFÓLK VIRÐIST SÍÐUR LENDA Í ÓHÖPPUM OG MEIÐSLUM EN REIÐIR OG ERGILEGIR EINSTAKLINGAR.

Prófessor Lucie Laflamme við Karolinska sjúkrahúsið í Stokkhólmi gerði rannsókn á eldra fólki og komst að því að þeir sem eru erfiðir í skapi eiga mun frekar á hættu að detta og meiðast en hinir sem gæddir eru jafnaðargeði. Hann tók viðtal við 139 manns yfir 65 ára sem höfðu dottið og slasað sig og komst að raun um að samband var milli fallsins og sterkra neikvæðra tilfinninga. Áhættan virðist mest í um klukkutíma eftir að fólk verður reitt eða stressað. Samband á milli reiði og hjartaáfalla hefur komið fram í öðrum rannsóknum. www.aftonbladet.se





**Hjólreiðar** eru góð alhliða hreyfing. Þegar veður er sæmilegt getur verið gott að geyma bílinn heima og hjóla bara í vinnuna.


















Allir gera sitt besta í Boot Camp. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Enginn er skilinn eftir

***Arnaldur Birgir Konráðsson hefur rekið líkamsræktarstöðina Boot Camp ásamt félaga sínum Róberti Traustasyni í um það bil tvö ár. Stöðin fékk strax mjög góðar viðtökur og nú eru komnar Boot Camp-stöðvar víða um land.***

Arnaldur, sem hefur starfað sem einkaþjálfari í nokkur ár, segir að hugmyndin að Boot Camp hafi kviknað eftir að hann kom heim frá Suður-Afríku og Bretlandi þar sem hann var á lífvarðanámskeiðum. „Þegar ég kom heim kynntist ég Róberti og við fórum að bera saman bækur okkar og þróa þetta saman. Fljótlega slógust fleiri í för með okkur og smám saman vatt þetta upp á sig,“ segir Arnaldur.

Í Boot Camp er boðið upp á sex vikna námskeið sem eru ýmist blönduð, sérstaklega fyrir konur eða sérstaklega fyrir unglinga. Arnaldur segir að námskeiðin henti öllum, hvort sem þeir hafa lagt stund á líkamsrækt eða ekki. „Hver og einn tekur þetta bara á sínu eigin tempói og einu kröfurnar sem við gerum eru að hver og einn leggi sig hundrað og fimmtíu prósent fram. Það getur þýtt að einn taki sér tíu pásur á meðan annar tekur enga en markmiðið er að allir fari jafn þreyttir út.“

Í Boot Camp er æfingaraðstaða bæði inni og úti. „Við erum inni alla virka daga en annan hvern laugardag hittast allir hóparnir utandyra og oft koma einstaklingar frá útibúunum hér í kring eins og Selfossi, Akranesi og Keflavík og það er svo bara mismunandi hvað við erum að bardúsa. Með hækkandi sól förum við líka að vera meira úti á virkum dögum,“ segir Arnaldur.

Arnaldur segir að markmiðið í Boot Camp sé að engir tveir tímar séu eins. „Oft keyrum við sextíu mínútna tíma með einföldum æfingum þar sem við erum bara að nota eigin líkama, svo eru sextíu mínútna tímar þar sem við erum bara í tækjum og sextíu mínútna tímar þar sem við erum bara í þreki.“ Hann segir að tímarnir gangi mikið út á samvinnu og oft séu tveir eða fleiri að vinna saman við ýmsar aðstæður. „Þetta er svona eins og í hernum þar sem fólk þarf að vinna saman og það er enginn skilinn eftir, eins og við segjum. Þetta er svona félagsleg líkamsrækt og það er þessi samvinna sem gerir þetta skemmtilegt.“

*emilia@frettabladid.is*



Æfingarnar eru ýmiss konar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Boot Camp hentar öllum aldurshópum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Arnaldur Birgir Konráðsson fylgist með hópnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Heilbrigð sál



BORGHILDUR SVERRISDÓTTIR
EINKAÞJÁLFARI OG BA Í SÁLFRÆÐI

# Verði þér að góðu!

Nú á tíma árshátíða og matarhátíða eins og Food & Fun er mikilvægt að njóta matarins til hins ýtrasta og fanga augnablikið. Við eigum það þó til að borða of mikið á þessum annars frábæru kvöldstundum og jafnvel að fá samviskubit yfir því. Það þýðir hins vegar ekki neitt og gerir manni ekkert nema illt, svo við hættum öllu samviskubiti hér og nú. Í staðinn er ágætt að beita smá forsjárhyggju og hugleiða nokkrar góðar leiðir til að kvöldið verði sem ánægjulegast.

■ Þegar við höfum tileinkað okkur heilsuvænlega hugsun, um mataræði okkar sem og annað, fer sú hugsun ekkert í frí þegar við förum í góðar matarveislur. Það þýðir hins vegar ekki að við séum á bremsunni eða borðum ekkert nema grænmeti. Langt í frá. Við njótum til hins ýtrasta en hugum þó að nokkrum smáatriðum sem gætu gert gæfumuninn.

■ Borðaðu aðeins áður en þú leggur af stað. Það kemur í veg fyrir að þú verðir hungurmorða þegar að veisluborðinu er komið og borðir yfir þig, nennir ekki á dansgólfið og langi mest heim í sófann eftir matinn.

■ Drekktu tvö vatnsglös þegar þú sest til borðs. Það bæði seður hungrið um stund og dregur úr líkum á að borða of mikið.

■ Farðu hægt í eða slepptu brauðinu sem sett er á borðið fyrir matinn. Sérstaklega ef það er hvítt, því það er næringarsnautt, belgir okkur bara út og gefur lítið nema vindverki!

■ Ef þú mögulega getur, biddu þjóninn um sósuna til hliðar á disknum. Þá geturðu stjórnað sósuneyslunni betur, en hún inniheldur oft töluvert af hveiti, sykri og aukaefnum.

■ Ef þú velur af matseðli, veldu allt sem er soðið, ofnbakað, ristað og grillað og slepptu því sem er djúpsteikt.

■ Taktu vel á grænmetinu. Með því að borða vel grænmeti og salat nær líkaminn betur að melta steikina og þú nýtur kvöldsins betur og getur auðveldlega dansað fram undir morgun.

■ Þá er mikilvægt að minna sig á skammtastærðina. Margir eru vanir að klára af disknum sínum, en okkur var kennt í æsku að sóa ekki matnum. En notaðu heldur ekki sjálfan þig sem ruslafötu! Njóttu hvers munnbita og borðaðu hægt, frekar en að borða svo marga að þú stendur á blístri. Ég, nautnaseggurinn, veit að það er oft erfitt að hætta að borða góðan mat, en taktu þér góðan tíma og þá eru minni líkur á ofáti.

■ Deildu síðan eftirréttinum með sessunauti þínum. Helmingurinn af sætum eftirrétti eftir velheppnaða máltíð er alveg nóg.

■ Ef þú hefur fengið þér í glas um kvöldið er gott að taka inn B-vítamín og fá sér smá að borða áður en maður fer að sofa. Líka er gott að fá sér smá mjólk. Það dregur verulega úr þynnku, sérstaklega ef vínglösin hafa verið nokkur.

■ Síðast en alls ekki síst er að njóta og ramma inn augnablikið.

*Góða skemmtun!*
*Borghildur*



Hættan á því að fuglaflensan berist úr villtum fuglum og yfir í mannfólkið er afar lítil. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Óhætt að gefa fuglunum brauð

***Sóttvarnalæknir svarar nokkrum spurningum varðandi fuglaflensuna á heimasíðu landlæknisembættisins.***

Sú umræða sem skapast hefur í kringum fuglaflensufaraldurinn hefur vafalaust ekki farið framhjá neinum. Á heimasíðu landlæknisembættisins fyrir helgi svaraði sóttvarnalæknir nokkrum spurningum varðandi fuglaflensuna. Í svörum hans kemur meðal annars fram að líkur á því að hinn almenni borgari smitist séu afar litlar. Fólk þarf heldur ekki að forðast ferðalög til þeirra landa sem fuglaflensan hefur komið upp í. Á síðunni stendur sem dæmi orðrétt: „Einungis þeir sem eru í náinni snertingu við sýkta fugla eða saur og aðra líkamsvessa (t.d. blóð eða slím) sýktra fugla geta átt á hættu að smitast af fuglaflensu. Ekkert bendir til að fuglaflensa smitist manna á milli.“ Enn fremur segir sóttvarnalæknir að villtir fuglar beri síður fuglaflensuna en alifuglar.

Samkvæmt sóttvarnalækni er einnig óhætt að borða rétt matreitt fuglakjöt og egg. Þar sem sýktir fuglar hafi ekki enn komið til landsins sé í himnalagi að gefa fuglum brauð en varast skuli þó að koma nálægt dauðum fuglum eða fugladriti. Dúntekja og skotveiði á einnig að vera hættulaus, að minnsta kosti gagnvart fuglaflensunni, samkvæmt sóttvarnalækni. Frekari spurningar og svör má finna á heimasíðunni www.landlaeknir.is.





























Dagur segir svefn lykilinn að því að standast daglegt álag. Hann telur líka stórlega vanmetið að slaka á í herðunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Sefur vel til að standast álag

***Dagur B. Eggertsson lifir annasömu lífi en hugsar þó um heilsuna. Hann segist hafa gaman af boltaíþróttum en telur góðan svefn lykilinn að því að standast álag.***

„Ég æfði bæði handbolta og fótbolta með Fylki sem barn. Það má segja að ég hafi hætt á toppnum, fimmtán eða sextán ára,“ segir Dagur léttur í bragði og bætir við að hann hafi meira gaman af boltaíþróttum en öðrum greinum. „Ég hef aldrei almennilega náð að taka ástfóstri við lyftingatæki eða hlaupabretti.“

Auk boltaíþróttanna hjólar Dagur töluvert og gengur mikið. „Ég geng oftast til vinnu. Þó að ég sé reyndar lítið á spítalanum þessa dagana fær maður hvergi betri hreyfingu en þar, gangarnir eru svo langir.“

Hvað mataræði varðar segir Dagur að fjölskyldan reyni að borða fjölbreyttan mat. Aðspurður um uppáhaldsmat segir hann það mjög sveiflukennt. „Það eru stundum fiskur og sjávarréttir. Aðra daga kjöt og þungur matur og þess á milli koma pasta- og grænmetisréttir sterkir inn,“ segir Dagur og heyra má að fjölbreytnin er í fyrirrúmi.

Það dylst engum að Dagur lifir annasömu lífi um þessar mundir. Hann mælir með góðum svefni til að standast álag. „Góður svefn skiptir mestu máli. Það skiptir miklu að geta aftengt sig og látið hugann reika, þó að það takist nú misvel. Ég held að það skipti líka máli að vera í góðu formi en svefn er lykillinn, að ógleymdu því að slaka vel á í herðum. Ég held að það sé vanmetið. Ég skora á fólk að prófa eitt næst þegar það stendur í strætóskýli og er mjög kalt - að slaka á í herðunum og finna hvað það breytir miklu,“ segir Dagur og það er greinilega stutt í lækninn þó að stjórnmálamaðurinn sé meira áberandi þessa dagana.

Fyrir skömmu reyndu borgarstjóraefni stjórnmálaflokkanna með sér í körfubolta. Dagur var þar á meðal og sýndi ágæta takta. Skyldi hann aldrei hafa dreymt um að komast í NBA-körfuboltann? „Nei, ég var svo lítill og visinn fram eftir aldri að það hvarflaði aldrei að mér,“ svarar hann og skellir upp úr. „Ég naut þess hins vegar að hormónum var almennt útdeilt í stórum skömmtum í Árbænum. Jafnaldrar mínir voru því stórir og stæðilegir þannig að okkur gekk vel í körfubolta. Það var samt ekki hæð minni að þakka.“

Þrátt fyrir lítinn tíma gefur Dagur sér tíma til að fylgjast með íþróttum. „Það er reyndar orðið full vinna, framboðið er svo mikið. Svo er mikið hátíðaár núna út af heimsmeistarakeppninni og enska meistaradeildin breytir líka miklu. Ég er gamall Liverpool-aðdáandi en held nú samt með mínum mönnum þegar þeir keppa. Það er aldrei leiðinlegt þegar Eiði Smára gengur vel,“ segir Dagur og bætir við að lokum að Fylkir verði þó alltaf hans lið.

*einareli@frettabladid.is*

# Unglingar og kynlíf

***Tveir nýir fræðslubæklingar um kynlíf og kynhegðun unglinga eru komnir út.***

Bæklingarnir Samskipti foreldra og barna um kynlíf, og Kynlíf - unglingar eru nýkomnir út. Fyrri bæklingurinn fjallar um mikilvægi þess að foreldrar fræði börn sín um kynlíf og hvaða leiðir megi fara við fræðsluna. Seinni bæklingurinn fjallar um jákvæðar og neikvæðar hliðar kynlífs og hvert unglingar geti leitað til þess að fá upplýsingar um kynlíf.



Mikilvægt er að börn og unglingar fái góða fræðslu um kynlíf.

Höfundar bæklinganna eru Dagbjört Ásbjörnsdóttir, mannfræðingur og MA í kynlífs- og kynjafræðum, Sigurlaug Hauksdóttir, félagsráðgjafi og MA í uppeldis- og menntunarfræði, og Guðbjörg Edda Hermannsdóttir félagsráðgjafi. Þær hafa verið með fræðslufundina Tölum saman – samskipti foreldra og barna um kynlíf fyrir foreldra og nemendur í 7.-10. bekk í grunnskólum síðan 2002 og ákváðu í framhaldi af því að ráðast í gerð bæklinganna.

Nánari upplýsingar um bæklingana fást hjá Lýðheilsustöð þar sem einnig er hægt að panta þá.

# Blóðþynningarlyf af markaði

***Lyfjaframleiðandinn AstraZeneca hefur ákveðið að taka blóðþynningarlyfið Exanta af markaði þar sem lyfið er talið valda lifrarskemmdum.***

Fyrir skömmu tilkynnti bresksænski lyfjaframleiðandinn AstraZeneca að blóðþynningarlyfið Exanta yrði tekið af markaði. Lyfið hefur um nokkurt skeið eingöngu verið selt í Evrópu en árið 2004 lagðist bandaríska lyfjaeftirlitið gegn því að lyfið yrði selt þarlendis.



Blóðþynningarlyfið Exanta verður tekið af markaði í Evrópu.

AstraZeneca ákvað að taka lyfið af markaði eftir að vísbendingar bentu til að lyfið kunni að valda lifrarskemmdum. Niðurstöður nýlegra rannsókna, sem gerðar voru á vegum fyrirtækisins, bentu til þess að langtímanotkun lyfsins gæti aukið verulega hættuna á alvarlegum lifrarskemmdum. Þó skal tekið fram að engar vísbendingar eru um að notkun lyfsins í ellefu daga eða skemur auki hættu á lifrarskemmdum.



Ebólu-sjúkdómurinn er afar smitandi en níutíu prósent þeirra sem smitast látast innan fárra daga. FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS

# Bóluefni gegn ebólu

***Samkvæmt rannsókn á vegum bandarísku ríkisstjórnarinnar gæti verið hægt að bólusetja fólk gegn ebólu í framtíðinni.***

Ebóla er einn hættulegasti sjúkdómur sem hægt er að smitast af og dregur hann níutíu prósent þeirra sem smitast til dauða á aðeins fáeinum dögum. Engin lækning hefur hingað til fundist við sjúkdómnnum en læknar í Bandaríkjunum, nánar tiltekið við NIH, rannsóknastofnun bóluefna, gera sér nú vonir um að hafa fundið vísi að bóluefni.

Rannsakendur eru þó varkárir í yfirlýsingum sínum og segja rannsóknina enn á frumstigi, en fréttavefur CNN greinir frá. Bóluefnið var gefið 21 einstaklingi og fann enginn þeirra fyrir aukaverkunum, auk þess sem bóluefnið hafði greinileg áhrif á ofnæmiskerfi einstaklinganna. Eftir þessar öryggisprófanir á betur eftir að kanna varnaráhrif bóluefnisins.

Ebóla hefur enn sem komið er einungis komið upp í Afríku en sjúkdómurinn smitast frá öpum. Sjúkdómurinn veldur miklum innvortis blæðingum sem draga sjúklinginn til dauða á kvalafullan hátt. Bandarísk stjórnvöld hafa lengi óttast að hryðjuverkamenn noti sjúkdóminn í skæruhernaði og ekki síst þess vegna hafa þau því tekið fréttunum um hugsanlega bólusetningu fagnandi.

# Segja súkkulaði heilsusamlegt

***Flavanól, sem finnst meðal annars í dökku súkkulaði, er talið hafa blóðþynnandi og blóðþrýstingslækkandi áhrif.***

Fyrirtækið Mars kynnir í næsta mánuði dökkt súkkulaði sem talið er gott fyrir heilsuna, að því er fram kemur á fréttavef yahoo. com. Súkkulaðið, sem nefnist CocoaVia, er dökkt og inniheldur mikið flavanól, sem fæst úr kókosbaunum. Flavanól er andoxunarefni sem talið er hafa þynnandi áhrif á blóðið og jafnvel geta lækkað blóðþrýsting.

Vísindamenn vara þó við því að menn neyti súkkulaðisins í lækningaskyni. Enn fremur taka næringarsérfræðingar það fram að þessi sætindi komi ekki í stað hefðbundins heilsusamlegs mataræðis og hægt sé að nálgast flavanól í hollari og hitaeiningasnauðari mat svo sem ávöxtum, grænmeti og heilhveiti.

Nýlegar rannsóknir hafa ekki tengt neyslu flavanóls við minni líkur á krabbameini eða hjartasjúkdómum. Þar að auki er offita vaxandi vandamál í ríkari þjóðfélögum og aukin súkkulaðineysla ekki á það bætandi.

Áhersla á flavanól í súkkulaði virðist auka sölu töluvert hefur sala á súkkulaði með miklu flavanóli aukist einna mest.



Vísindamenn vara þó við því að menn innbyrgi súkkulaðið í lækningaskyni.

## námskeið }




## Sjálfsefling

Í DAG VERÐUR HALDIÐ NÁMSKEIÐIÐ SJÁLFSEFLING – LÍFSSTÍLL TIL FRAMTÍÐAR Í MANNI LIFANDI.

Bergþóra Reynisdóttir, geðhjúkrunarfræðingur MSc, verður með námskeiðið Sjálfsefling – lífsstíll til framtíðar í Manni lifandi, Borgartúni 24, í dag frá klukkan 17.30 til 18.30. Námskeiðið skiptist í fyrirlestur og umræður. Í fyrirlestrinum verður fjallað um áhrifamátt hugarróar og innri styrks, meðal annars til eflingar sjálfstrausti og sem vörn gegn tilfinningalegu ójafnvægi sem til lengri tíma getur leitt til geðraskana. Einnig verður rætt um innri hindranir og hvernig þær komi í veg fyrir að fólk nái árangri í lífinu, mikilvægi samskiptahæfni og hvað fólk geti gert til þess að láta sér líða vel á hverjum degi. Námskeiðið er öllum opið og aðgangseyrir er 1.000 krónur.




# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Herbergi til leigu í vesturbænum, með aðgangi að eldhúsi og baði. Uppl. í síma. 892 9512.

**15 fm herbergi á svæði**
Í herbeginu er ný eldhúsinnrétting með helluborði, vask, ísskáp og örbylgjuofni. Rúm sjónvarp og DVD spilari geta fylgt. Aðgangur að salerni með sturtu. Leiga 30.000 þús. Tveir mánuðir fyrirf. Uppl. í síma 561 9892, eftir 17:00.

3ja herbergja íbúð í Hjöllunum til leigu 77 fm + geymsla. Uppl. í s. 860 3510.

## Húsnæði óskast

30 ára reyklaus og barnlaus kona óskar eftir 2 herb. íbúð í Kópavogi. Uppl. í s. 865 6040.

2ja til 3ja herb. íbúð óskast til leigu. Skilvísar greiðslum heitið. Uppl. í s. 698 0021.

S.O.S. óska eftir 3ja herbergja íbúð strax. Helst jarðhæði í einbýli í Seljahverfi eða hverfi 108. Greiðslugeta 60-70 þús. á mán., öruggar greiðslur, meðmæli ef óskað er. Uppl. í s. 692 8268.

## Sumarbústaðir

Gestahús (sumarbústaðir) einn 15 m2 og annar 20 m2. Tilbúinir til flutnings af höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í síma 695 9600.

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu 12 fm skrifstofurými á 3 . hæð, við Reykjavíkurveg í Hafnarfirði. Góð fundaraðstaða og símasvörun fylgir leigunni, aðgangur að tölvukennslustofu. Uppl. í s. 862 4510.

## Geymsluhúsnæði




Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

## Gisting

Flóki Inn. Heimilisleg gisting á besta stað í borginni. Fáðu tilboð í gistingu til lengri eða skemmri tíma í síma 552 1155 eða sendu fyrirspurn á floki@inns.is

allt
auglýsingasími
550 5880

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Bakaríið hjá Jóa Fel**
Bakaríið og sælkeraverslun Jóa Fel Kleppsvegi. Vantar hresst og duglegt starfsfólk. Tvískiptar vaktir. **Uppl. fást hjá Lindu í síma 863 7579 eða á staðnum. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152.**

aktu taktu

**Vantar þig góða vinnu með "hinni vinnunni" eða skólanum?**
Viltu vinna með skemmtilegu fólki á Aktu Taktu Skúlagötu? Ertu dugleg/ur og mætir á réttum tíma í vinnu? Góð laun fyrir líflegt og skemmtilegt starf í afgreiðslu. Hentar best fólki 18-40 ára en allir umsækjendur velkomnir! Kvöldvinna í boði. Aktu Taktu er á fjórum stöðum á höfuðborgasvæðinu. Umsóknir á aktutaktu.is og á stöðunum. Upplýsingar veitir starfsmannastjóri (Herwig) í síma 533 1048, milli 8:30-17:00.
**Umsóknir á aktutaktu.is og á stöðunum. Upplýsingar veitir starfsmannastjóri (Herwig) í síma 533 1048, milli 8:30-17:00.**

**AMERICAN STYLE Í HAFNARFIRÐI**
leitar að duglegum og traustum liðsmönnum í fullt starf í vaktarvinnu á grilli. Vilt þú vera hluti af frábærri liðsheild og vinna á líflegum vinnustað? Góð laun í boði fyrir kröftuga einstaklinga. Umsóknareyðublöð fást á öllum stöðum American Style, einnig á www.americanstyle.is. Upplýsingar um starfið veitir starfsmannastjóri Herwig s. 892 0274 milli 8:30-17:00
**Upplýsingar um starfið veitir starfsmannastjóri Herwig s. 892 0274 milli 8:30-17:00**

**Mosfellsbakarí**
Mosfellsbakarí á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu. Vinnutíminn er frá 13:00-18:30 virka daga og einn dag aðra hverja helgi frá 7:30 - 16:30.
**Nánari upplýsingar veitir Ellisif í síma 553 5280 eða 660 2153.**

**Vantar þig vinnu með skólanum?**
Mosfellsbakarí, Háaleitsibraut 58-60, Rvk. óskar eftir glaðlyndu og duglegu skólafólki til að vinna um helgar og/eða virka daga frá 15:00-18:30.
**Áhugasamir geta haft samband við Ellisif í síma 660 2153 eða 553 5280.**

**Óskum eftir starfsmanni**
Í afgreiðslu á aldrinum 20 - 40 ára. Vinna á virkum dögum milli 4 og 12.
**Upplýsingar í síma 864 6112 eða inni á www.keiluhollin.is**

**Óskum eftir fólki í afgreiðslu.**
Um kvöld og helgarvaktir er að ræða. á aldrinum 20-40 ára
**Upplýsingar í síma 864 6112 eða á www.keiluhollin.is**

**Kexverksmiðjan Frón óskar eftir starfsmönnum í eftirtalin störf**
Starfsmenn óskast í pökkun. Áhugasamir geta mætt á Skúlagötu 28. Milli 9-12 virka daga. Gengið inn bakdyramegin.
**Kexverksmiðjan Frón.**

**Leikskólinn Skerjagarður Bauganesi 13, 101 Reykjavík**
Sem starfar eftir Reggio Emilia með megin áherslu á könnunaraðferðina óskar eftir leikskólakennara eða vönum starfsmanni í fullt starf sem fyrst.
**Upplýsingar gefa Ella og Sóldís í s. 551 8088 eða 822 1919.**

**Góð laun - Dagvinna.**
Starfskraft vantar sem fyrst í þjónustu á Kaffi Mílanó Faxafeni 11.
**Upplýsingar á staðnum. Ekki í síma.**

**Pítan Skipholti**
Óskar eftir starfsfólki í fullt starf í vaktavinnu í afgreiðslu. Góð laun í boð fyrir rétt fólk. Framtíðarstarf.
**Umsóknareyðublöð á staðnum og einnig á www.pitan.is**

Nesbyggð

**Reykjanesbær - Gröfumaður**
Vanur maður með meirapróf óskast á nýja hjólagröfu. Mikil vinna framundan, framtíðarstarf. Upplýsingar í síma 840 6100 Nesbyggð ehf.

**Cafe Bleu.**
Okkur vantar góðan starfskraft í eldhús, ef þú ert dugleg/ur og hefur áhuga á skemmtilegri vinnu og vinnuumhverfi þá ert þú sá eða sú sem við erum að leita að. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Uppl. gefa Jón í s. 690 1074 og Signý í s. 695 0786 eða á staðnum. Café Bleu Kringlunni. S. 588 0300.
**Uppl. gefa Jón í s. 690 1074 og Signý í s. 695 0786 eða á staðnum. Café Bleu Kringlunni. S. 588 0300.**

BÆJARBAKARÍ

Bakarí í Hfj. óskar eftir starfskrafti í afgreiðslu. Vinnutími 07-13 og 13-18.30 virka daga og önnur hver helgi. S. 555 0480 og 896 9808.

**Veitingarhús Nings Stóhöfða**
Óskum eftir starfsfólki í kvöld og helgarvinnu. Einnig er hægt að leggja inn umsókn inn á nings.is
**Upplýsingar í síma 822 8867 (Lóa).**

**Fjarðarbakarí Hafnarfirði**
óskar eftir fólki til afgreiðslustarfa sem fyrst. Tvískiptar vaktir í boði.
**Upplýsingar í s. 895 8192 kl. 8-18.**

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

**Góðir tekjumöguleikar**
Lærðu allt um neglur, gervineglur, skraut, lökkun o.fl. Íslandsmeistarar kenna. Naglasnyrtiskóli Kolbrúnar. Símar 565 3760 & 892 9660.

**Nonnabiti**
Starfskraftur óskast í fullt starf. Reyklaus. Uppl. í s. 899 1670 & 586 1840 eða á staðnum Nonnabita Hafnarstræti 11.

**Málarasveinn**
óskast eða starfsmaður vanur málningarvinnu. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Uppl. gefur Steinar í s. 660 8060.

**Bakarí**
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakarí í Kópavogi eftir hád. og aðra hvora helgi. Helst reyklaus. Uppl. í s. 820 7370.

**Smurbrauðsdama**
Óska eftir smuðrbrauðsdömu í afleysingar í bakarí í skipholti. Uppl. í s. 820 7370

Vanur maður óskast á jarðýtu strax! Upplýsingar í síma 554 3079 & 899 3041.

Vanan háseta vantar á beitingavélabát frá Reykjavík. Góðir tekjumöguleikar. Uppl. í síma 893 5458.

Óskum eftir verkamönnum í vinnu strax. Góð laun í boði. Næg vinna framundan. Uppl. í s. 897 4583 og 898 4202.

Óskum eftir starfsfólki í hlutastarf. Upplýsingar á staðnum. Sólbaðstofan Sælan, Bæjarlind 1. S. 544 2424.

Handlaginn mann vantar til starfa við húsaviðgerðir o.fl. S. 616 1569.

**Ræstingar.**
Ræstingaþjónustan sf. óskar eftir að ráða starfsfólk við aðalhreingerningar og bónvinnu. Mikil vinna framundan. Nánari upplýsingar fást á skrifstofutíma í síma 587 3111.

**Bílasala**
Bílasala á frábærum stað óskar eftir röskum reyklausum kven/karlkyns starfsmanni sem fyrst. Allar helstu upplýsingar um viðkomandi ásamt kennitölu sendist á netfangið smaar@visir.is merkt "heiðarlegur 1".

**Sendibíll á stöð**
Óska eftir starfskrafti á sendibíl. Uppl. s. 695 4346

## Atvinna óskast

Rúmlega 40 ára kvk óskar eftir vinnu, er vön t.d. skrifstofu, eldhús, afgr. og fl. Gsm. 663 5440.

## Viðskiptatækifæri

**Atvinnutækifæri**
Viltu skapa þér atvinnu sem gefur vel í aðra hönd fyrir duglegt fólk. Kíktu á www.hagnadur.com og pantaðu frían kynningartíma.

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

Aðalfundur Íslandsbanka hf. verður haldinn á Hótel Nordica í dag þriðjudaginn 21. febrúar 2006 klukkan 14:00. Atkvæðaseðlar og aðgöngumiðar að fundinum verða afhentir hluthöfum eða umboðsmönnum þeirra á fundarstað frá klukkan 13 til 14.

## Einkamál



Til sölu Scania 142M 6x4, árg. '84. Uppl. í síma 892 3354.

## ATVINNA

**Vélstjóra og annan stýrimann vantar til afleysinga á ísfisktogara.**
Upplýsingar í síma 843-4205.

Jarðvinna

**Vegna mikilla verkefna framundan óskar Borgarvirki eftir að ráða starfsmenn í eftirtalin störf.**
Jarðýtustjóra á Cat-D6-N, gröfustjóra á 35 tonna beltagröfu og aðstoðarmenn í sprengingar.
**Upplýsingar í síma 892-8684.**

JARÐVÉLAR EHF

**Vélamenn, meiraprófsbílstjórar og verkamenn óskast**
**Vegna mikilla verkefna viljum við ráða vana vélamenn, meiraprófsbílstjóra og verkamenn til starfa sem fyrst.**
Vinsamlegast hafið samband við skrifstofu Jarðvéla í síma 564-6980, eða fyllið út umsóknareyðublað á vefsíðu fyrirtækisins *www.jardvelar.is* Bakkabraut 14, 200 Kópavogur.

JARÐVÉLAR EHF

**Vanir jarðvinnuverkstjórar óskast**
Vegna mikilla verkefna viljum við ráða vana jarðvinnuverkstjóra til starfa sem fyrst.
**Góð laun í boði.**
Vinsamlegast hafið samband við Ólaf Þór Kjartansson í síma 660-0590 eða skrifstofu Jarðvéla í síma 564-6980. Einnig má fylla út umsóknareyðublað á vefsíðu fyrirtækisins *www.jardvelar.is* Bakkabraut 14, 200 Kópavogur.

## TILKYNNINGAR

*Rangárþing ytra auglýsir*



**Húsnæði fyrrum Þykkvabæjarskóla til sölu eða leigu**

Húsnæði fyrrum Þykkvabæjarskóla er auglýst til sölu eða leigu ef viðunandi kauptilboð fást ekki.

Húsnæðið er 410,9 m2 að stærð og er byggt árið 1992 skv. fasteignamatsskrá. Húsið er steinsteypt og klætt að utanverðu. Húsnæðið skiptist í anddyri, kennslustofur, áhaldageymslur, skrifstofu og miðrými. Auðvelt er að breyta innréttingum svo þær henti margvíslegri starfsemi. Ástand hússins er gott. Lóð hússins er hluti af stærri lóð sem m.a. íþróttahús Þykkvabæjar stendur á, en hægt er að afmarka sérstaka leigulóð fyrir húsið.

Óskað er eftir kauptilboðum í húsið eða hugmyndum um leigu þess fyrir 1. mars n.k. Áskilinn er réttur til þess að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, sveitarstjóri Rangárþings ytra á skrifstofu sveitarfélagsins að Laufskálum 2 á Hellu eða í síma 487-5834.

# RE/MAX MJÓDD





Jónas Örn Hafdís Ásdís Ósk

Símar 895-6107 863-0402

www.remax.is

Jónas Örn Jónasson, hdl., löggiltur fasteignasali – Hafdís Rafnsdóttir, sölufulltrúi, sími 895-6107, hafdis@remax.is – Ásdís Ósk Valsdóttir, sölufulltrúi, sími 863-0402, asdis@remax.is




## BOLLAGARÐAR 69 - EINBÝLI - 170 SELTJARNARNES

Einbýli á 2 hæðum með innb. bílskúr, ræktuðum garði með palli og potti. Húsið er vel staðsett inn í litlum botnlanga, örstutt frá sjávarsíðunni.
Neðri hæð: Eldhús, borðstofa, stofa, gestasalerni, bílskúr og sólskáli-Efri hæð: 5 svefnherb., sjónvarpsherbergi, lítil geymsla og ris að hluta.

**VERÐ 55 M**

Opið hús í dag kl. 17:30-18:00




## GVENDARGEISLI 30 - EINBÝLI - 113 RVK

315, 0 fm. glæsilegt einbýli í byggingu í Grafarholti. Húsið er á einni hæð með millilofti og innbyggðum bílskúr. Húsinu verður skilað fullbúnu að utan og rúmlega fokheldu að innan. Gert er ráð fyrir allt að 6 svefnherbergjum í húsinu. Frábær staðsetning þar sem örstutt er á gólfvöllinn og út í óspillta náttúruna.

**VERÐ TILBOÐ**




## KALDASEL – EINBÝLI – 109 RVK

Vandað 2ja íbúða hús í Seljahverfi. Endurnýjað eldhús með rúmgóðum borðkrók, sjónvarpshol og stofa með útgengi út í garð. 4 rúmgóð svefnherbergi. Baðherbergi með bæði baðkari og sturtuklefa. 90 fm. aukaíbúð með sérinngangi. Bílskúr fylgir eigninni.

**VERÐ 46,8 M**




## LÁGHOLT 7 - EINBÝLI - 270 MOS.

Rúmgott einbýlishús á einni hæð með stórum 50 fm. bílskúr, stórum grónum garði og glæsilegu tréhúsi fyrir börnin. Húsið er steypt með álklæðningu. 4-5 svefnherb., stór rúmgóð stofa og endurnýjað eldhús með þv.húsi innaf. Baðherb. er einnig nýl. endurn. Skemmtileg eign í botnlanga þar sem stutt er í alla þjón. Stutt í alla þjónustu.

**VERÐ 39,7 M**

Opið hús í dag kl. 17:30-18:00



## VALLARHÚS 65 - RAÐHÚS - 112 RVK

Sérlega vel staðsett 4-5 herbergja raðhús á 2 hæðum á frábærum stað í Grafarvogi með suðurgarði og engri byggð fyrir aftan hús. Neðri hæð: Rúmgóð forstofa, eldhús með hvítri innréttingu, þvottahús, gestasalerni og stofa með útgengt út í suðurgarð. Efri hæð: 3 rúmgóð svefnherbergi og flísalagt baðherbergi með bæði baðkari og sturtuklefa.

**VERÐ 29,9 M**



## RJÚPNASALIR 12 - 3JA HERB. - 201 KÓP.

Stórglæsileg 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í lyftuhúsi. Íbúðin er mjög vönduð og mikil lagt í allar innrétt., innihurðir og skápa sem er sérsmíðað úr birki. Baðherb. er mjög vandað, flísalagt í hólf og gólf með baðkari. Þv.hús innan íbúðar. Þetta er fráb. eign hvort sem þú ert að minnka við þig eða kaupa þín fyrstu eign.

**VERÐ 22,9 M**

Opið hús í dag kl. 17:30-18:00



## BURKNAVELLIR 17B - 3JA HERB. - 221 HF

Mjög falleg 3ja herb. íbúð á jarðhæð með sérinng. og sérafnotarétti af garði. 2 sv.herb., bæði með parketi og skápum. Eldhús og stofa er opið rými, útgengt í garð frá stofu. Baðherb. er flísalagt í hólf og gólf, rúmgott þvottahús innaf baðherbergi. Geymsla með glugga innan íbúðar, hægt að nýta sem vinnuherbergi.

**VERÐ 17,9 M**

Opið hús í dag kl. 18:30-19:00



## HRAUNBÆR 102B - 4RA HERB. - 110 RVK

Góð 4ra herbergja íbúð á 3ju. Eldhús með upprunalegri innréttingu, þvottahús innaf eldhúsi. 3 svefnherbergi, öll parketlögð, tvö þeirra með skápum. Stofa er parketlögð. Baðherberbergi með dúk á gólfi og flísum á vegg og baðkari. Aðgangur að lokuðu bílskýli.

**VERÐ 17,5 M**

Opið hús í dag kl. 18:30-19:00



## FLÉTTURIMI 31 - 2JA HERB. - 112 RVK

Falleg 2ja herb. íbúð á jarðhæð með sérgarði. Gengið er inn um sameiginlegan inngang með einni annari íbúð. Innaf forstofu er sameiginlegt þv.hús með 4 íbúðum. Eldhús er opið inn í stofu, hvít innrétt. Frá stofu er gengið út á sérafnotaflöt. Baðherb. er með baðkari. Sv.herb. með föstum fataskápum

**VERÐ 16,9 M**



## KEILUGRANDI 2 - 2JA HERB - 107 RVK

Mjög falleg og snyrtileg 2ja herb. íbúð með bílskýli. Komið inn í parketlagt hol með góðum fataskáp. Baðherb. er nýupptekið og glæsilegt. Eldhús og stofa eru samliggjandi með parketi á gólfi. Eldhús er með eikarinnrétt. og mósaíkflísum á milli efri og neðri skápa. Sv.herb. er rúmgott með góðum skáp.

**VERÐ 14,9 M**



## BOÐAGRANDI 7 - 2JA HERB - 107 RVK

2ja herbergja íbúð á 8. hæð í lyftuhæð með bílskýli. Eldhús og stofa er eitt opið rými. Svefnherbergi með föstum skáp. Baðherbergi er flísalagt með baðkari og tengi fyrir þvottavél. Glæsilegt útsýni er frá íbúðinni.

**VERÐ: 14,6 M**

Opið hús í dag kl. 18:30-19:00



## LÆKJARFIT 7 - 2JA HERB. - 210 GBÆ

2ja herbergja íbúð á jarðhæð með sérinngangi og sérgarði. Herbergi með plastparketi. Baðherbergi með sturtuklefa og tengi fyrir þvottavél. Stofa og eldhús er opið rými, l-laga innrétting með efri og neðri skápum.

**VERÐ: 13,6 M**

Frum

GÆÐAHÚS FRÁ HÚS & HÖNNUN
Íbúðarhús · Sumarhús / Íslensk reynsla · Þitt öryggi
Hús & Hönnun ehf
FAGMENNSKA · GÆÐI · HAGSTÆTT VERÐ
Láttu drauminn rætast!
Kynntu þér málið og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
Suðurlandsbraut 16 · Sími 517 4200 · www.husoghonnun.is

# SJÓNARHORN



Við Kópavogshöfn. Ljósmynd/E.ÓL.

BRÚÐAR GJAFIR
...
Gallerí Fold
Kringlunni og Rauðarárstíg
LISTMUNASALA fold

## VISSIR ÞÚ

...að Alþjóða ólympíunefndin (IOC) var stofnuð 1894?

...að fyrsta vetrargreinin á ólympíuleikum fór fram 1908 í London samfara sumarólympíuleikum? Greinin var listhlaup á skautum.

...að fyrir leikana 1912 var stungið upp á því að hafa viku langa vetrardagskrá samfara sumarólympíuleikunum? Sænskir mótshaldarar voru á móti þessu og vildu heldur vekja athygli á Norðurlandaleikum í vetraríþróttum.

...að þessar hugmyndir áttu að verða að veruleika á næstu leikum í Berlín 1916? Þeim leikum var hins vegar aflýst þegar fyrri heimsstyrjöldin braust út.

...að á ólympíuleikunum 1924 í Frakklandi varð draumurinn um vetrarviku á ólympíuleikum loks að veruleika? Hún þótti takast svo vel að ári síðar ákvað IOC að halda sérstaka vetrarólympíuleika.

...að vetrarvikan 1924 er opinberlega fyrstu vetrarólympíuleikarnir?

...að fyrsti vetrarólympíumeistarinn var Bandaríkjamaðurinn Chatlie Jewtraw? Hann sigraði í 500 m skautahlaupi.

...að Norðmenn og Finnar voru sigursælastir á vetrarleikunum 1924?

...að vegna reiknimistaka varð Bandaríkjamaðurinn Anders Haugen fjórði í skíðastökki í stað þess að vera í bronssæti?

...að mistökin komu ekki í ljós fyrr en fimmtíu árum síðar og voru þá leiðrétt?

...að Anders Haugen fékk bronsverðlaunin sín að lokum, þá 83 ára gamall?

...að árið 1994 voru vetrarólympíuleikarnir færðir til svo þeir væru ekki á sama ári og sumarólympíuleikar?

...að þess vegna eru einungis tvö ár á milli leikanna í Albertville 1992 og í Lillehammer 1994?

...að 1998 í Nagano í Japan fór fjöldi þátttakenda yfir 2.000 í fyrsta skiptið?

...að leikarnir nú í Tórínó eru þeir 20. í röðinni?

...að næstu vetrarólympíuleikar fara fram í Vancouver í Kanada?

Ekkert blað í morgun?
Hringdu í 550 5000 og láttu okkur vita.
FRÉTTABLAÐIÐ
– stærsti fjölmiðillinn

Vantar þig starfskraft?




Yfir 111% fleiri lesendur að atvinnublaði Fréttablaðsins!




Um 150.000 lesendur

Samkvæmt nýjustu fjölmiðlakönnun Gallup (okt. 2005) nærðu til **rúmlega tvöfalt fleiri Íslendinga** á aldrinum 20 – 40 ára með því að auglýsa í **atvinnublaði Fréttablaðsins** frekar en atvinnublaði Morgunblaðsins. Könnunin sýnir að 38% af þeim lesa **Allt – atvinnu, sem fylgir frítt** með Fréttablaðinu alla sunnudaga. Aðeins 18% lesa hins vegar atvinnublað Morgunblaðsins og því eru **111% fleiri** sem sjá auglýsinguna í Fréttablaðinu.

Þegar horft er á allar staðreyndir málsins ætti að vera einfalt að sjá hvar borgar sig að auglýsa.

**Hvar birtist auglýsingin þín?**

allt - atvinna
– mest lesna atvinnublaðið

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.818 **+0,23%** **Fjöldi viðskipta:** 596 **Velta:** 4.639 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Dagsbrún** | +2,34% | **Vinnslustöðin** | -2,50% |
| **FL Group** | +1,88% | **Alfesca** | -2,39% |
| **Íslandsbanki** | +1,83% | **Actavis** | -1,72% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 57,00 -1,70% ... Alfesca 4,08 -2,40% ... Atorka 6,15 -0,20% ... Bakkavör 52,30 +0,00% ... Dagsbrún 6,55 +2,30% ... FL Group 27,10 +1,90% ... Flaga 3,89 +0,00% ... Íslandsbanki 22,30 +1,80% ... KB banki 978,00 +0,80% ... Kögun 64,80 +0,20% ... Landsbankinn 30,70 -1,00% ... Marel 65,00 +0,00% ... Mosaic Fashions 18,00 +0,00% ... Straumur-Burðarás 20,60 -0,50% ... Össur 109,00 +0,50%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Hagnaður SPRON 4 milljarðar

Methagnaður varð á rekstri SPRON á síðasta ári og nam hann 4,1 milljarði króna, þar af var hagnaður á fjórða ársfjórðungi yfir 1,8 milljarðar króna. Til samanburðar hagnaðist sparisjóðurinn um 1.631 milljón allt árið 2004 og því nemur aukningin 150 prósentum á milli ára.

Arðsemi eigin fjár var 61,5 prósent eftir skatta, sem er með því hæsta sem þekkist í bankakerfinu.

Guðmundur Hauksson, sparisjóðsstjóri SPRON, segir að allir rekstrarþættir komi vel út. Hefðbundin bankastarfsemi gekk vel og aðstæður á fjármálamörkuðum voru hagfelldar.

Hreinar vaxtatekjur, sem voru yfir 2,2 milljarðar króna, stóðu nánast í stað þar sem vaxtamunur minnkaði á milli ára. Hreinar rekstrartekjur námu alls 7.750 milljónum króna, sem er 62 prósenta hækkun á milli ára, og vega þar þyngst tekjur af eignarhlut SPRON í fjárfestingarfélaginu Exista, sem skilar yfir þremur milljörðum króna.



**GUÐMUNDUR HAUKSSON SPARISSJÓÐSSTJÓRI** Hagnaður SPRON jókst um 150 prósent á milli ára og nam 4,1 milljarði.

Laun og annar rekstrarkostnaður námu samtals um 3,1 milljarði króna og vaxa um fimmtung.

Eignir samstæðunnar voru um 115 milljarðar í árslok, sem er 67 prósenta hækkun á milli ára. Helsta ástæða mikils vaxtar efnahagsreiknings er útlánaaukning sem er einkum tilkomin vegna íbúðalána. Eigið fé nam þrettán milljörðum króna, sem er 7,2 milljarða hækkun á árinu, en stofnfé var sexfaldað á síðasta ári og nemur nú 3,9 milljörðum króna.

Tillaga verður lögð fyrir aðalfund að stofnfjáreigendur fái fimmtíu prósenta arð fyrir árið 2005 sem samsvarar 1,9 milljörðum króna. **- eþa**

# Styrmir fékk 200 milljónir

Atorka Group hagnaðist um 1.491 milljón króna á síðasta ári og dregst hagnaður saman um tæpan helming.

Fjórði ársfjórðungur var sá besti á árinu 2005 en þá nam hagnaður félagsins 850 milljónum króna, sem er tvöfalt betri afkoma en fyrir sama tímabil árið 2004.

Eigið fé Atorka var um 9,7 milljarðar króna í árslok 2005 og heildareignir um tuttugu milljarðar.

Í uppgjöri Atorku kemur fram að Styrmir Þór Bragason, fyrrum framkvæmdastjóri, þáði 200 milljónir króna sem annars vegar voru laun og hins vegar uppgjör á kaupréttarsamningum, sem námu 160 milljónum króna.

Atorka er fjárfestingarfélag sem á stóra eignarhluti í meðal annars Jarðborunum, Promens, Low & Bonar og NWF Group. Stjórnendur félagsins áætla að velta félaga sem eru að fullu í eigu þess verði um þrjátíu milljarðar á árinu. **- eþa**

# Hagnaður Orkla nærri tvöfaldast

Norska fyrirtækjasamstæðan Orkla jók hagnað sinn um 86 prósent á fjórða ársfjórðungi samanborið við sama tímabil í fyrra þökk sé miklum ytri vexti. Hagnaðurinn nam 15,3 milljörðum króna á tímabilinu.

Velta félagsins jókst um 72 prósent á síðasta ári en fyrirtækið er umsvifamikið í fjölmiðlarekstri, matvæla- og drykkjarframleiðslu og ýmiss konar iðnaði. Orkla er eitt stærsta fyrirtæki Skandinavíu með um 35 þúsund manns í vinnu.

Stærstu fjárfestingar Orka á síðasta ári voru yfirtökur á álframleiðendunum Elkem, sem rekur Járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga, og Sapa. „Viðburðaríkt ár er að baki þar sem við tókum yfir mörg stórfyrirtæki. Það hafði gríðarleg áhrif á bæði hagnað okkar og tekjur," segir forstjóri Orkla, Dag J. Opedal. **- eþa**

# Eigið fé OR yfir 48 milljarðar

Hagnaður Orkuveitu Reykjavíkur var 4.359 milljónir króna á síðasta ári, sem er um nítján prósenta aukning á milli ára. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) nam rúmum 6,5 milljörðum króna.

Rekstrartekjur fóru úr 13,2 milljörðum króna í 14,7 milljarða.

Fjármagnsliðir voru jákvæðir um 1.067 og er þetta fjórða árið í röð sem það gerist.

OR er mjög fjársterkt fyrirtæki með eigið fé um 48 milljarðaa og eiginfjárhlutfall nærri 55 prósent. Handbært fé frá rekstri var yfir 5,1 milljarður í árslok.

Ef tillaga stjórnar um arðgreiðslur ganga eftir fær Reykjavíkurborg 1.368 milljónir króna í arð vegna ársins 2005. **- eþa**

car

The leading British magazine Car came in the January 2006 to the same conclusion as so many other judging panels:

THE COMPETITORS FOR THE 2005 CAR OF THE YEAR:

ALFA ROMEO 159 LEXUS RX 400H JAGUAR XJD
RANGE ROVER SPORT HONDA CIVIC
BMW 3-SERIES SUZUKI SWIFT RENAULT CLIO
TOYOTA AYGO MERCEDES BENZ S-CLASS




Suzuki Swift er bíll sem hefur sett ný viðmið í hönnun, útliti og aksturseiginleikum fólksbíla og hefur fengið fádæma góðar viðtökur um allan heim. Suzuki Swift var valinn bíll ársins á Íslandi 2006 af BIBB samtökum íslenskra bílablaðamanna. Suzuki Swift var einnig valinn „Car of the Year" 2005 af virtasta bílablaði Bretlands „Car magazine".
Hann var valinn bíll ársins á Írlandi, Nýja-Sjálandi, Ástralíu, Kína, Malasíu og Japan.
Í Japan fékk Suzuki Swift líka „most fun special special achievement award" og „Design award of the year".

25 ÁR Á ÍSLANDI 1981-2006

SUZUKI ...er lífsstíll!

BANDALAG ÍSLENSKRA BÍLL ÁRSINS 2006 ...ANNA



SUZUKI BÍLAR HF.
Skeifunni 17. Sími 568 5100.
www.suzukibilar.is

MALCOLM X (1925-1965) LÉST ÞENNAN DAG.

*„Að hrasa er ekki að detta.“*

*Malcolm X var leiðtogi íslamskra blökkumanna í Bandaríkjunum og var myrtur aðeins fertugur að aldri.*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 21. FEBRÚAR 1988

# *Siðferðisbrestir sjónvarpspredikara*

Á þessum degi árið 1988 sagði bandaríski sjónvarpspredikarinn Jimmy Swaggart af sér prestsembætti í söfnuði sínum þar sem upp komst að hann hefði átt samneyti við gleðikonu.

Fyrir framan sjö safnaðarmeðlimi í Baton Rouge í Louisiana brast Swaggart í grát og játaði að hafa gerst sekur um alvarlegan siðferðisbrest, án þess þó að fara út í smáatriði. Hann sagðist ekki vilja hvítþvo synd sína með því að kalla hana mistök.

Játning Swaggarts þótti koma úr hörðustu átt þar sem hann hafði sjálfur fordæmt með eftirminnilegum hætti framhjáhald



JIMMY SWAGGART

annars sjónvarpspredikara, Jim Bakker, nokkrum mánuðum fyrr. Sá var rekinn úr starfi og sviptur hempunni.

Enn einn sjónvarpspredikarinn sem Swaggart hafði komið úr starfi árið 1986 launaði honum lambið gráa með því að afhenda yfirmönnum safnaðarins myndir af Swaggart ásamt gleðikonu á hóteli í Louisiana.

Sjónvarpspredikun er arðvænlegt starf. Um tvær milljónir fjölskyldna horfðu á þátt Jimmys Swaggart og frjáls framlög námu um 150 milljónum dollara ár hvert. Fjórum dögum eftir játningu sjónvarpsprestsins játaði gleðikonan umrædda að Swaggart væri fastakúnni, en vildi hins vegar meina að þau hefðu aldrei átt kynmök.

Swaggart starfar enn sem sjónvarpspredikari en er langt frá þeim vinsældum sem hann naut þegar hann var upp á sitt besta.

## MERKISATBURÐIR

1599 Leikmannabiblía er gefin út á Hólum í Hjaltadal.

1848 Kommúnistaávarpið, frægasta verk Karls Marx og Friedrichs Engels, er gefið út.

1895 Kvennablaðið kemur út í fyrsta sinn. Ritstjóri þess er Bríet Bjarnhéðinsdóttir.

1945 Dettifoss sekkur norður af Írlandi. Fimmtán farast en þrjátíu er bjargað.

1965 Malcolm X, baráttumaður fyrir mannréttindum, er myrtur.

1995 Steve Fossett flýgur fyrstur manna loftbelg einn yfir Kyrrahaf.



†

*Faðir minn, bróðir okkar og mágur*

**Jóhannes G. Svavarsson**

lést á heimili sínu þriðjudaginn 7. febrúar. Útför hans fer fram frá Grensáskirkju miðvikudaginn 22. febrúar kl. 15.00.

**Pétur Jóhannesson**
**Ellen Emilsdóttir**
**Svava Svavarsdóttir**
**Geir Svavarsson** **Jóhanna Svavarsdóttir**
**Esther Svavarsdóttir** **Jóhannes Björnsson**



†

*Elsku móðir okkar og tengdamóðir,*

**Ágústa María Ahrens**

lést 18. febrúar. Útförin auglýst síðar.

**Georg Ahrens Hauksson** **Ingibjörg Þórisdóttir**
**Erlendur Hauksson** **Kristín Helgadóttir**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma*

**Aðalheiður V. Steingrímsdóttir**
Hjallahlíð 4, Mosfellsbæ,

lést á heimili sínu laugardaginn 18. febrúar.

**Steingrímur Bjarnason** **Jóhanna H. Guðmundsdóttir**
**Gunnlaugur I. Bjarnason** **Ásta Guðjónsdóttir**
**Eyþór Már Bjarnason** **Katrín B. Baldvinsdóttir**
**og barnabörn.**



†

*Innilegar þakkir sendum við þeim sem sýndu okkur vináttu og hlýhug vegna andláts og útfarar elsku litla drengsins okkar*

**Daða Snæs Arnþórssonar**
Dalalandi 3, Reykjavík.

Sérstakar þakkir viljum við senda til sr. Pálma Matthíassonar, nánustu fjölskyldu okkar og vina fyrir ómetanlegan stuðning á þessum erfiða tíma. Guð blessi ykkur öll.

**Katrín Helga Óskarsdóttir** **Arnþór Hinrik Valgarðsson**
**Birgitta Dögg Arnþórsdóttir**

SKÁTAFÉLAGIÐ KÓPAR Í KÓPAVOGI: ER 60 ÁRA

# Kynntist konunni í Kópunum

Elsta starfandi félag í Kópavogi, skátafélagið Kópar, heldur upp á sextíu ára afmæli sitt um þessar mundir. Starfið hófst árið 1946 í heimahúsi þáverandi flokksforingja sem bjó á Bústaðabletti í Fossvogi. Um forsöguna og næstu ár er lítið vitað enda brunnu öll gögn skátafélagsins árið 1973.

Núverandi félagsforingi Kópa, Þorvaldur J. Sigmarsson, byrjaði sem níu ára yrðlingur í Kópunum árið 1959 og hefur fylgst með félaginu vaxa og dafna síðan þá. „Skátastarfið byggist á félagsskap frá níu ára aldri og er fræðsla um þjóðlífið, náttúruna, veröldina og sjálfan þig,“ segir Þorvaldur en í dag starfa um 300 skátar hjá félaginu á aldrinum níu til átján ára auk fjölda heldri skáta sem styðja við starfið.

Þorvaldi er einna minnisstæð frægðarför sem hann fór ásamt félögum sínum í yrðlingasveitinni í Árbæjarsafn árið 1959. „Þá gekk strætó ekki beina leið og því vorum við selfluttir af bróður sveitaforingjans í safnið en við urðum að ganga til baka. Þetta tók allan daginn og þegar við komum heim vorum við gjörsamlega búnir á því,“ minnist Þorvaldur glettinn en segja má að tímarnir hafi breyst síðan þá.

Árið 1970 var ráðist í mikið stórvirki þegar Friðrik Haraldsson félagsforingi fékk til liðs við sig nokkra foreldra og keypti húsnæði á Borgarholtsbraut 7, sem var og er íbúðarhús með miklum bílskúr. Svo mikill stórhugur var í fólki að sumir foreldranna veðsettu íbúðir sínar til að fjármagna kaupin. Þegar gaus í Heimaey árið 1973 var skátaheimilið lánað Vestmannaeyingum og allar eigur félagsins fluttar út í bílskúr. Ekki vildi betur til en svo að bílskúrinn brann og með honum mörg mikilvæg og söguleg gögn Kópa.

Öll fjölskylda Þorvaldar er á kafi í skátunum. „Þetta er okkar lífsstíll,“ segir hann og bendir á að hann og eiginkona hans hafi kynnst í dróttskátunum í Kópavogi og verið saman síðan. „Maður eignast ekki bara vini heldur lífsförunauta í skátunum,“ segir Þorvaldur, sem á stóran vinahóp sem giftist meira og minna innan skátahreyfingarinnar. Hann telur að þau sambönd haldist jafnvel betur en gengur og gerist enda lífsviðhorfin svipuð.

Skátafélagið Kópar flutti fyrir ári síðan í glæsilegt húsnæði að Digranesvegi 79, sem félagið byggði frá grunni. Þar bjóða Kópar gestum og gangandi í opið hús þann 24. febrúar milli klukkan fimm og átta. Þar gefst fólki kostur á að kynnast starfandi Kópum en að skátasiðið verður þar margt um að vera.




**Í SKÁTUNUM Í 47 ÁR** Þorvaldur félagsforingi byrjaði í Kópunum sem níu ára yrðlingur. Hann kynntist eiginkonu sinni í dróttskátunum og verður að sögn „ávallt skáti.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



†

*Minningarathöfn um elskulega eiginkonu mína, móður okkar, dóttur, systur og mágkonu,*

**Önnu Maríu Gunnarsdóttur**
Herningvej 86, Álaborg, Danmörku,

verður í Digraneskirkju þriðjudaginn 21. febrúar kl. 15:00. Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á sjúklingafélagið Tidslerne, sem er félagsskapur sem helgar sig stuðningi við þá sjúklinga sem leita sér lækninga með óhefðbundnum lækningaaðferðum.

Hægt er að leggja inn á reikning 0537-26-502429, kt. 010464-2429.

**Niels Möller Jensen**
**Nina, Emil og Jakob Nielsbörn**
**Gunnar Árnason**
**Kjartan Gunnarsson** **Hrefna Sölvadóttir**
**Þorgerður Gunnarsdóttir** **Ásgeir G. Sigurðsson**

LEGSTEINAR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara. Hjá okkur finnur þú það sem hentar þér og þínum.

Hafðu samband eða kynntu þér þjónustuna í verslun okkar.

S·HELGASON
Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is

## AFMÆLI



**Jón Baldvin Hannibalsson** fyrrverandi ráðherra og sendiherra er 67 ára.



**Björn Jósef Arnviðarson** sýslumaður er 59 ára.



**Hjalti Rögnvaldsson** leikari er 57 ára.

## ANDLÁT

**Sigurliði Jónasson**, Mýrarvegi 111, Akureyri, lést á hjúkrunarheimilinu Seli fimmtudaginn 16. febrúar.

## JARÐARFARIR

13.00 **Þorsteinn S. Sigvaldason**, Hraunbrún 34, Hafnarfirði, verður jarðsunginn frá Þjóðkirkjunni í Hafnarfirði.

**TILBOÐ**

Á LEGSTEINUM,
FYLGIHLUTUM
OG UPPSETNINGU

**10-50% AFSLÁTTUR**

Yfir 40 ára reynsla
Sendum myndalista



Steinsmiðjan MOSAIK
Hamarshöfða 4 • 110 Reykjavík • sími 587 1960 • www.mosaik.is

# Eitthvað annað en Toyota?

mazda

Þú vilt nýjan bíl, japönsk gæði og öruggt bílaumboð. Toyota? Nú er annar góður kostur í boði fyrir þig: Nýr Mazda frá Brimborg. Japönsk gæði Mazda keppa við hvern sem er. Helst Toyota. Gerðu samanburð. Markmið Mazda um að vera betri en aðrir kalla á kröfur um annan stíl, aðra eiginleika, önnur þægindi og annað öryggi. Nýtt verður til. Veldu öruggan stað að vera á. Komdu í Brimborg. Veldu annan stíl. Núna Mazda.

## Gerðu samanburð á japönskum gæðum

Berðu saman verð og búnað Mazda6 Touring 4 dyra, sjálfskiptum, og Toyota Avensis Sedan Sol, sjálfskiptum. Mazda6 kostar núna aðeins frá 2.190.000 kr. á sérstöku tilboði til þín. Að auki færðu vetrardekkin þér að kostnaðarlausu undir bílinn (verðmæti allt að 60.000 kr.) og sumardekkin í skottið. Verð á sjálfskiptum Toyota Avensis Sedan Sol er frá 2.400.000 kr.* Veldu annan stíl. Núna Mazda.

**Það sem er umfram í Mazda6 Touring:**

- *2,0 lítra vél*
- *5 þrepa sjálfskipting*
- *Álfelgur*
- *Hraðastillir*

Brimborg Bíldshöfði 8 | Brimborg Bíldshöfði 6 | MAX1 Bílavaktin

**Komdu í nýjan sýningarsal Mazda hjá Brimborg - Bíldshöfða 8**



**Mazda er besta merkið - Toyota næst besta..!**

**Mazda er með mestu heildargæðin, samkvæmt gæðakönnun þýska bílablaðsins Auto Bild. Toyota nr. 2.**

AUTO BILD, 5 TBL. 3. FEBRÚAR 2006 OG MBL 17. FEBRÚAR 2006

**Nánar á www.mazdabrimborg.is**

## Ný heimkynni - Nýtt verð!

# Kr. 2.190.000

**Mazda6 Touring 2,0i**
4 dyra, sjálfskiptur*

NÝTT HÚSNÆÐI

## Sérstakt tilboð!

### Kauptu! Leigðu! Fáðu lán!

**Frábær tilboð í tilefni nýrra heimkynna Mazda á Íslandi.**
Lægra verð en kynningarverð. Vetrardekkin færðu þér að kostnaðarlausu undir bílinn (verðmæti allt að 60.000 kr.) og sumardekkin í skottið.
Betri kjör hjá Lýsingu.
**Veldu annan stíl. Núna Mazda.**

**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.**
Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Mazda í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Mazda.

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.mazdabrimborg.is

LÝSING — Lýsing býður viðskiptavinum Brimborgar betri kjör vegna nýrra heimkynna Mazda á Íslandi.

Skoðaðu úrval Mazda í nýjum húsakynnum

Nýttu þér sérstakt tilboð á Mazda

Gildir aðeins til 11. mars!

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Mazda2**<br>Væntanlegur í maí | **Mazda3 Touring 1,6i**<br>5 dyra, 5 gíra*<br>**Besta verð 1.690.000 kr.**<br>Bílasamningur 22.945 kr.<br>Rekstrarleiga 30.414 kr. | **Mazda3 Touring 1,6i**<br>4 dyra 5 gíra*<br>**Besta verð 1.720.000 kr.**<br>Bílasamningur 23.353 kr.<br>Rekstrarleiga 32.140 kr. | **Mazda5 Touring 2,0i**<br>7 manna, 5 gíra*<br>**Besta verð 2.190.000 kr.**<br>Bílasamningur 29.422 kr.<br>Rekstrarleiga 39.990 kr. | **Mazda6 Touring 2,0i**<br>4 dyra, sjálfskiptur*<br>**Besta verð 2.190.000 kr.**<br>Bílasamningur 29.422 kr.<br>Rekstrarleiga 39.990 kr. |
| **Mazda6 Touring 2,0i**<br>5 dyra, sjálfskiptur*<br>**Besta verð 2.240.000 kr.**<br>Bílasamningur 30.093 kr.<br>Rekstrarleiga 41.100 kr. | **Mazda6 Touring 2,0i**<br>Wagon, sjálfskiptur*<br>**Besta verð 2.290.000 kr.**<br>Bílasamningur 30.764 kr.<br>Rekstrarleiga 42.700 kr. | **Mazda MX-5 Sport 2,0i**<br>2 dyra, 6 gíra*<br>**Besta verð 2.750.000 kr.**<br>Bílasamningur 36.944 kr. | **Mazda RX-8 High**<br>4 dyra 6 gíra*<br>**Besta verð 3.290.000 kr.**<br>Bílasamningur 44.669 kr. | **Mazda6 MPS AWD 2,3i**<br>4 dyra, 6 gíra*<br>**Besta verð 3.390.000 kr.**<br>Bílasamningur 45.543 kr. |

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.mazdabrimborg.is

*Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Umfelgun, smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. Aukabúnaður á mynd: sóllúga. Skv. verðlista Toyota febrúar 2006. **Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.





## STUÐ MILLI STRÍÐA Djamm

**ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON** ÓÐ SKÍT UM HELGINA.



Ég mætti gegn betri vitund á Pressuball á laugardag. Þar sem fólk kemur saman í stórum stíl undir áhrifum áfengis ráða leiðindin auðvitað ríkjum, en það er bilun að smala saman á einn stað fjölmiðlafólki úr öllum áttum; sjónvarpsliði, sem stendur í þeirri misskildu meiningu að það sé æðislegt, og blaða- og útvarpsfólki sem er svo misheppnað af hálfu skaparans að það felur sig bak við hljóðnema og prentsvertu.

Þessi sérkennilegi söfnuður blandast þó merkilega vel saman enda sameinast hann í ákveðnum plebbisma. Þetta sést best á því að Blaðamannafélagið auglýsir ballið sem „gala“ dansleik. Þó sá ég ekki einn einasta karlmann í kjólfötum og konur í alvöru síðkjólum voru teljandi á fingrum annarrar handar. Hjá íslensku fjölmiðlafólki er enginn munur á galaklæðnaði og bingógallanum sem það fer í á Ölstofuna.

Burtséð frá þessu gætu þessi böll verið skemmtileg ef íslenskir blaðamenn kynnu enn að drekka. Áður var þetta drykkfelldasta stétt landsins og ef fólk héldi uppi merkjum forvera sinna og sturtaði í sig viskí án íss í akkorði hefði þetta orðið samkoma ársins. Þess í stað virtust allir vera hengdir upp á þráð og báru sig eins og ljósmyndarar frá Séð/Heyrt eða DV væru í hverju horni að bíða eftir skandal. Niðurstaðan var lognmolla. Blaðamenn frá Fréttablaðinu og Mogganum nánast í faðmlögum þegar þeir ættu þvert á móti að vera í blóðugum slagsmálum.

Ég gafst upp og fór og dansaði á gamla Grand Rokk (sem nú heitir Sirkus) til morguns. Þar drukku alvöru blaðamenn. Þetta var eins og að stíga upp úr Hadesarheimum til himna. Brjálað stuð, sviti og læti. Var samt feginn eftir á að hafa ekki farið í kjólfötunum þar sem skórnir mínir eru ein drulluklessa og fötin drullug. Kannski er aldrei skúrað á Sirkus, nema ég hafi vaðið skítinn á Hótel Borg.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Overli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Pú og pa

Eftir SÖB




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Kirkman/Scott









## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 2 | 8 | 4 | 5 | 6 | 9 | 1 | 3 |
| 9 | 1 | 6 | 8 | 7 | 3 | 4 | 2 | 5 |
| 5 | 4 | 3 | 9 | 2 | 1 | 8 | 6 | 7 |
| 2 | 3 | 1 | 5 | 6 | 9 | 7 | 4 | 8 |
| 6 | 5 | 4 | 3 | 8 | 7 | 1 | 9 | 2 |
| 8 | 9 | 7 | 2 | 1 | 4 | 5 | 3 | 6 |
| 3 | 7 | 2 | 1 | 9 | 5 | 6 | 8 | 4 |
| 1 | 8 | 5 | 6 | 4 | 2 | 3 | 7 | 9 |
| 4 | 6 | 9 | 7 | 3 | 8 | 2 | 5 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | 4 | 2 | |
| 1 | | | 4 | | 3 | | 6 | |
| 3 | | | | | 8 | 1 | | |
| | | | | | 2 | 5 | | 6 |
| | | 7 | 9 | | 4 | 8 | | |
| 2 | | 6 | 3 | | | | | |
| | | 3 | 8 | | | | | 4 |
| | 2 | | 6 | | 1 | | | 7 |
| | 7 | 1 | | | | | | |

ÖRYGGISKERFI FYRIR HEIMILIÐ
SECURITAS


HARÐUR NAGLI Á HRAÐFERÐ?
ÓLAFUR F. NÚMASON / MYNDAK.
UMFERÐARSTOFA
HÆGÐU Á ÞÉR

! **Kl. 17.00**
*Jeffrey Nebolini flytur fyrirlestur um grafíska hönnun í LHÍ í Skipholti 1. Nebolini hefur sem grafískur hönnuður unnið fyrir fjölda viðskiptavina, allt frá risafyrirtækjum til enstaklinga. Fyrirlesturinn verður fluttur á ensku og nefnist „ Graphic Design from the Neck Up - Expanding the field at Cranbrook Academy of Art“, eða Grafísk hönnun frá hálsmáli og upp úr - að færa út kvíarnar við Cranbrook Academy of Art.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Jón Atli og Ösp lesa í Iðu

Þau Jón Atli Jónasson og Ösp Viggósdóttir koma fram á Skáldaspírukvöldi í Iðu í kvöld. Þau lesa bæði úr skáldsögum sínum, sem komu út á síðasta ári. Þetta eru fyrstu skáldsögur þeirra beggja, en Jón Atli hefur áður sent frá sér smásögur auk þess að hafa sent frá sér hvert leikritið á fætur öðru á síðustu árum.

Jón Atli les úr skáldsögu sinni, Í frostinu, sem kom út núna fyrir jólin. Þar segir frá ungri einstæðri móður í Reykjavík sem þvælist á milli skylduverka og skemmtana, að því er virðist án tilgangs og stefnu.

Ösp les úr skáldsögu sinni, Níunda sumar Úlfs, þar sem segir frá ungum dreng sem býr í litlu þorpi fyrir norðan. Níunda sumarið hans reynist viðburðaríkt, hann finnur til dæmis fjöður af engli og á sunnudögum hittir hann Guð og fær pönnukökur.

Báðar bækurnar hafa notið vinsælda lesenda og eru gestir hvattir til að vekja upp umræður að lestri loknum.



JÓN ATLI JÓNASSON

Skipuleggjari Skáldaspírukvöldanna er Benedikt S. Lafleur, en þetta kvöld er hið 55. í röðinni frá því að Skáldaspírukvöldin hófust. Núna í vetur hafa þau verið haldin vikulega í bókaverslunninni Iðu við Lækjargötu. Upplesturinn fer fram í bókahorninu á jarðhæðinni, en gestum er frjálst að koma með veitingar að ofan.

## > Ekki missa af ...

... **Vetrarhátíð** í Reykjavík sem hefst á fimmtudag og stendur fram á sunnudag með fjölmörgum menningarviðburðum.

... Háskólatónleikum í Norræna húsinu í hádeginu á morgun þar sem **KaSa-hópurinn** flytur tónlist eftir Sveinbjörn Sveinbjörnsson og Leif Þórarinsson.

... sýningu **Gabríelu Friðriksdóttur** í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu, þar sem hún sýnir framlag sitt til Feneyjatvíæringsins á síðasta ári.





Stóra svið

**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**
Su 26/2 kl. 14 UPPS. Su 26/2 kl. 17:30
Lau 4/3 kl. 14 UPPS. Su 5/3 kl. 14 UPPS.
Lau 11/3 kl. 14 Su 12/3 kl. 14

**CARMEN**
Lau 25/2 kl. 20 UPPS. Fö 3/3 kl. 20
Lau 4/3 kl. 20 Lau 11/3 kl. 20
Lau 18/3 kl. 20 Lau 25/3 kl. 20

**TALAÐU VIÐ MIG**
-FEBRÚARSÝNING ÍD-
Fö 24/2 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Su 5/3 kl. 20 Fö 10/3 kl. 20
Su 19/3 kl. 20 Su 26/3 kl. 20

**WOYZECK**
Þr 28/2 kl. 20 AUKASÝNING UPPSELT
AUKASÝNINGAR:
Su 12/3 kl. 20 Fi 23/3 kl. 20 .

**KALLI Á ÞAKINU**
AUKASÝNINGAR UM PÁSKANA!

Nýja svið / Litla svið

**BELGÍSKA KONGÓ**
Fi 23/2 kl. 20 UPPS. Fö 24/2 kl. 20 UPPS.
Lau 4/3 kl. 20 Su 5/3 kl. 20
Fö 10/3 kl. 20 Lau 11/3 kl. 20
Lau 18/3 kl. 20 Fi 23/3 kl. 20

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
Lau 25/2 kl. 20 UPPS. Su 26/2 kl. 20 UPPS.
Fi 2/3 kl. 20 Fö 3/3 kl. 20 UPPS
Mi 8/3 kl. 20 Fi 9/3 kl. 20

**HUNGUR**
Fi 23/2 kl. 20 Su 26/2 kl. 20
Mi 1/3 kl. 20 Lau 4/3 kl. 20

**MANNTAFL**
Mi 22/2 kl. 20 AUKASÝNING

**NAGLINN**
Fö 24/2 kl. 20 Lau 25/2 kl. 20
Fi 2/3 kl. 20 Fö 3/3 kl. 20

**GLÆPUR GEGN DISKÓINU**
Mi 1/3 kl. 20 Fö 17/3 kl. 20

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

TÚSKILDINGSÓPERAN
Fös. 24/2 **uppselt**, lau. 25/2 **uppselt**. **Sýnt í janúar og febrúar.**
**Aukasýningar í mars:** Sun. 5/3 örfá sæti laus og sun. 12/3 örfá sæti laus.

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Sun. 26/2 kl. 14:00 örfá sæti laus. **Aukasýning sun. 5/3 kl. 13:00** örfá sæti laus. **Síðustu sýningar.**

VIRKJUNIN
**Frumsýning fös. 3/3 uppselt**, 2. sýn. lau. 4/3 örfá sæti laus, 3. sýn. fim. 9/3 örfá sæti laus, 4. sýn. fös. 10/3 örfá sæti laus, 5. sýn. lau. 11/3 örfá sæti laus.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

ELDHÚS EFTIR MÁLI
Mið. 22/2 **uppselt**, fös. 24/2 **uppselt**, lau. 25/2 kl. 17:00 **uppselt** og kl. 20:00 **uppselt**, sun. 26/2 **uppselt**, lau. 4/3 kl. 17:00 **uppselt**, sun. 5/3 **uppselt**, þri. 7/3 **uppselt**, mið. 8/3 **uppselt**, lau. 11/3 kl. 17:00 **uppselt**, sun. 12/3 **uppselt**, mið. 15/3 **uppselt**, lau. 18/3 kl. 17:00 **uppselt**, sun. 19/3 **kl. 17:00** nokkur sæti laus, mið. 22/3 nokkur sæti laus, lau. 25/3 **kl. 17:00** örfá sæti laus.

SUNNUDAGSKVÖLD MEÐ SVÖVU
**Fyrirlestur - Kvöldverður - Leiksýning - Umræður**
Sun. 26/2 kl. 18:00 **uppselt**, sun. 5/3 kl. 18:00 **uppselt**, sun. 12/3 **uppselt**.

KASSINN KL. 20:00

PÉTUR GAUTUR
**Frumsýning lau. 4/3 uppselt**, fim 9/3 örfá sæti laus, fös. 10/3 örfá sæti laus, lau. 11/3, fim. 16/3, fös. 17/3. **Ath. nýtt sýningafyrirkomulag. Sýnt í mars og apríl.**

LEIKHÚSKJALLARINN
**Vetrarhátíð í Reykjavík 2006 - Kjallarakvöld með Kurt Weill**
Flytjendur: **Atli Rafn Sigurðarson, EgillÓlafsson, Halla Vilhjálmsdóttir** og **Selma Björnsdóttir**. Umsjón með dagskránni: **Jóhann G. Jóhannsson**, tónlistarstjóri Þjóðleikhússins.
**Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!**
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma 585 1295.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.




ÁSDÍS VALDIMARSDÓTTIR OG STEINUNN BIRNA RAGNARSDÓTTIR Þær ætla að flytja helstu víóluverk Brahms á tónleikum í Salnum annað kvöld ásamt sellóleikaranum Michael Stirling.

# Engin venjuleg tónlist

**Þau Ásdís Valdimarsdóttir, Michael Stirling og Steinunn Birna Ragnarsdóttir glíma við Brahms á tónleikum í Salnum annað kvöld.**

„Tríóið er eitt af fallegustu verkum sem ég þekki,“ segir Ásdís Valdimarsdóttir víóluleikari um Tríó í a-moll fyrir víólu, selló og píanó eftir Johannes Brahms.

Á tónleikum í Salnum í Kópavogi annað kvöld ætlar Ásdís að flytja þetta tríó ásamt eiginmanni sínum, Michael Stirling, sem leikur á selló, og Steinunni Birnu Ragnarsdóttur píanóleikara.

„Þetta er fyrsta verkið sem Brahms samdi eftir tímabil þar sem hann átti í erfiðleikum með að skrifa. Það var svo klarinettuleikari sem veitti honum innblástur og þá samdi hann þetta gullfallega tríó. Það er eitthvað svo sérstaklega innilegt við það,“ segir Ásdís og Steinunn Birna tekur hiklaust undir það.

„Þessi músík er ekkert venjuleg. Brahms er svona gæsahúðartónskáld og í tónlistinni hans er bæði mikil dýpt og mikill sársauki - eins og hjá þessum körlum öllum. Þeir voru ekki neinir trúðar heldur fólk sem hafði sterkar tilfinningar og gekk í gegnum ýmislegt.“

Til dæmis segir Steinunn Birna að óendurgoldin ást Brahms til Klöru Schumann svífi yfir vötnunum. „Það heyrist alveg ábyggilega í tríóinu, sérstaklega ef vel er hlustað.“

Á tónleikunum ætla þær Ásdís og Steinunn Birna einnig að flytja báðar víólusónöturnar sem Brahms samdi. Þessi þrjú verk, tríóið og sónöturnar tvær, eru í miklum metum hjá víóluleikurum, enda er þarna saman komið allt það helsta sem Brahms samdi fyrir víólu.

Ekki er algengt að þessi verk séu öll þrjú flutt saman á tónleikum. „Það er ögrandi verkefni að takast á við þessi þrjú verk í einum rykk,“ segir Steinunn Birna. „Þetta er stór og mikill biti en líka ofboðslega fallegur og það er þessi fegurð sem gerir það að verkum að maður leggur svona á sig.“

Með þessum tónleikum láta þau gamlan draum sinn rætast, sem er að flytja þessi þrjú stóru víóluverk Brahms. Um leið ætla þau að taka þessi þrjú verk upp og gefa út á disk síðar á árinu.

Ásdís Valdimarsdóttir lauk námi frá Juilliard-tónlistarháskólanum í New York, en starfsvettvangur hennar hefur síðan verið í Evrópu.

Hún hefur verið mjög virk í tónlistarlífinu þar, bæði sem einleikari og þátttakandi í kammermúsík, og unnið með mörgum heimsþekktum listamönnum.

Brahms-tónleikar þeirra Ásdísar, Michaels og Steinunnar Birnu hefjast klukkan 20 annað kvöld. ■

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FEBRÚAR

18 19 20 **21** 22 23 24

**Þriðjudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 20.00 Finnski píanóleikarinn **Katariina Liimatainen** og tékkneski fiðluleikarinn **Dagmar Prochazka** leika tónlist eftir Joonas Kokkonen, Kai Nieminen, Igor Stravinsky og Bela Bartok í Norræna húsinu.

### FYRIRLESTRAR

☐ 12.00 **Ásta S. Helgadóttir**, forstöðumaður Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, flytur erindi tilgang og starfsemi Ráðgjafarstofunnar á Lögfræðitorgi Háskólans á Akureyri, í stofu L201 Sólborg við Norðurslóð.

☐ 12.10 **Birna Þórarinsdóttir** flytur fyrirlesturinn “Jeppar og jakkaföt? Kynjamyndir í íslenskri utanríkisstefnu” á hádegisfundi Sagnfræðingafélags Íslands í Þjóðminjasafni Íslands.

☐ 17.00 **Jeffrey Nebolini** flytur fyrirlestur um grafíska hönnun í LHÍ í Skipholti 1.

### FUNDIR

☐ 16.30 Samtök móðurmálskennara, Félag íslenskra fræða og Íslenska málfræðifélagið efna til málþings um styttingu náms til stúdentsprófs í fyrirlestrarsal Þjóðarbókhlöðunnar. Framsögumenn verða **Halla Kjartansdóttir, Dagný Kristjánsdóttir, Guðrún Þórhallsdóttir, Halldóra Björt Ewen** og **Sigurður Konráðsson**.

### BÆKUR

☐ 20.00 Að þessu sinni lesa **Jón Atli Jónasson** og **Ösp Viggósdóttir** upp úr nýjum bókum sínum á Skáldaspírukvöldi í Iðu í Lækjargötu.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

# Útrás í ljósi kynjamynda

„Jeppar og jakkaföt? Kynjamyndir í íslenskri utanríkisstefnu“ nefnist erindi sem Birna Þórarinsdóttir stjórnmálafræðingur flytur í dag á hádegisfundi Sagnfræðingafélags Íslands, í fyrirlestraröðinni „Hvað er útrás?“.

„Ég ætla að horfa í gegnum kynjagleraugun á nokkra þætti í utanríkismálum Íslands fyrr og nú,“ segir Birna, sem hefur meðal annars rannsakað kynja- og jafnréttissjónarmið í stefnu og starfsemi Íslensku friðargæslunnar. „Ég held það komi ýmislegt athyglisvert í ljós sem margir hafa ekki leitt hugann að, til dæmis að samningurinn um herstöðina í Keflavík stýrðist að nokkru leyti af hugmyndum um þjóðfélagsstöðu kvenna og að halda þyrfti hermönnum frá íslenskum konum. En ég vil líka benda á að þessa rýni á utanríkis- og alþjóðamál vantar á Íslandi.“

Birna segist þó ekki telja að utanríkisstefna Íslendinga sé fyrst og fremst mörkuð af karllægum sjónarmiðum. „Það væri mikil einföldun, en ég spyr hvort og hvenær hún hefur gert það og hvaða áhrif það hefur haft.“ Einnig fjallar hún um útrásina svokölluðu og segir hana haldast í hendur. „Við búum í hnattrænu samfélagi þar sem mörkin milli þess sem gert er á vegum ríkisins og viðskiptamönnum í einkageiranum verða sífellt óskýrari.“ Hún vill þó sem minnst gefa upp um jeppana og jakkafötin sem hún tengir viðfangsefninu í titli erindisins. „Fólk verður bara að koma og heyra, en það getur verið að þetta sé ákveðin birtingarmynd karlmennskunnar í íslenskri utanríkisstefnu.“

Fyrirlesturinn fer fram í Þjóðminjasafni Íslands og stendur frá klukkan 12.10 og til 13 og er öllum opinn. ■



**BIRNA ÞÓRARINSDÓTTIR**
Er stjórnmálafræðingur og framkvæmdastýra UNIFEM á Íslandi.
FRÉTTABLAÐIÐ/ GVA


ÖSKUBUSKA

ÖSKUBUSKA - La Cenerentola eftir ROSSINI
5. sýn. fös. 24. feb. kl. 20 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
6. sýn. sun. 26. feb. kl. 20 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
7. sýn. 3. fös. 3. mars kl 20 - NOKKUR SÆTI LAUS - 8 . sýn. sun. 5. mars kl. 15 - KYNNING KL 14.15
KYNNING FYRIR SÝNINGU
Kynning á verkinu og uppsetningu þess er í boði Vinafélags Íslensku óperunnar hefst kl.19.15 og er innifalin í miðaverði. Húsið opnar kl. 19.00
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN









HIMNARÍKI

Fim. 23. Feb.
Fös. 3. Mars.

EF

eftir Valgeir Skagfjörð/
Einar Má Guðmundsson

Vestmanneyjar
Þrið. 21. Feb. kl. 9, 11 og 13 Uppselt

HAFNARFJARÐAR LEIKHÚSIÐ






*Leikfélagið Snúður og Snælda* sýnir leikritið

GLÆPIR OG GÓÐVERK

Byggð á verki Antons Delmer, "Don´t utter a note" Leikstjóri: Bjarni Ingvarsson Þýtt og staðfært af Sigrúnu Valbergsdóttur

Sýningar í IÐNÓ
4.sýning mið. 22. febrúar kl. 14.00
5. sýning sun. 26. febrúar kl. 20.00 (ath: breyttan sýningartíma)
6. sýning mið. 1. mars kl. 14.00
7. sýning sun. 5. mars kl. 14.00
8. sýning mið. 8. mars kl. 14.00
9. sýning sun. 12 mars Uppselt
10. sýning mið. 15. mars kl. 14.00
11. sýning sun. 19. mars kl. 14.00
Sýningar eru miðvikudaga og sunnudaga kl. 14.00

Miðapantanir í Iðnó s. 562 9700
www.midi.is
Miðaverð kr. 1.200







# Stewart hlakkar til Óskarsins

Þann 5. mars verða augu heimsbyggðarinnar á einum manni, þáttastjórnandanum Jon Stewart. Hann mun takast á við vandmeðfarið hlutverk, sennilega það erfiðasta sem nokkur uppistandari getur reynt við, en Stewart verður kynnirinn á Óskarsverðlaunahátíðinni. Stewart fetar í fótspor gamanleikara á borð við Steve Martin, Billy Crystal og Johnny Carson en í samtali við AP-fréttastofuna er ekki að heyra á honum að stressið sé að yfirbuga hann. „Fyrir uppistandara er þetta svið sviðanna,“ sagði hann og er augljóslega alveg óhræddur. „Ef ég ætti að fara að standa á brimbretti væri ég stressaður en þetta eru jú bara gamanmál.“ Stewart sagðist í samtalinu hlakka allra mest til að nota baðherbergið sem Steve Martin var með og njóta „hressinganna“ í græna herberginu.

Þrátt fyrir að þátturinn hans, The Daily Show, sé rammpólitískur og hann taki oft stjórnmálamenn á beinið segir Stewart að fólk þurfi engu að kvíða. „Þegar ég tók að mér þetta starf varð ég að beygja mig undir hefðir og reglur akademíunnar,“ útskýrði Stewart, sem hefur nýtt sér slysaskot varaforsetans Dick Cheney til hins ýtrasta. Stewart hlaut Emmy-verðlaunin fyrir þátt sinn og þakkaði David Letterman fyrir stuðningin. Margir muna eflaust eftir því þegar Letterman hakkaði hvern stórleikarann á fætur öðrum í sig og lét Opruh Winfrey finna til tevatnsins. Hvort Stewart hefur í hyggju að feta í fótspor lærimeistara síns verður bara að koma í ljós.



**HVERGI SMEYKUR** Jon Stewart er hvergi smeykur við að koma fram á Óskarnum og segist ætla að skilja pólitíkina eftir heima.

# Fólkið á bak við *Silvíu Nótt*



**SILVÍA NÓTT** Ágústa Eva Erlendsdóttir hefur farið á kostum í hlutverki Silvíu Nóttar.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL RÚNARSSON

**Nýkrýndur sigurvegari Eurovision-keppninnar, Silvía Nótt, hefur verið studd dyggilega að undanförnu af fjölmennum hópi fagmanna. Flestir eru þeir landsþekktar persónur sem eiga að baki farsælan feril og því deginum ljósara að árangur Silvíu bæði í sjónvarpinu og í Eurovision er engin tilviljun. Mikil baktjaldavinna hefur átt sér stað til að skapa þessa ógleymanlegu persónu, sem á vonandi eftir að gera okkur öll stolt í Aþenu í maí.**



**SELMA OG ÁGÚSTA SKÚLADÓTTIR** Selma Björnsdóttir og Ágústa Skúladóttir, leikstjóri hjá Þjóðleikhúsinu, höfðu umsjón með sviðsframkomu Silvíu Nóttar.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## NOKKRIR AF BAKHJÖRLUM SILVÍU NÓTTAR:



**ÁSGRÍMUR MÁR FRIÐRIKSSON** Ásgrímur hefur þekkt Ágústu Evu Erlendsdóttur síðan hann var sautján ára. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### BÚNINGAMEISTARI: Ásgrímur Már Friðriksson

„Ég er búinn að þekkja Ágústu síðan ég var sautján ára og hef lánað henni dót í þættina eins og stóra demantshringinn. Þetta er frábært verkefni og maður er búinn að leyfa sér allt,“ segir Ásgrímur Már, sem hannaði búninga Silvíu og dansaranna á úrslitakvöldi Eurovision. Hann segir að búningurinn hennar Silvíu hafi verið úr ýmsum efnum, meðal annars satíni, pólýester og spandexi, en búningurinn fyrir keppnina í Aþenu verði aftur á móti mun stærri og dramatískari.

### HÁRGREIÐSLUMEISTARI: Skjöldur Eyfjörð

„Hún hafði uppi á mér og bauð mér þetta og ég gat eiginlega ekki sagt nei. Ég „droppaði“ nokkrum verkefnum sem ég var með því hún borgaði svo vel og maður segir ekki nei við peningum. Þetta er búið að vera yndislegt en líka erfitt á köflum því hún er svolítið kröfuhörð,“ segir Skjöldur, sem sér um hárið á Silvíu Nótt fyrir merkisviðburði eins og Eurovision og Edduna.

### DANSHÖFUNDUR: Selma Björnsdóttir

„Ég, Ágústa Skúladóttir, Gaukur og Ágústa sjálf gerðum þetta í sameiningu,“ segir Selma um dansatriðið á Eurovision. „Við settumst niður og „brainstormuðum“ og úr varð þetta atriði.“ Selma aðstoðaði Silvíu jafnframt við sönginn í keppninni en Silvía fór eitt sinn í söngtíma til hennar í þætti sínum.

### UPPTÖKUSTJÓRI: Sölvi Blöndal

„Þorvaldur bað mig um að vera upptökustjóri og þetta var svona samstarfsverkefni. Mér finnst Eurovision frekar leiðinlegt en þetta Eurovision var ágætt miðað við önnur,“ segir Sölvi, sem samdi líka stefið fyrir þátt Silvíu Nóttar. „Ég og Gaukur [Úlfarsson leikstjóri] erum aldavinir og við vinnum að öllu saman. Hann var mikið með okkur í Quarashi. Annars er Silvía náttúrlega brilljant, ég bara dýrka hana.“



**SÖLVI BLÖNDAL** Sölvi Blöndal samdi stefið fyrir þátt Silvíu Nóttar og stjórnaði upptökum á lagi hennar fyrir Eurovision.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Fleiri bakhjarlar Silvíu

**Silvía Nótt:** Ágústa Eva Erlendsdóttir
**Leikarar:** Björn Thors og Rúnar Freyr
**Leikmyndahönnuður:** Finnbogi Erlendsson
**Leikstjóri:** Gaukur Úlfarsson
**Lagahöfundur:** Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson
**Framkvæmdastjóri Meistara alheimsins:** Þórólfur Beck



**SKJÖLDUR EYFJÖRÐ** Sá um hárgreiðsluna á Silvíu Nótt fyrir lokakeppni Eurovision. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.







FRÉTTABLAÐIÐ

– smáauglýsingar sem allir sjá

PANTAÐU Í SÍMA 550 5000 EÐA Á VISIR.IS




★ ★ ★ ★ VELJIÐ HÉR AÐ NEÐAN KVIKMYNDAHÚS OG SÝNINGARTÍMA SEM YKKUR HENTAR ★ ★ ★ ★

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| UNDERWORLD | kl. 5.45, 8 og 10.20 B.I. 16 ÁRA |
| ZATHURA m/íslensku tali | kl. 3.40 og 5.50 B.I. 10 ÁRA |
| ZATHURA m/ensku tali | kl. 5.45 og 8 B.I. 10 ÁRA |
| WALK THE LINE | kl. 5, 8 og 10.45 B.I. 12 ÁRA |
| SÝND Í Í LÚXUS | kl. 5, 8 og 10.45 B.I. 12 ÁRA |
| FUN WITH DICK AND JANE | kl. 3.40, 8 og 10.10 |
| BROKEBACK MOUNTAIN | kl. 10.15 B.I. 12 ÁRA |
| CHEAPER BY TE DOZEN 2 | kl. 3.45 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| TRANSAMERICA | kl. 5.45, 8 og 10.15 B.I. 14 ÁRA |
| MRS. HENDERSON | kl. 5.45, 8 og 10.15 |
| WALK THE LINE | kl. 6 og 9 B.I. 12 ÁRA |
| BROKEBACK MOUNTAIN | kl. 6 B.I. 12 ÁRA |
| MEMOIRS OF GEISHA | kl. 9 |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| ZATHURA | kl. 6 B.I. 12 ÁRA |
| WALK THE LINE | kl. 5.40 B.I. 12 ÁRA |
| UNDERWORLD | kl. 8 og 10 B.I. 16 ÁRA |
| FINAL DESTINATION | kl. 8 og 10 B.I. 16 ÁRA |

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

Dolby SDDS THX BÍÓ.IS – allt á einum stað





## FRÉTTIR AF FÓLKI



Kvikmyndaleikstjórinn Ang Lee ætlar ekki að slá slöku við en mynd hans um samkynhneigðu smalana, Brokeback Mountain, rakaði til sín Bafta-verðlaunum á sunnudagskvöldinu. Nýjasta mynd hans mun samkvæmt ITV.com fjalla um ævi söngkonunnar Dusty Springfield og er orðrómur um að Charlize Theron muni taka að sér hlutverk hennar. Merkilegri tíðindi þykja þó að Kate Moss er tengd við myndina og þykir líklegt að hún leiki ástkonu Springfield. Samkvæmt heimildum ITV.com þykir Kate henta vel útlitslega fyrir hlutverkið en þetta yrði fyrsta hlutverk hennar á hvíta tjaldinu. Heimildarmaður ITV segir að einhverjar ástarsenur kunni að vera í myndinni en heimasíðan hefur eftir honum að þær verði smekklegar fyrst Lee er við stjörnvölin.



Kylie Minogue er á leið í hjónaband með kærasta sínum Oliver Martinez ef marka má orð móður leikarans. Tímaritið New Idea hefur eftir Rosemarie Martinez að skötuhjúin muni ganga að eiga hvort annað á eyju skammt frá Melbourne. „Sonur minn hefur lofað mér að við verðum sótt þegar stóri dagurinn rennur upp," sagði Rosemarie við blaðið. Þau Minogue og Martinez ætla þó að bíða fram í apríl en þá mun bróðir söngkonunnar eignast sitt fyrsta barn. Kylie og Oliver hafa verið saman síðan þau hittust á Grammy-verðlaunahátíðinni 2003. Söngkonan hefur þurft að glíma við erfið veikindi að undanförnu en hún greindist með brjóstakrabbamein.

# Spaðaball á laugardaginn

Hið árlega Spaðaball verður haldið í Leikhúskjallaranum næstkomandi laugardagskvöld. Hljómsveitin er skipuð Guðmundi Andra Thorssyni, Gunnari Helga Kristinssyni, Aðalgeiri Arasyni, Guðmundi Pálssyni, Magnúsi Haraldssyni, Guðmundi Ingólfssyni og Sigurði G. Valgeirssyni. Hljómsveitin hefur sent frá sér all margar hljóðsnældur og geisladiska síðustu rúma tvo áratugi. Í upphafi sótti hún talsverð áhrif til Balkanskagans og sígauna- og gyðingatónlistar en með aldrinum hafa Spaðar færst nær þeirri tónlist sem þeir ólust upp við: Bítlagargi og blómapoppi, kántrí, blús og hliðar saman hliðar. Niðurstaðan er hrærigrautur af bítlamúsík, blús og gömludansalögum við rammíslenska sveitasælutexta. Spaðar munu að sjálfsögðu spila allmörg ný lög á dansleiknum. Gamlir vinir og gestir geta þó gengið að föstum liðum á borð við: Grasið er grænt, Obb bobb bobb, Salóme, Æ, skjóstu og beisluðu klárinn og Af litlum neista.



**SPAÐABALL** Hljómsveitin Spaðar heldur uppi stuðinu í Leikhúskjallaranum á laugardagskvöldið.

Miðinn kostar 1.000 krónur og byrjar forsala í 12 tónum á morgun. ■

# Skuggaprins í karókí

**[UMFJÖLLUN]**

**TÓNLIST**

Og verðlaunin fyrir vinsælasta samstarfsmann listrokksenunnar fær... (saumnál skellur á gólfinu)... Bonnie Prince Billy!

Á stuttum tíma hefur hann birst á plötum Johnny Cash, Sage Francis og Bjarkar Guðmundsdóttur. Auk þess gerði hann heila plötu með Matt Sweeney úr Chavez og núna syngur hann heila tökulagaplötu með Tortoise.

Ég er hálfpartinn að vona að svona samstarfsplötur komist í tísku. Það eru bara nokkrir mánuðir síðan Iron&Wine gerði plötu með Calexico og ímyndunarafl mitt er þegar byrjað að búa til nokkrar athyglisverðar blöndur. Ég leyfi mér að dreyma um Thom Yorke og Aphex Twin, Nick Cave og Cat Power, Björk og Sigur Rós svo eitthvað sé nefnt. Þið getið séð um restina.

Tilraunarokksveitin Tortoise hefur verið að síðan í upphafi síðasta áratugar og gefið út fjölda platna. Það er samt óhætt að fullyrða að hún hafi ekki náð að skína almennilega síðan meistarastykkið TNT kom út árið 1998.

Að gera plötu með konungi undirdjúpanna er þannig góð leið til þess að fanga athygli að nýju. Það er líka mikið um afbragðsspretti á þessari plötu. Hér tækla félagarnir lög eftir mjög ólíka listamenn. Hér er leitað í myrkustu grúskaraskúmaskot sem og beint í metsölurekkann í Hagkaupum. Hér má heyra lög eftir Elton John, Devo, Melanie, Bruce Springsteen og The Minutemen sem flæða í gegnum þessa snillinga.

Sum þeirra koma nokkuð heil út úr hakkavélinni en önnur enda í kássu. Daniel eftir Elton John er dæmi um lag sem hefði mátt gera betur. Ég fæ það á tilfinninguna að þeir hafi ekki þorað að taka almennilega á tilfinningaþunga þess lags. Thunder Road eftir Springsteen er aftur á móti algjört æði. Greip mig þvílíkum heljartökum að ég er líklegur til þess að kaupa eintak af Born to Run-plötunni næst þegar ég á leið í safnarabúð. Önnur vel heppnuð útgáfa er túlkun þeirra á Melanielaginu Some Say (I Got Devil), hrein unun að heyra brothætta rödd skuggaprinsins fara með það lag.

Við erum búin að fá fínan skammt af Bonnie Prince upp á síðkastið, enda duglegur maður. Hann virðist ekkert vera á leiðinni að slappa af og hljóðritaði víst nýja breiðskífu í Seljahverfinu á dögunum með upptökumanni Bjarkar.



**TORTOISE & BONNIE PRINCE BILLY: THE BRAVE AND THE BOLD**

**Niðurstaða:** Listrokksveitin Tortoise og Bonnie Prince Billy sameinuðu krafta sína og hljóðrituðu breiðskífu með tökulögum. Lög eftir Bruce Springsteen, Elton John, Devo og Melanie öðlast hér nýtt líf í athyglisverðum útsetningum.

Hann er kannski með skegg eins og jólasveinninn, en hann virðist vera enn gjafmildari því hann gefur okkur gjafir nokkrum sinnum á ári. Hann fer að eiga skilið að fá sinn eigin hátíðardag.

**Birgir Örn Steinarsson**



**SIGURVEGARAR** Brokeback Mountain hlaut fern Bafta-verðlaun. Frá vinstri: Jake Gyllenhaal, Heath Ledger, Michelle Williams, Ang Lee og James Schamus með verðlaunin.

NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

# Brokeback með fern Bafta-verðlaun

Kvikmyndin Brokeback Mountain, sem fjallar um ástarsamband samkynhneigðra kúreka, hlaut fern verðlaun á bresku kvikmyndaverðlaunum, Bafta. Hún var valin besta myndin, Ang Lee besti leikstjórinn og Jake Gyllenhaal besti leikari í aukahlutverki, auk þess sem hún fékk verðlaun fyrir besta handritið byggt á áður birtu efni.

„Þegar við byrjuðum að gera þessa mynd héldum við að þetta yrði lítil og falleg mynd en núna er hún stór og falleg," sagði Ang Lee. „Ég er ekki að segja að Bretar séu klárari en ég tek að minnsta kosti mikið mark á þeim."

Philip Seymour Hoffman var valinn besti leikarinn fyrir hlutverk sitt í Capote og Reese Witherspoon var kjörin besta leikkonan fyrir frammistöðu sína í Walk the Line, sem byggir á ævi kántrísöngvarans Johnny Cash.

Kvikmyndin The Constant Gardener, sem var tilnefnd til tíu Bafta-verðlauna, hlaut aðeins ein. Tvær myndir George Clooney, Syrinia og Good Night and Good Luck, voru tilnefndar til fjögurra verðlauna en hlutu engin.

Teiknimyndin Wallace and Gromit: The Curse of the Were-Rabbit eftir Nick Park var valin besta breska myndin.

# Gifting eða ekki gifting?

Þó að Angelina Jolie hafi blásið á allar sögusagnir um að hún og Brad Pitt ætli að ganga í hjónaband virðist orðrómurinn ætla að verða ansi lífseigur. Ítalska slúðurtímaritið Il Corrier Di Como hefur nú gefið þeim byr undir báða vængi en það segist hafa heimildir fyrir því að parið sé búið að bóka svítu á glæsilegu hóteli við Como-vatn á Ítalíu. Er parið sagt ætla að eyða þar viku um miðjan mars.

George Clooney, besti vinur skötuhjúanna, gaf hins vegar lítið fyrir þetta slúður og sagði að ef Brad og Angelina ætluðu sér að giftast við vatnið myndu þau gista á heimili hans en Clooney á glæsilega villu við vatnið. „Þið getið því sagt þyrlunum ykkar að sveima yfir húsinu mínu og láta hótelið í friði," gantaðist Clooney við blaðamenn á dögunum. Jolie gengur nú með fyrsta barn þeirra en parið getur varla hreyft sig vegna ágangs ljósmyndara. Hafa sumir líkt þessu við fárið í kringum Ben Affleck og Jennifer Lopez en það var kallað Bennifer. Nú hafa slúðurblaðamennirnir fundið upp nýtt heiti en það er Brangelina.



**BRANGELINA** Brad Pitt og Angelina Jolie hafa verið á síðum slúðurblaðanna alveg síðan þau komu fram sem par.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP




## FRÉTTIR AF FÓLKI



Ólátabelgurinn og partídýrið Paris Hilton virðist gera allt brjálað hvar sem hún drepur niður fæti. Nú er eiginkona Frank Lampard, Elen Rives, alveg sótill út í stúlkuna eftir að hafa frétt af stöðugum viðreynslum hótelerfingjans við manninn sinn. Samkvæmt götublaðinu The Mirror á Hilton að hafa reynt stöðugt við knattspyrnuhetjuna, gert sig líklega nokkrum sinnum og að lokum látið Lampard hafa símanúmerið sitt. Miðjumaðurinn mun þó hafa staðist allar árásir Paris Hilton og segir eiginkonan að hann sé henni og litlu stelpunni þeirra mjög trúr. „Það getur verið að Paris sé vön því að fá allt sem hún vill en þennan mann fær hún ekki. Hún á ekki roð í mig,“ sagði Elen kokhraust við blaðið.

Sérvisku Madonnu virðast engin takmörk sett. Hún hefur nú fest kaup á súrefnisvél í hvert einasta herbergi sem söngkonan hyggst nota þegar flugþreyta sækir á hana, til að viðhalda unglegu og fersku útliti sínu og ekki síst til að auka enn frekar á þá orku sem hún þarf. Madonna sagði í samtali við þýskt dagblað að súrefnisvélin hefði þegar reynst henni vel en poppdívan fer niður í tíu mínútur í senn og andar að sér fersku súrefni. „Það lætur þreytuna hverfa og þér líður sem endurnærðri manneskju á eftir,“ sagði Madonna.



# Skráning hefst í Músíktilraunir

Skráning fyrir Músíktilraunir Tónabæjar hefst á miðvikudag. Keppnin í ár er 25 ára og hefur áhugi ungra tónlistarmanna fyrir henni aldrei verið meiri. Í fyrra fylltist í þau fimmtíu pláss sem voru í boði á nokkrum dögum.

Keppnin í ár verður með sama sniði og hún hefur verið síðustu ár. Keppt er á undankvöldum vikuna 20.-24. mars og úrslitakvöldið er síðan haldið viku seinna, eða föstudagskvöldið 31. mars. Í þetta sinn verður keppnin haldin í Loftkastalanum og ætti því að vera nóg pláss fyrir áhorfendur.

Skráning fer fram á www.musiktilraunir.is og þarf hver hljómsveit að skila inn tveimur lögum á mp3-formi og greiða 6.000 króna þátttökugjald. Telst skráning ekki gild fyrr en það hefur verið greitt. Hægt er að fá allar frekari upplýsingar hjá starfsfólki Tónabæjar og Hins hússins. ■



**JAKOBÍNARÍNA** Sigursveit Músíktilrauna í fyrra er á leiðinni á tónleikahátíðina South By Southwest í Texas. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**CURTIS ADAMS** „Rokktöframaðurinn“ mikli er á leiðinni til Íslands í apríl.

# Miðasala á Curtis Adams að hefjast

Miðasala á sýningu töframannsins Curtis Adams í Austurbæ 7. apríl hefst á fimmtudaginn.

Adams, sem er rúmlega tvítugur, er nú þegar orðinn ein stærsta stjarnan í heimi töfrabragðanna og hafa sýningar hans í Las Vegas notið mikilla vinsælda. Sýningar hans eru svo hraðar og kraftmiklar að þeim hefur oft verið líkt við rokktónleika og Adams kallaður „rokktöframaðurinn“.

Áhorfendur mega búast við vænum skammti af nýstárlegum sjónhverfingum, eldglæringum, magnþrungnum spennuatriðum, sjóðheitum dansi og sprenghlægilegum grínatriðum.

Miðasalan hefst klukkan 10.00 og fer fram á midi.is, í verslunum Skífunnar í Reykjavík, BT á Akureyri og Selfossi og á event.is. Miðaverð er frá 1.900 krónum auk miðagjalds upp í 3.900 krónur auk miðagjalds. ■

# Hin dimmraddaða Bree

**[ KVIKMYNDIR ]**

**UMFJÖLLUN**

Transamerica er afar óklassísk vegamynd frá Bandaríkjunum. Hin frábæra Felicity Huffman leikur hér kynskiptinginn Bree Osbourne/Stanley Huffman sem fær hringingu frá syni sem hún vissi ekki af. Hún leysir soninn, Toby sem leikinn er af Kevin Zegers, úr fangelsi og þau fara saman í bílferðalag til Los Angeles án þess að hún segi drengnum að hún sé faðir hans.

Huffman er gríðarlega sannfærandi í hlutverkinu og sýnir hérna hversu snjöll leikkona hún er. Hún leikur kynskiptinginn á einlægan hátt og hjálpar áhorfendum að skilja sársaukann sem fólk í hennar stöðu þarf að ganga í gegnum á lífsleiðinni. Þó dettur persónan aldrei í þá glufu að vorkenna sjálfri sér og sennilega er það eitt af því sem gerir myndina svo sérstaka. Persónan Bree er einstök og býr yfir alls kyns skemmtilegri vitneskju og frábærum karakter sem fær áhorfendur til að veltast um af hlátri og hin fyndna Felicity fer létt með að ná þessu fram.



**TRANSAMERICA**

LEIKSTJÓRN: DUNCAN TUCKER

**AÐALHLUTVERK:** Felicity Huffman og Kevin Zegers.
**Niðurstaða:** Þetta er mynd sem tekur á viðkvæmu málefni á einstaklega ljúfan og skemmtilegan hátt. Nokkrar aukapersónur eru aðeins of kjánalegar en ná þó ekki að skyggja um of á heildina. Mynd sem allir ættu að sjá.

Fyrri hluti myndarinnar er sá sterki en þar eru aðeins þau Huffman og Zegers í mynd nánast allan tímann. Hin dimmraddaða Bree sem reynir að ná til sonar síns án þess að segja honum sannleikann og Zegers er ágætur sem flæktur unglingur. Þegar líður á myndina koma ýmsir aukaleikarar við sögu sem mér þóttu flestir frekar ósannfærandi. Fjölskylda Bree er allt of ýkt og öfgakennd miðað við hversu raunverulegar aðrar aðalpersónur í myndinni eru og mamman fer fram úr öllu hófi með fíflalátum og stælum. Flippuðu fjölskyldunni tekst þó ekki að eyðileggja mikið því myndin er einfaldlega of góð fyrir það. Alls ekki láta þessa framhjá ykkur fara.

Borghildur Gunnarsdóttir








## Meistaradeild í hestaíþróttum

Í gær var tilkynnt um nýja úrvalsdeild í hestaíþróttum, Meistaradeild VÍS, þar sem bestu knapar landsins munu etja kappi um 3,2 milljónir króna á sex mótum.

# sport

sport@frettabladid.is

ÞRÓTTARAR SKOÐA LEIKMANNAMARKAÐINN: ATLI EÐVALDSSON FER ÓHEFBUNDNAR LEIÐIR

# *Með útlenda verkamenn á æfingum*

Þróttarar hafa verið að skanna leikmannamarkaðinn undanfarið eins og önnur lið en á síðustu dögum hafa tveir erlendir leikmenn verið til æfinga hjá félaginu. Annar þeirra er Pólverji sem ber nafnið Christo og kom hingað til lands til að vinna sem verkamaður. Hinn er portúgalskur, ber nafnið Luis Djalo en er kallaður Jay og er að vinna í verslun GK í Reykjavík.

„Christo kom hingað sem verkamaður og fékk að kíkja á nokkrar æfingar. Þessir verkamenn eru bara að vinna svo lengi, til 8-9 á kvöldin, að þetta gekk ekki upp en hann sýndi fín tilþrif á æfingunum hjá okkur. Ég hefði mikinn áhuga á að skoða hann betur en því miður verður það ekki úr þessu. Hann lofaði góðu, hafði spilað í 2. deildinni í Póllandi og var lipur með knöttinn,“ sagði Atli Eðvaldsson, þjálfari Þróttar, við Fréttablaðið í gær. „Það er ansi mikið af Pólverjum að vinna hér í verkavinnu, það hljóta einhverjir fleiri að geta spilað fótbolta. Ég ætti kannski að setja upp æfingaleik á Kárahnjúkum og athuga málið,“ sagði Atli og hló við.



„Við höfum líka verið með portúgalskan leikmann á æfingum hjá okkur. Líkt og Christo kom hann hingað til að vinna, reyndar í verslun, en samt endaði hann á æfingu hjá okkur. Hann lofar mjög góðu og það kemur alveg til greina að hann spili með okkur í sumar. Hann er stór og sterkur strákur sem spilaði með Cambres í Portúgal og ég sé hann fyrir mér sem miðvörð eða á miðjunni,“ sagði Atli, sem ætlar sér að styrkja Þróttaliðið fyrir átökin í 1. deildinni í sumar. „Við verðum að styrkja okkur enda höfum við misst marga leikmenn. Það er ekkert launungarmál að okkur vantar 3-4 reynslumikla menn og því er enn pláss í liðinu. Íslenski markaðurinn hefur ekki upp á mikið að bjóða þó svo að molarnir detti vissulega,“ sagði Atli að lokum.

## > Jerica farin frá Grindavík

Kvennalið Grindavíkur í körfuknattleik varð fyrir miklu áfalli í gær þegar hinn bandaríski leikmaður liðsins, Jerica Watson, bað um að verða leyst undan samningi af persónulegum ástæðum. Stjórn Grindavíkur reyndi að tala um fyrir henni en án árangurs og hún er því flogin til síns heima. Brotthvarf hennar er mikið áfall fyrir Grindavík enda Watson verið í lykilhlutverki hjá liðinu og hennar skarð verður ekki fyllt svo auðveldlega.







UNITEDMENN
þig getið enn verið með!
Allir geta spilað í Meistaradeildinni á Lengjunni

MEISTARADEILDIN er á Lengjunni. Fylltu út seðil á lengjan.is eða á næsta sölustað og hleyptu enn meiri spennu í leikina.

ÞRIÐJUDAGUR 21. FEBRÚAR

| | | | 1 | X | 2 |
|---|---|---|---|---|---|
| 19:50 | | Real Madrid - Arsenal | 1.50 | 3.00 | 4.00 |
| 19:50 | S | B. München - AC Milan | 1.90 | 2.75 | 2.80 |
| 19:50 | S | Benfica – Liverpool | 2.45 | 2.60 | 2.20 |
| 19:50 | S | PSV - Lyon | 2.15 | 2.60 | 2.50 |

MIÐVIKUDAGUR 22. FEBRÚAR

| | | | 1 | X | 2 |
|---|---|---|---|---|---|
| 19:50 | S | Chelsea – Barcelona | 1.90 | 2.75 | 2.80 |
| 19:50 | S | Werder Bremen – Juventus | 2.60 | 2.65 | 2.05 |
| 19:50 | S | Ajax – Inter Milan | 2.65 | 2.70 | 2.00 |
| 19:50 | S | Glasgow Rangers – Villareal | 2.35 | 2.60 | 2.30 |



Lengjan
WWW.LENGJAN.IS




**THIERRY HENRY** Raúl telur Frakkann einn besta knattspyrnumann í heimi.

NORDICPHOTOS/AFP

Eftir 76 daga er langri bið knattspyrnubullna lokið:

# Stórleikir í Meistaradeildinni í kvöld

**FÓTBOLTI** Eftir langt frí hefst keppni Meistaradeild Evrópu aftur með látum í kvöld þegar fyrri fjórir leikirnir í sextán liða úrslitum keppninnar fara fram.

Liverpool fer til Portúgal og mætir þar Benfica, sem sló Manchester United út úr keppninni með sigri í riðlakeppninni. Liverpool var nálægt því að kaupa fyrirliða Benfica, Simao Sabrosa, síðasta sumar en hann er lykilmaður í liðinu. „Við viljum fullkomna góða viku með góðum úrslitum gegn Benfica,“ sagði Rafael Benítez, stjóri Evrópumeistaranna. „Leikmennirnir mínir eru líklega örþreyttir en það er allt í lagi og mjög eðlilegt. Að vinna leiki er góð leið til að losna við þreytuna og menn munu koma dýrvitlausir til leiks gegn Benfica,“ bætti Benítez við.

Real Madrid og Arsenal kljást á Santiago Bernabeu-vellinum á Spáni en Skytturnar eru þunnskipaðar þessa dagana. Jose Antonio Reyes nær þó að spila en Emmanuel Adebayor er ekki gjaldgengur. Miðjumaðurinn Mathieu Flamini verður í vinstri bakvarðarstöðunni en hann er áttundi leikmaður Arsenal til að spila þá stöðu á tímabilinu.

„Þetta verður mjög erfiður leikur. Arsenal er með gott lið og Thierry Henry er einn besti knattspyrnumaður í heimi,“ sagði Raúl, fyrirliði Real Madrid, sem er tæpur vegna meiðsla en ef hann spilar verður það 100. leikur hans í keppninni.

Bayern München og AC Milan eigast við í Þýskalandi en bæði lið verða án fyrirliða sinna í leiknum. Oliver Kahn, fyrirliði heimamanna, meiddist um helgina í leik gegn Hannover. Michael Rensing mun standa vaktina í hans stað. Paolo Maldini verður ekki með AC Milan vegna ökklameiðsla en hann hefur verið í Bandaríkjunum til að ná sér af þeim.

PSV Eindhoven og Lyon mætast í Hollandi en þau mættust i átta liða úrslitum keppninnar í fyrra. Þá vann PSV eftir vítaspyrnukeppni og eiga Frakkarnir því harma að hefna. „Þeir eru með sterkt lið og mjög skemmtilegt sóknarlið. Við höfum séð alla leiki þeirra síðan í lok desember og þekkjum því liðið út og inn,“ sagði Gerard Houllier, stjóri Lyon, fyrir leikinn. **hjalti@frettabladid.is**

**LEIKIR KVÖLDSINS:**

| | |
|---|---|
| REAL MADRID - ARSENAL | SÝN |
| B. MÜNCHEN - AC MILAN | SÝN EXTRA |
| BENFICA - LIVERPOOL | SÝN EXTRA2 |
| PSV EINDHOVEN-LYON | |

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FEBRÚAR

18 19 20 **21** 22 23 24

**Þriðjudagur**

**SJÓNVARP**

- 10.50 **ÓL í Tórínó** á RÚV. Skíðaskotfimi og boðganga karla.
- 12.50 **ÓL í Tórínó** á RÚV. Norræn tvíkeppni.
- 19.00 **Meistaradeildin með Guðna Bergs** á Sýn. Upphitun.
- 19.30 **Real Madrid gegn Arsenal** á Sýn. Bayern gegn AC Milan er á Sýn Extra og Benfica-Liverpool á Sýn Extra 2.
- 21.35 **Meistaramörk** á Sýn.

Chelsea - Barcelona:

# Dýrt á völlinn

**FÓTBOLTI** Miðaverð á stórleik Chelsea og Barcelona á Stamford Bridge annað kvöld í Meistaradeildinni hefur rokið upp úr öllu valdi en fyrir löngu er orðið uppselt á leikinn.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er algengt verð á miða í dag um 50 þúsund íslenskar krónur en það hæsta fór upp í 1.000 pund, eða um 112 þúsund krónur, á svarta markaðnum. Það er mun hærra en gengur og gerist á aðra stórleiki. Mjög auðvelt er að losa sig við miða á völlinn þar sem eftirspurnin er gífurleg. Þess má geta að Chelsea seldi miða frá sér á leikinn fyrir um sextíu pund; tæpar sjö þúsund krónur. ■



**DAGNÝ LINDA** Sést hér á fleygiferð í brunkeppninni á dögunum. Hún sýndi mikið öryggi í risasviginu í gær og náði fínum árangri. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Þrír íslenskir skíðamenn í eldlínunni í Tórínó í gær:

# Dagný Linda heldur uppi heiðri Íslands

**ÓL Í TÓRÍNÓ** Dagný Linda Kristjánsdóttir heldur uppi heiðri íslenska skíðaliðsins á ÓL í Tórínó en hún náði aftur ágætum árangri í gær þegar hún varð í 23. sæti af 56 keppendum í risasvigi. Hún kom í mark rúmum tveim sekúndum á eftir Michaelu Dorfmeister sem vann. Dagný Linda var með rásnúmer 49 og reif sig því hátt upp töfluna. Dagný Linda hafnaði í sama sæti í bruni ekki fyrir löngu síðan en árangur hennar er einn sá besti sem Íslendingur hefur náð á vetrarólympíuleikum.

Það var ekki sami glæsibragurinn á þeim Björgvini Björgvinssyni og Kristjáni Una Óskarssyni, sem féllu báðir úr leik í stórsvigskeppninni, Björgvin eftir aðeins tvö hlið en Kristján Uni örlítið neðar í brautinni. - hbg

KR gerði 1-1 jafntefli gegn Brann á La Manga:

# Algjör synd að klára ekki þennan leik

**FÓTBOLTI** KR tókst ekki að landa sigri gegn norska liðinu Brann á æfingamóti á La Manga á Spáni en leikurinn fór fram í gær. Björgólfur Takefusa skoraði gott mark fyrir KR en Brann tókst að jafna leikinn. Vesturbæjarliðinu tókst ekki að bæta við mörkum þrátt fyrir urmul góðra færa en Garðar Jóhannsson brenndi meðal annars af vítaspyrnu undir lok leiksins.

„Við spiluðum frábæran bolta í þessum leik og vorum betri allan leikinn. Það var algjör synd að ná ekki að klára leikinn en við fengum svo sannarlega tækifæri til þess að gera út um hann og þetta var því svekkjandi,“ sagði Teitur Þórðarson, þjálfari KR, við Fréttablaðið eftir leikinn.

„Aftur er liðið að spila mjög vel en uppsker ekki laun erfiðisins en liðið hefur staðið sig virkilega vel hér á La Manga,“ sagði Teitur en KR fór stigalaust í gegnum riðilinn og lenti því í neðsta sæti eftir töp gegn Tromsö og Krylia. Teitur segir þó að KR hafi vakið mikla athygli á Spáni.

„Liðið hefur komið mönnum mikið á óvart. Kollegar mínir undrast hversu marga góða leikmenn liðið hefur og spyrjast reglulega fyrir um ákveðna leikmenn. Það kæmi mér ekki á óvart ef einhverjar fyrirspurnir bærust um að fá leikmenn til sín en ég hef engan áhuga á því að missa neinn úr hópnum mínum. Við erum ekki í söluferð,“ sagði Teitur að lokum en KR spilar lokaleik sinn á fimmtudaginn þegar það mætir norska liðinu Odd Grenland. - hþh

Stjörnuleikur NBA:

# James stal senunni

**KÖRFUBOLTI** Mikið var um dýrðir í Houston aðfaranótt mánudags þegar árlegur Stjörnuleikur NBA-deildarinnar fór fram. Austrið hafði betur gegn Vestrinu og vann 122-120 sigur í stórskemmtilegum leik.

Segja má að LeBron James hafi eyðilagt handritið að leiknum en hefð er fyrir því að spila uppi heimamann sem er síðan valinn besti maður leiksins. Allt annað var uppi á teningnum í þessum leik þar sem James stal senunni, skoraði 29 stig og hirti verðlaunin af Tracy McGrady, leikmanni Houston Rockets.

McGrady var ekki sáttur við að vinna ekki verðlaunin. Á blaðamannafundi eftir leikinn hraunaði hann yfir Tim Duncan og Shaquille O'Neal en sá fyrrnefndi glotti bara og gekk út af fundinum. Var það alls ekki viðeigandi endir á Stjörnuhelginni, sem þótti þó heppnast mjög vel í ár.



**MICHAEL ESSIEN OG CHARLES N'ZOGBIA** Berjast hér í leik Chelsea og Newcastle fyrr á tímabilinu. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Enska bikarkeppnin:

# Chelsea mætir Newcastle

**FÓTBOLTI** Í gær var dregið í átta liða úrslitum ensku bikarkeppninnar en stórleikur hennar er leikur Chelsea og Newcastle. Handhafinn Arsenal er fallinn úr leik og fær liðið því ekki tækifæri til að verja titilinn en aðeins úrvalsdeildarlið eru eftir í keppninni. Leikirnir fara fram 20.-23. mars.

**DRÁTTURINN:**

CHELSEA - NEWCASTLE
BIRMINGHAM - LIVERPOOL
CHARLTON - MIDDLESBROUGH
A. VILLA/MAN. CITY - BOLTON/W. HAM




## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Like a blind man at an orgy, I was going to have to feel my way through.“**

**Svar:**
Frank Drebin í kvikmyndinni Naked Gun 33 1/3 frá árinu 1994.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON FYLGDIST MEÐ ÞJÓÐINNI STÆKKA.

# *Við erum víst fyndin!*

Síðastliðið laugardagskvöld kom þjóðin til dyra eins og hún var klædd. Þrátt fyrir að mörgum finnist Evróvision vera korní keppni með asnalegum lögum er hún engu að síður einn af speglum þjóðarsálarinnar. Yfir hundrað þúsund atkvæði segja meira en mörg orð um áhuga þjóðarinnar þó eflaust hafi stærsti hluti þessara atkvæða borist úr sömu símunum.

Fyrir þremur árum var Birgitta valin af þjóðinni en þá reyndu strákarnir í Botnleðju að lífga aðeins upp á keppnina með laginu Euro-Visa. Þá vorum við enn of lítil í hjarta okkar til að gera grín að þessari fimmtíu ára keppni. Úrslitin á laugardaginn sýna, svo ekki verður um villst, að Íslendingar telja sig ekki lengur vera minnimáttar meðal hinna stóru Evrópuþjóða. Við þurfum ekki að rembast eins og rjúpan við staurinn og reyna að ganga í augun á einhverjum stórveldum; við erum stórveldið.

Íslendingar hafa alltaf haft sérkennilegan húmor. Við erum ein fárra þjóða sem ekki hefur tekist að flytja fyndni okkar út fyrir landsteinana og það hefur alltaf verið gert grín á okkar kostnað. Á laugardaginn sagði þjóðin hingað og ekki lengra, steig niður fæti og sagði hátt: Við erum víst fyndin og Evrópa skal fá að heyra brandarana okkar!

Sem betur fer spáðu allir útlendu Eurovision-sérfræðingarnir því að okkur kynni ekkert að ganga allt of vel í keppninni á Grikklandi með lagi Silvíu. Þeir sömu töldu nefnilega næsta víst að Ísland myndi vinna keppnina með Selmu Björns í fyrra. Þessar hrakspár sanna bara hið fornkveðna. Örlög spekinga eru alltaf þau sömu, sama í hverju það er; löng dvöl í fílabeinsturninum.



**MEÐ HÚMORINN AÐ LEIÐARLJÓSI** Kosningin á lagi Þorvaldar Bjarna, Til hamingju Ísland með Silvíu Nótt í fararbroddi, er glöggt merki um að þjóðin hefur fengið aukið sjálfstraust og vill gera grín að fleirum en sjálfri sér.



▶ 20.25 *Spenna*

VERONICA MARS



▶ 22.20 *Gaman*

MY LIFE IN FILM



▶ 22.20 *Spenna*

SUPERNATURAL



▶ 20.30 *Lífstíll*

HEIL OG SÆL



▶ 19.30 *Fótbolti*

REAL MADRID – ARSENAL

### SJÓNVARPIÐ

**9.20** Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó **10.20** Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó **10.50** Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó

**12.50** Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó **13.40** Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó **15.30** Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Gló magnaða (39:52) **18.25** Tommi togvagn (17:26)

**18.30 Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó** Fyrri samantekt dagsins.
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
▶ **20.25 Veronica Mars (21:22)** Bandarísk spennuþáttaröð um unga konu sem tekur til við að fletta ofan af glæpamönnum eftir að besta vinkona hennar er myrt og pabbi hennar missir vinnuna.
**21.10 Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó** Ísdans.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Njósnadeildin (8:10)** (Spooks) Breskur sakamálaflokkur um úrvalssveit innan bresku leyniþjónustunnar MI5. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.20** Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó **23.50** Kastljós **0.40** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Martha **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Missing (7:18) **12.00** Hádegisfréttir **12.20** Neighbours **12.45** Í fínu formi 2005 **13.00** Veggfóður (3:17) **13.45** The Guardian (21:22) **14.30** LAX (8:13) **15.15** Amazing Race 5 (1:13) (e) **16.00** Töframaðurinn **16.20** He Man **16.45** Shin Chan **17.10** Töfrastígvélin **17.20** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** The Simpsons 12 (19:21)

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 Strákarnir**
**20.05 Fear Factor (27:31)**
**20.50 Numbers (13:13)** (Tölur) Bönnuð börnum.
**21.35 Prison Break (4:22)** Bönnuð börnum.
▶ **22.20 My Life in Film (1:6)** (Bíólíf)(Rear Window) Nýir breskir gamanþættir um tvo lánlausa kvikmyndagerðarmenn sem sannfærðir eru um að þeir séu bjartasta von breskrar kvikmyndalistarinnar. Vandinn er bara sá að þeim hefur aldrei tekist að gera heila bíómynd og komast ekki nærri kvikmyndabransanum eð svoað vinna við að rífa aðgöngumiða á myndir eftir aðra.
**22.50 Twenty Four (4:24)** (24 )

**23.35** Nip/Tuck **0.20** Road to Perdition (Str. b. börnum) **2.15** (B. börnum) **4.40** Prison Break (4:22) (B. börnum) **5.25** Fréttir og Ísland í dag **6.30** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 My Name is Earl (6:24) (e)**
**20.00 Friends (4:24)**
**20.30 Idol extra 2005/2006**
**21.00 American Dad (13:13)**
**21.30 Reunion (6:13)**
▶ **22.20 Supernatural (2:22)** (Wendigo) Bræðurnir Sam og Dean hafa frá barnæsku hjálpað föður þeirra að finna illu öflin sem myrtu móður þeirra. Einn daginn hverfur faðir þeirra og fara þeir bræður í mikið ferðalag til þess að finna föður sinn. Á meðan Sam og Dean elta vísbendingar sem þeir hafa fundið lenda þeir í alls kyns illum öflum sem þeir eru staðráðnir í að stöðva.

**23.05** Laguna Beach (10:17) **23.30** Fabulous Life of (13:20) **0.00** Friends (4:24) **0.25** Idol extra 2005/2006 (e)

### SKJÁREINN

**18.00** Cheers **18.20** The O.C. (e)

**19.20 Fasteignasjónvarpið .**
**19.30 All of Us (e)**
**20.00 How Clean is Your House**
▶ **20.30 Heil og sæl** Heil og sæl er nýr íslenskur matreiðsluþáttur á Skjá einum. Aðaláherslan er lögð á að kenna fólki að lifa eftir 10 grunnreglum í mataræði, sem geta leitt til stórbættrar heilsu og aukinnar orku. Þorbjörg Hafsteinsdóttir og Oscar Umahro Cadogan hafa umsjón með þættinum.
**21.00 Innlit/útlit**
**22.00 Close to Home** Í Close to Home er skyggnst undir yfirborðið í rólegum úthverfum, þar sem hræðilegustu glæpirnir eru oftar en ekki framdir.
**22.50 Sex and the City**

**23.20** Jay Leno **0.05** Survivor: Panama (e) **1.00** Cheers (e) **1.25** Fasteignasjónvarpið (e) **1.35** Óstöðvandi tónlist

### SÝN

*besta sætið*

**18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30 UEFA Champions League**
**19.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs** (Meistaradeildin – upphitun)
▶ **19.30 UEFA Champions League** (Real Madrid – Arsenal) Enginn smá stórleikur í Meistaradeildinni þar sem tvö af sókndjarfari liðunum mætast í leik sem hlýtur að verða uppfullur af fjöri. Þarna mætir Thierry Henry með Arsenal-liðið á Bernabeau en hann hefur verið orðaður við Real Madrid.
**21.35 Meistaradeildin með Guðna Bergs** (Meistaramörk 2)
**22.05 UEFA Champions League** (Bayern München – AC Milan) Það má búast við mikilli baráttu á Allianz Arenaleikvanginum.

**23.55** UEFA Champions League **1.45** Meistaradeildin með Guðna Bergs

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** The Pilot's Wife (Bönnuð börnum) **8.00** 50 First Dates **10.00** Miss Lettie and Me **12.00** Daddy Day Care **14.00** 50 First Dates **16.00** Miss Lettie and Me **18.00** Daddy Day Care **20.00 The Pilot's Wife** (Kona flugmannsins) Kathryn Lyons er í uppnámi. Hún er nýbúin að fá þær fréttir að eiginmaður hennar hafi látist. Bönnuð börnum. **22.00 To Kill a King** (Kóngamorð) Sögusviðið er England á 17. öld. Bönnuð börnum. **0.00** Cheats (Bönnuð börnum) **2.00** Highway (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** To Kill a King (Bönnuð börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! Entertainment Specials **13.00** E! News **13.30** Fashion Police **14.00** Live from the Red Carpet **16.00** Live from the Red Carpet **18.00** E! Entertainment Specials **19.00** E! News **19.30** Girls of the Playboy Mansion **20.00** E! Entertainment Specials **21.00** 101 Sensational Crimes of Fashion! **22.00** Girls of the Playboy Mansion **22.30** Girls of the Playboy Mansion **23.00** Live from the Red Carpet **1.00** Celebrity Soup **1.30** Wild On Tara **2.00** E! Entertainment Specials

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**19.30 Upphitun (e)**
**20.00 Middlesbrough – Chelsea frá 11.02** Leikur sem fór fram laugardaginn 11. febrúar sl.
**22.00 Blackburn – Sunderland frá 15.02** Leikur sem fór fram miðvikudaginn 15. febrúar.
**0.00** Dagskrárlok


RENAULT

Vönduð frönsk hönnun
Einstök þægindi
Fallegir litir
5 stjörnu NCAP öryggi
Einstaklega sparneytinn
Hlaðinn staðalbúnaði
3 ára ábyrgð

Þú eignast hann fyrir
kr. 1.930.000
Bílasamningur / Bílalán
kr. 20.426 á mánuði*

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

Með allskonar fínerí sem hinir hafa ekki



Renault Megane II Sport Tourer, 5 dyra, 1600 / 16V, 115 hestöfl, beinskiptur.
Aukahlutir á mynd: Dynamic útfærsla, vindkljúfasett.

VERTU Á ÖRUGGASTA BÍLNUM
Alls hafa átta bílar frá Renault fengið 5 stjörnur eða hæstu einkunn í öryggisprófunum Euro NCAP, sem er meira en tvöfalt betri árangur en hjá öðrum bílaframleiðendum.
Bílasamningur miðast við 70% lánshlutfall í 84 mánuði.

EURO NCAP MEGANE ★★★★★

Með bílinn handa þér

# VIÐ MÆLUM MEÐ...

My Life in Film — Stöð 2, kl. **22.20**

## *Nýir breskir gamanmyndaþættir*

***Breskur húmor stendur alltaf fyrir sínu.***



Nýir breskir gamanþættir um tvo lánlausa kvikmyndagerðarmenn sem sannfærðir eru um að þeir séu bjartasta von breskrar kvikmyndalistarinnar; hinir bresku Coen-bræður. Vandinn er bara sá að þeim hefur aldrei tekist að gera heila bíómynd og komast ekki nærri kvikmyndabransanum en svo að vinna við að rífa aðgöngumiða á myndir eftir aðra. En það breytir því ekki að þeir eru að springa af sköpunarkrafti og „góðum hugmyndum“ sem endurspeglast í því að líf þeirra virkar sem senur úr nokkur af meistaraverkum bíósögunnar á borð við Rear Window, The Shining, Top Gun og Shallow Grave. Með aðalhlutverkið í þáttunum fer einn vinsælasti leikari Breta um þessar mundir; Kris Marshall, sem lék m.a. í myndinni Love Actually og sakamálaþáttunum Murder City.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**6.58** Ísland í bítið. Samsent með Stöð 2 **9.10** Allt og sumt

**12.25** Fréttaviðtalið. **13.05** Bílaþátturinn e. **14.10** Hrafnaþing **15.10** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson.

**18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag **19.30** Allt og sumt e. **21.30** Á kassanum e. **22.00** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar e.

**0.00** Hrafnaþing Ingva Hrafns e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **7.05** Morgunvaktin **9.03** Laufskálinn **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Sáðmenn söngvanna **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp

**13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Hve glöð er vor æska **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30**

Laufskálinn **20.05** Kvöldtónar **20.40** Heinrich Heine – blíða og berserksgangur **21.25** Er ofbeldi fyndið? **22.15** Lestur Passíusálma **22.21** Lóðrétt eða lárétt **23.10** Til allra átta **0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Ungmennafélagið **20.30** Konsert **22.00** Fréttir **22.10** Rokkland

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík síðdegis. **7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsdóttir **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **14.00** Kjartan Gunnar Kjartansson

**15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir

**23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson 5.00 Arnþrúður Karlsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



**21.10** *Fréttir*

48 HOURS

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið – fréttaviðtal. **13.00** Íþróttir/lífsstíll **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi **18.00** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir/veður

**19.45** **Brot úr dagskrá**
**20.00** **Fréttir**
**20.10** **Kompás (e)** Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar.
**21.00** **Fréttir**
**21.10** **48 Hours** (48 stundir)(48 Hours 2005-2006)Bandarískur fréttaskýringaþáttur.
**22.00** **Fréttir** Fréttir og veður
**22.30** **Hrafnaþing/Miklabraut** Hrafnaþing er í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar og Miklabraut í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.

**23.15** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir/veður **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi **6.15** Hrafnaþing/Miklabraut

## ERLENDAR STÖÐVAR

**EUROSPORT**

**12.55** Nordic Combined Skiing: Winter Olympic Games Torino Italy **13.40** Olympic Games: Olympic News Flash **13.45** Curling: Winter Olympic Games Torino Italy **16.00** Speed Skating: Winter Olympic Games Torino Italy **16.30** All Sports: Daring Girls **16.45** Speed Skating: Winter Olympic Games Torino Italy **17.25** Olympic Games: Olympic News Flash **17.30** Bobsleigh: Winter Olympic Games Torino Italy **18.00** Bobsleigh: Winter Olympic Games Torino Italy **18.30** Figure Skating: Winter Olympic Games Torino Italy **22.30** Olympic Games: Olympic Extra **23.30** All Sports: Daring Girls **23.45** Olympic Games: Mission to Torino (m2t) **0.00** Ice Hockey: Winter Olympic Games Torino Italy **0.45** Biathlon: Winter Olympic Games Torino Italy **1.30** Nordic Combined Skiing: Winter Olympic Games Torino Italy **2.00** Nordic Combined Skiing: Winter Olympic Games Torino Italy

**BBC PRIME**

**12.00** The Brittas Empire **12.30** Last of the Summer Wine **13.00** Down to Earth **14.00** Balamory **14.20** Teletubbies **14.45** Tweenies **15.05** Binka **15.15** Fimbles **15.35** Jeopardy **16.00** Changing Rooms **16.30** Bargain Hunt **17.15** The Weakest Link **18.00** Doctors **18.30** EastEnders **19.00** Ray Mears' Extreme Survival **20.00** Boss Women **20.40** Days that Shook the World **21.30** The Vicar of Dibley **22.00** The Human Mind **23.00** Holby City **0.00** In Search of the Brontes **1.00** Great Romances of the 20th Century **1.30** Great Romances of the 20th Century **2.00** World in a Box

**ANIMAL PLANET**

**12.00** Amazing Animal Videos **12.30** Monkey Business **13.00** RSPCA – Have You Got What it Takes? **13.30** Wildlife SOS **14.00** Equator **15.00** Miami Animal Police **16.00** Pet Rescue **16.30** Wildlife SOS **17.00** Amazing Animal Videos **17.30** The Planet's Funniest Animals **18.00** Meerkat Manor **18.30** Monkey Business **19.00** Wild South America **20.00** Maneaters **20.30** Predator's Prey **21.00** Animal Cops Houston **22.00** Animal Precinct **22.30** Monkey Business **23.00** Emergency Vets **23.30** Hi-Tech Vets **0.00** Pet Rescue **0.30** Wildlife SOS **1.00** Maneaters **1.30** Predator's Prey **2.00** Wild South America

**DISCOVERY**

**12.00** American Chopper **13.00** Rides **14.00** Building the Ultimate **14.30** Building the Ultimate **15.00** Extreme Machines **16.00** Junkyard Wars **17.00** Ultimate Cars **17.30** Ultimate Cars **18.00** American Chopper **19.00** Mythbusters **20.00** Mean Machines **20.30** Mean Machines **21.00** Deadliest Catch **22.00** Brainiac **23.00** Mythbusters **0.00** Forensic Detectives **1.00** FBI Files **2.00** 21st Century War Machines

**VH1**

**12.00** So 80s **12.30** VH1 Hits **16.00** So 80s **17.00** VH1's Viewers Jukebox **18.00** Smells Like the 90's **19.00** VH1 Classic **19.30** Then & Now **20.00** VH1 All Access **21.00** The Osbournes **21.30** Battle for Ozzfest **22.00** VH1 Rocks **22.30** Flipside **23.00** Top 5 **23.30** Fabulous Life of **0.00** VH1 Hits






## HRÓSIÐ

*...fá Lúðvík og félagar úr Rottweilerhundunum fyrir hugmyndina að nýjum sjónvarpsþætti á Sirkus þar sem hiphop verður í forgrunni.*

## FJÓRIR SPURÐIR SEXTÁN LIÐA ÚRSLIT MEISTARADEILDAR EVRÓPU HEFJAST Í KVÖLD

# *Fylgistu með Meistaradeildinni?*



**Ekki mikið**
Nei, ekki geri ég það nú mikið. Þarf maður ekki að hafa Sýn til þess? Ég kíki kannski á þetta af og til en fylgist ekki beinlínis með.

*Bragi Skúlason, Baggalútsmaður.*



**Held með Eiði Smára**
Já, ekki alveg hundrað prósent kannski en ég kíki á þetta af og til. Ég held eiginlega bara með Eiði Smára en samt ekkert brjálað með Chelsea. Mér finnst samt alltaf gaman að horfa á góðan fótbolta.

*Kristín Ýr Bjarnadóttir, söngkona í Snooze.*



**Ögurstund hjá Arsenal**
Ég hef fylgst annað slagið með í gegnum tíðina en hef ekki verið voða duglegur í ár. Ég ætla samt að reyna að fylgjast með mínum mönnum í Arsenal, það er ögurstund má segja. Þetta er búin að vera mögur tíð síðustu vikurnar og ég er frekar vondaufur um að þeir klári þessa keppni. Juventus, AC Milan og Barcelona hljóta að teljast líklegust til þess.

*Stefán Hilmarsson, söngvari Sálarinnar hans Jóns míns.*



**Aðdáandi Manchester United**
Ég hef eiginlega ekkert gert það núna. Ég fylgist aðeins með þegar það eru heimsmeistaramót en ég er ekki mikið fyrir Meistaradeildina. Ég fæ samt reglulega fréttir um Manchester United og Liverpool hjá fjölskyldunni. Ég fór að verða aðdáandi Manchester United bara til að bögga fjölskyldumeðlimi sem eru miklir Liverpool-aðdáendur en það nær nú ekki dýpra en það.

*Lovísa Ósk Gunnarsdóttir leikkona*



**LÁRÉTT**
2 suma 6 tveir eins 8 stykki 9 ástæður 11 samtök 12 ráðagerð 14 fíflagangur 16 bor 17 mas 18 æðri vera 20 guð 21 nabbi.

**LÓÐRÉTT**
1 dreifa 3 fyrirtæki 4 stappar 5 keyra 7 inniskór 10 bergtegund 13 þrep í stiga 15 áætlun 16 temja 19 tveir eins.

**LAUSN**

LÁRÉTT: 2 ýmsa, 6 tt, 8 stk, 9 rök, 11 aa, 12 áform, 14 flipp, 16 al, 17 mal, 18 guð, 20 ra, 21 arða. LÓÐRÉTT: 1 strá, 3 ms, 4 stampar, 5 aka, 7 töfflur, 10 kol, 13 rim, 15 plan, 16 aga, 19 öð.

**[ VEISTU SVARIÐ ]**

Svör við spurningum á síðu 8

1. Eyþór Arnalds.
2. Gyanendra.
3. Michael Lockwood.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



SIGURÐUR PÁLMASON Sonur Pálma Gunnarssonar er að undirbúa sína fyrstu plötu. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## SIGURÐUR PÁLMASON: FETAR Í FÓTSPOR FÖÐURINS

# Ætlaði aldrei í bransann

Sigurður Pálmason, sonur söngvarans landsfræga Pálma Gunnarssonar, hefur nýlokið upptökum á myndbandi við lag sitt Dreamer in the Morning sem hefur verið spilað töluvert í útvarpinu að undanförnu.

Myndbandið var tekið að mestu upp í Landmannalaugum og fjallar um hermann, eins og þá sem komu við sögu í Star Wars-myndunum, sem er sendur til Íslands í kassa. „Fólk á eftir að vera svolítið hissa þegar það sér þetta myndband. Ég pantaði „stormtrooper"-búning frá Bandaríkjunum sem þurfti að sníða á mig. Fólk stoppaði mikið þegar við vorum að taka upp myndbandið og við þurftum að fela okkur því það hafði svo mikil áhrif á tökurnar," segir Sigurður, sem hefur verið mikill Star Wars-aðdáandi frá unga aldri.

Sigurður, sem er 31 árs, er að undirbúa sína fyrstu plötu og segir að verkefnið hafi verið lengi að komast í gang. „Ég ætlaði aldrei að fara út í þennan bransa. Ég var alinn upp við þetta en fannst ballbransinn aldrei neitt spennandi. Ég hef verið að semja síðan ég var polli, þrettán til fjórtán ára, en var hálfpartinn ýtt út í þetta. Ég sló til og það eru allir í fjölskyldunni hrifnir af lögunum. Það er líka frábært hvað nýja lagið hefur fengið mikla spilun," segir Sigurður.

Hann segist hafa tekið upp stanslaust síðastliðin tíu ár með vini sínum Hlyni Jakobssyni. Eftir að hafa geymt lögin ofan í skúffu í gegnum árin segist Sigurður loksins vera tilbúinn að stíga fram í sviðsljósið.

Að sjálfsögðu fékk hann föður sinn til að aðstoða sig, enda þaulvanur úr bransanum. Pálmi spilaði á bassa í nýja laginu og ætlar jafnframt að hjálpa Sigurði að koma ferlinum af stað. „Hann hefur ofboðslega mikla trú á mér en það var samt aldrei pressa frá fjölskyldunni um að ég gæfi út. Ég ólst upp við Nat King Cole og Frank Sinatra á meðan vinirnir voru að hlusta á Duran Duran og Wham. Allir horfðu á mann sem þennan nörd," segir Sigurður og hlær.

Pálmi vonar að þetta nýja lag Sigurðar sé byrjunin á skemmtilegum ferli. „Ég er voðalega hress með að hann sé að gera þetta svona. Hann fer þessa leið mjög skemmtilega finnst mér," segir Pálmi. „Hann er góður lagasmiður og fínn söngvari og ég hvet hann áfram í því sem hann er að gera," segir hann og er greinilega afar stoltur af hinum bráðefnilega syni sínum.

freyr@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Leiðtogi framsóknarmanna í Reykjavík, Björn Ingi Hrafnsson, hefur ekki átt sjö dagana sæla að undanförnu en á heimasíðu sinni síðastliðinn fimmtudag sagðist hann vera veikur. Á föstudag ágerðist „flensan" enn frekar og að lokum var Björn Ingi lagður inn á Landspítalann í Fossvogi þar sem hann greindist með lungnabólgu og neyddist því framsjóðandinn til að eyða Eurovision-helginni með læknum og hjúkrunarfólki. Þótt Björn hafi ekki getað notið þess að vera í partíi eða heima fyrir á meðan Silvía Nótt söng sig inn í hugi og hjörtu landsmanna finnst Birni það eflaust enn súrara að geta ekki farið með forsætisráðherranum til Bretlands. Þar er nefnilega ráðgert að hitta sjálfan Tony Blair og fara síðan á leik Chelsea og Barcelona í Meistaradeildinni. Björn Ingi verður því að bíta í það súra epli að láta sér nægja að horfa á úr fjarlægð heima á Fróni.



Úrslit Eurovision-keppninnar á laugardaginn voru afdráttarlaus en eins og flestum ætti að vera kunnugt vann Silvía Nótt hana með miklum yfirburðum. Það var reyndar nokkuð sem var fyrir fram gefið að mati flestra spekinga en slakt gengi Birgittu Haukdal kom flestum á óvart. Söngkonan hefur átt ótrúlegu fylgi að fagna undanfarin ár og talaði DV meðal annars um einvígi aldarinnar. Birgittu virðist þó eitthvað vera að fatast flugið því hún hafnaði ekki einu sinni meðal þriggja efstu og höfðu meðal annars „smástirnin" Friðrik Ómar og Regína Ósk betur gegn þessu ókrýnda óskabarni þjóðarinnar. Það virðist því sem svo að íslenska þjóðin hafi fengið nóg í bili af góðu drottningunni sem er annáluð fyrir hógværð og góðmennsku og kýs í staðinn tilbúna persónu sem stendur fyrir allt sem Birgitta Haukdal er ekki. Kannski hefur þjóðarsálin tekið stökkbreytingum á þeim þremur árum sem liðin eru síðan Birgitta var kosin með miklum yfirburðum?






# Allir eiga sinn uppáhaldslit

Esther Ír Steinarsdóttir sýnir ljósmyndina Ástu í versluninni Aurum í Bankastræti til þriðja mars.

Myndin, sem er af vinkonu hennar, Ástu, er hluti af myndaröðinni Vinir þar sem Esther Ír sýnir vini sína við uppáhaldsiðju sína og í sínum uppáhaldslitum.

„Ég vann verkefni fyrir nokkrum árum tengt litum í myndum. Þetta voru einlitar myndir þar sem ég var að spá í orkustöðvar og ýmislegt í því samhengi," segir Esther er hún er spurð hvernig hún fékk hugmyndina að verkinu. „Það virðast allir eiga sinn uppáhaldslit og ég set inn í þetta það sem manneskjan gerir. Flestir tilheyra einhverri starfsstétt eða telja sig vera eitthvað ákveðið," segir hún.

Esther útskrifaðist sem vöruhönnuður frá Listaháskóla Íslands vorið 2005 og hefur síðan þá unnið sem ljósmyndari á Blaðinu.

Esther hefur aðeins lokið við þessa einu mynd í nýju myndaröðinni. Segir hún að eftirvinnslan sé mikil við hverja mynd auk þess sem erfitt sé að finna einlitt umhverfi. „Ég ætla að reyna að klára þetta en ég veit ekki hvað þær verða margar. Vonandi getur maður sýnt þetta í heild þegar þetta er allt komið," bætir hún við.



ÁSTA Verkið Ásta eftir Esther Ír er til sýnis í versluninni Aurum. MYND/ESTHER ÍR

- fb

# Þarft þú að láta prenta?



Kynningargögn | Bréfsefni | Umslög

Reikningar | Greiðsluseðlar | Nafnspjöld

## jafnvel samdægurs!



www.samskipti.is

## persónuleg prentþjónusta

Erum líka með fjölbreyttar kynningar-lausnir

Auðvelt að skipta út myndrenningum

**BannerUp myndrenningastandur**
Fáanlegur í 4 breiddum: 88, 100, 120 og 150 cm




verð frá kr. 29.900 +24,5% vsk.

**Banner Display**



kr. 14.900 +24,5% vsk.

**MultiMaster kynningarstandur**
Tekur plaggöt frá 1m til 3m




kr. 14.900 +24,5% vsk.

Getur orðið allt að 3m á hæð

**Smellurammar**
Stærðir frá A4 í 84,1 x 118,9 cm



Auðvelt að skipta út myndefni

verð frá kr. 2.490 +24,5% vsk.

**Útiskilti á gormum**
Til í ýmsum stærðum



Létt og meðfærilegt

verð frá kr. 19.900 +24,5% vsk.

**Útiskilti**
Fyllt með sandi eða vatni
Til í ýmsum stærðum



Þolir mikinn vind

verð frá kr. 24.900 +24,5% vsk.

**Inniskilti**
Til í ýmsum stærðum



Hægt að fella saman

verð frá kr. 9.900 +24,5% vsk.

upplýsingar í síma 580 7820

| | | | |
|---|---|---|---|
| Síðumúli 4 | 580 7800 | Hæðasmári 4 | 580 7880 |
| Hverfisgata 33 | 580 7860 | Smiðjuvegur 1 | 580 7870 |

SAMSKIPTI
prentlausnir fyrir skapandi fólk

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000




## BAKÞANKAR


KRISTÍNAR HELGU GUNNARSDÓTTUR


# Einfaldleikinn

Viðskiptaráð sendi frá sér barnslega fögur boðorð á dögunum sem það kallaði að marka leið. Eitt þeirra hljóðaði svo: Gerum Ísland einfaldara - svo mörg voru þau orð. Mikið væri nú ánægjulegt að búa í einfaldasta landi heims. Lifa þá allir á landsins gæðum og taka upp vöruskipti? Eða eigum við að einbeita okkur að einföldum hugsunum, standa í einföldum röðum og gera öll alltaf það sama? Vitringar Viðskiptaráðs hittu þó naglann á höfuðið í miðju hagvaxtartrúboðinu. Einfalt líf er óneitanlega eftirsóknarverðara en flókið líf.

**STUNDUM** þarf maður að fara í afvötnun eftir erfiða fréttaviku - loka fyrir ljósvakann og fara með ólesna blaðahrúguna í Sorpu. Þriggja daga meðferð getur verið nauðsynleg. Mannskepnan er til dæmis lamin reglulega í hausinn með dómsdegi. Skemmst er að minnast tvöþúsund-vandans þegar jarðarbúar héldu niðri í sér andanum um aldamót af ótta við tölvuhrun, flugslysaöldu og óvæntar eldflaugaárásir. Mikið vorum við hissa þegar nýársdagur leið nokkuð áfallalaust það árið. Eyðni og ebóla áttu um tíma að þurrka heimsbúa af yfirborði jarðar og faraldur morðóðra býflugna er enn ekki búinn að eyða byggð vestur í Bandaríkjunum þrátt fyrir reglubundinn fréttaflutning.

**NÚ** ógnar fuglaflensa. Við sjáum dauða svani til marks um að hún þokast nær. Landinn virðist rólegur en veltir því þó fyrir sér hvernig sumarið verði. Fær maður hroll þegar vorboðinn ljúfi syngur dirrindí? Virkar svanasöngur á heiði eins og vein í vampírum? Fer maður niður að Tjörn til að gefa dönskum svönum? Hér eftir verða þeir auðvitað bara danskir og breskir - þessir svanir. Eru hryllingsfuglarnir á leiðinni eins og í Hitchcock-mynd? Ef til vill er þó þarna komið nýtt hlutverk fyrir setuliðið á Miðnesheiði - að sitja sem fastast og skjóta farfugla.

**SÖGUPERSÓNA** vann Júróvisjón um helgina. Raunveruleikhúsið slær í gegn. Bretar senda kannski Mr. Bean og Austurríkismenn von Trapp fjölskylduna. Okkar týpa er verðugur fulltrúi og endurspeglar þjóðarsálina í raun á afar djúpstæðan hátt. Gæti júróvisjónfarinn komist á þing? Sem Íslandsmeistari í atkvæðafjölda væri hún að minnsta kosti hvalreki fyrir Framsóknarflokkinn. Það er einfalt reikningsdæmi. ■


HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

MITSUBISHI MOTORS

Hörkuverð
3.250.000 kr.

Sjálfskiptur með 3 lítra 177 hestafla V6 bensínvél eða beinskiptur með 2,5 lítra dísilvél.




33.589 kr. á mánuði*

Staðalbúnaður í Pajero Sport:

- Hátt og lágt drif
- Álfelgur
- Vindskeið
- Stigbretti
- Skyggðar rúður
- ABS hemlalæsivörn

Pajero Sport er fullvaxinn alvörujeppi á verði sem á sér ekki hliðstæðu meðal sambærilegra bíla. Hann er búinn öllum þeim eiginleikum sem hafa skipað Mitsubishi í fremstu röð jeppaframleiðenda.

Pajero Sport er einnig fáanlegur í lúxusútgáfu (President) með glæsilegri leðurinnréttingu, sóllúgu, hita í framrúðu o.fl.

*Miðað við 30% útborgun og gengistryggðan bílasamning SP til 84 mánaða.

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666 · HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000 www.hekla.is, hekla@hekla.is
HEKLA®




4,35% VEXTIR

FRJÁLS ÍBÚÐALÁN
Okkar markmið er að veita framúrskarandi þjónustu á sanngjörnum kjörum. Komdu til okkar í **Lágmúla 6**, hringdu í **540 5000** eða sendu okkur póst á **frjalsi@frjalsi.is**. Við viljum að heima sé best!

FRJÁLSI
FJÁRFESTINGARBANKINN